




Berst fyrir eiginmann í ólgu COVID-19




DRÖM



ÖSKUBUSKUSAGA DAGBJARTAR

■ Féll fyrir bandarískum hermanni í leyniþjónustunni
■ Fékk bónorð í SMS ■ Vann sig upp hjá virtum verslanarisa



„Að nota orðið pabbi reyndist mér erfitt“

■ Síggi Sigurjóns missti föður sinn ungur
■ Olst upp við fjárhagslegt basl
■ Yndisleg móðir reyndist honum vel

PROLAN PROTECTIVE LANGKUN

Bílaryðvörn
Sími 861 7237

Opnunartilboð!
Fyrstu 50 fá bílaryðvörn á 86.000 kr.

Hjá Smára Hólm




Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is





Fleyg orð

„Fólk getur gleymt því sem þú segir, en það gleymir því seint hvernig þú lætur því líða.“

– Maya Angelou

Á þessum degi, 6. mars



1619 – Franski skylmingamaðurinn og leikskáldið Cyrano de Bergerac fæddist.



1853 – Óperan La Traviata eftir Giuseppe Verdi var frumsýnd í Vínarborg.



1957 – Vestur-Afríkurlíkið Gana lýsti yfir sjálfstæði frá Bretlandi.



1989 – Frjálsíþróttafélag ÍBV var stofnað í Vestmannaeyjum.



1996 – Íslenska tímaritið Séð og heyrt kom út í fyrsta sinn.

Veiran setur veisluhald úr skorðum

■ Þessi fyrirtæki fóru að ráðum Landlæknis ■ Ekkert skráll hjá Samorku

Fari svo að COVID-19 smit fari að berast manna á milli hér á landi kemur til greina, samkvæmt Landlækni, að grípa til víðtækari ráðstafana á borð við samkomubann. Tilfellum hefur farið ört fjölgandi og hafa ýmis fyrirtæki og stofnanir tekið sjálf af skarið með því að aflýsa stórum samkomum.

Árshátíðir fyrirtækja eru gjarnan algengar í kringum þennan tíma og hafa margir, íslenskir vinnustaðir hætt við sínar samkomur eða frestað þeim fram að hausti. Eftirfarandi fyrirtæki eru þeirra á meðal þeirra sem hafa nú afbókað sína sali.



Össur

Stoðtækjaframleiðslufyrirtækið Össur frestaði sinni árshátíð fram á haust og fyrirtækið gaf út tilkynningu þar að lútandi það þótti skynsamlegt því starfsmenn fyrirtækisins ferðast til útlanda vegna vinnu sinnar. „Starfsfólk hefur sýnt þessu skilning en fyrirtækið starfar á heilbrigðisviði og innan þess geira hefur að undanförmu verið gripið til aukinna varúðarráðstafana vegna kórónaveirunnar,“ segir í tilkynningunni.



Pósturinn

Árshátíð Póstsins, sem fara átti fram 21. mars, var einnig frestað í ótilgreindan tíma. Forstjóri Íslandspósts hefur fullyrt að enginn starfsmaður sé þar sýktur en óskynsamlegt væri að stefna fólki alls staðar að af landinu saman í sal, sem gæti aukið líkur á útbreiðslu.



Samorka

Í tilkynningu frá Samorku segir að í ljósi þess að hættustigi almannavarna hafi verið lýst yfir vegna veirunnar hafi verið ákveðið að skjóta fyrrnefndum ársfundi á frest. Þar að auki verði sýningu á vegum fyrirtækisins í Laugardalshöll á hreinorkufarartækjum og lausnum tengdum orkuskiptum einnig frestað, en til hafði staðið að hún færi fram samhliða ársfundinum, dagana 12.–15. mars. Sýningin hefur verið færð til októbermánaðar.

Önnur fyrirtæki sem hafa slegið sínum viðburðum á frest vegna COVID-19



Verk og Vit



Byko



Samskip



Læknafélag Íslands



Orka Náttúrunnar

Lengri og ítarlegri úttekt á fyrirtækjum verður að finna á DV.is um helgina.

5 mannskæðustu faraldrarnir

Spænska veikin

Spænska veikin var influensufaraldur, mannskæðasta farsótt sem heimildir herma. Hún gekk yfir á árunum 1918 til 1919 og dró allt að hundrað milljónir manns til dauða, þar af tæplega fimm hundruð á Íslandi. Um var að ræða veirustofninn H1N1 innan influensu af A-stofni.



HIV-veiran

Eyðni eða alnæmi greindist fyrst árið 1981 í Bandaríkjunum, þótt sjúkdómurinn eigi rætur að rekja lengra aftur. Í framhaldinu geisaði alnæmisfaraldur og hafa um þrjátíu milljónir manna dáði vegna smits af HIV-veirunni til dagsins í dag.



Svartidaudi

Svartidaudi gekk yfir Evrópu á árunum 1331 til 1353. Svartidaudi var oft kallaður pest eða plága og þurrkaði út á bilinu tuttugu til sextíu prósent íbúa í Evrópu, 20 til 200 milljónir manns.




Jústínía-plágan

Jústínía-plágan geisaði í austrómverska keisardæminu á árunum 541 og 542 og olli sama bakterían plágunni og olli svartadauda mörgum öldum síðar. Sumir sagnfræðingar telja þessa plágu þá mannskæðustu og að 25 til 50 milljónir manns hafi látið lífið, 13 til 26 prósent íbúa heimsins. Aðrir segja þessar tölur ýktar.

Stóra drepsóttin

Dularfulli sjúkdómurinn „cocoliztli“ dró allt að 17 milljónir íbúa þess landsvæðis sem í dag heitir Mexíkó til dauða á árunum 1545 til 1548 og 1576. Um var að ræða sjúkdóm sem einkenndist af háum hita og blæðingum. Allt að 80 prósent íbúa landsvæðisins þurrkuðust út í faraldrinum.





Við erum meira virði!

Við önnumst börn og eldri borgara svo að aðrir geti stundað vinnu sína utan heimilis. Við leggjum metnað okkar í að búa vel að þessum hópum þrátt fyrir erfiðar vinnu- aðstæður og sívaxandi álag. Engu að síður berum við minna úr býtum en nokkur annar hópur vinnandi fólks. Þegar við förum fram á leiðréttingu erum við ekki virtar viðlits. Erum við ekki meira virði?

Leiðréttum vanmetin kvennastörf - strax!

Samninganefnd Eflingar við Reykjavíkurborg



Hver er hann?



■ Hann er fæddur 6. mars árið 1961.

■ Hann er víða þekktur fyrir ritverk, ljóð og blaðamannastörf.

■ Hann var ritstjórnarfulltrúi á Helgarpóstinum á árunum 1983–1985.

■ Hann var alþingismaður Norðausturkjördæmis á árunum 2009–2013 fyrir Samfylkinguna.

■ Hann hefur meðal annars setið í fjárlaganefnd, heilbrigðisnefnd, samgöngunefnd og utanríkis-málanefnd.

SVAR: SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Það er staðreynd að...



Orðið PEZ á uppruna sinn að rekja til þýska orðsins „Pfefferminz“, sem þýðir piparmynta.



Sniglar geta sofíð í allt að þrjú ár í senn.



Háhælaskór voru upphaflega ætlaðir karlmönnum.



Talið er að yfir sjö þúsund eyjar séu á Karíbahafinu.



Ótti við flautur er viðurkennt fyrirbæri og kallast „Aulophobia“.

Fönkið víkur fyrir sjúkrabeði

Ólafur lenti í skíðaslysi í fjölskylduferð

Liggur á spítala og missir af sínum eigin viðburði

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Já, það gæti verið að ég sé óheppnasti maður landsins veturinn 2019 til 2020,“ segir Ólafur Örn Ólafsson, vínþjónn og sjónvarpsstjarna, er blaðamaður nær sambandi við hann. Ólafur liggur nú á sjúkrahúsinu á Akureyri eftir örlagaríka skíðaferð með fjölskyldunni í byrjun mánaðarins.

„Það endaði ekki betur en svo að ég lenti í skíðaslysi og fór með sjúkrabíl úr brekkunni rakleiðis á sjúkrahúsið á Akureyri,“ skrifar Ólafur á Facebook-síðu sína. Hann braut sköflungsbeinið alveg upp við hnjálið og bíður nú eftir því að hægt verði að laga brotið. „Þangað til ligg ég hér á Akureyri þar sem er stjánað við mig af starfsfólkinu.“

Leitin að plötusnúð

Ólafur gerir lítið úr biðinni og brotinu í samtali við blaðamann og virðist fara vel um hann í kyrrðinni fyrir norðan. Einn hængur er þó á þessu óvænta óhappi – hann missir af viðburði, „einstökum viðburði í sögu þjóðar,“ eins og hann sjálfur kemst að orði, sem hann skipulagði á vegum Vínstúkunnar tíu sopar í félagi við tónlistarmanninn Samuel Jón Samúelsson. Um er að ræða hátíðina Food & FÖNK sem haldin er í fyrsta sinn hér á landi í kvöld, föstudagskvöldið 6. mars, og dregur nafn sitt af Food and Fun, hátíð sem hefur verið haldin á Íslandi í tæpa tvo áratugi.

„Matarhlutinn er í höndum hinnar stórkostlegu Fanneymar Dóru sem vann vann til bronsverðlauna með kokkalandslíðinu fyrir skömmu og ætla hún að gera alvöru soul food, New Orleans Gumbó með rækjum og pylsum. Húllumhæið hefst klukkan 8 um kvöldið og stendur langt fram eftir nóttu,“ segir Ólafur og hækkar svo róminn þegar hann er spurður út í fjarveru sína frá viðburði sem tók hann blóð, svita og tár að skipuleggja.



„Það er allt í lagi en það sem meira er er að DJ Sommelier, drykkfelldur, miðaldra, feitur karl sem spilar fönk, eitís og næntís dansmúsík, hann forfallast líka!“ segir hann og sýpur hveljur, en gefur sterkelega í skyn að DJ Sommelier sé hugsanlega aukasjálfi vínþjónsins. „Við leitum nú logandi ljósi að verðugum plötusnúð til að hlaupa á skarðið fyrir DJ Sommelier.“ Ekki var búið að finna verðugan plötusnúð þegar blaðið fór í prent.

Með í anda

Ólafur vonar að sem flestir hristi sína skanka á meðan hann er rúmfastur. Hann ætla að snúa vörn í sókn og reyna að skapa fönkstemningu innan um hvíta spítalaveggina.

„Ég verð með í anda og blasta fönki í heyrnartólin á sjúkrabeðinum meðan á þessu stendur,“ segir vínþjónninn knái. ■



Úr skralli í sóttkví

Svarthöfði

Heimurinn eins og við þekkjum hann er umkringdur veirum, viðbjóði og pestum – þó að ekki séu allar smitandi. Einhverjir myndu jafnvel færa rök fyrir því að mannkynið sjálft sé veira á yfirborði jarðar en Svarthöfði er ekki alveg sjálfur kominn í þann stíl þúsaldarhippa. COVID-smít hefur þó í það minnsta fengið okkur undanfarið til að hugsa um annað en ófærð, verkföll og jarðskjálfta, en nú eru þrjú korter í að mörg samfélög fari alveg á hliðina. Við erum enn í marsmánuði! Hvað næst?

Svarthöfði hallast reyndar að orðunum „sælla er að gefa en þiggja“ þegar kemur að baktærium, þar sem í fyrri tilfellinu er alltaf smuga að maður hafi val varðandi þá séna sem viðkomandi tekur, til dæmis með ferðir út í búð, matarboð, árs hátíðir (eða ekki) eða svo mikið



sem snerta hurðarhúnninn á heimablokkinni.

Þarna hefði Svarthöfði átt að fylgja innsæinu, skynseminni og leyfa sóðasumblinu fyrir nokkrum helgum ekki að enda í eftirteiti í stofunni, með tveimur ítölskum ferðamönnum, skulum við segja í bráðsmitandi partí-stuði. Skemmst er að segja frá því að Höfðinn var fljótt orðinn grímu- og hömlulaus þegar rétta stuðlagið var komið í spilun að

frumkvæði ferðamannanna.

Purftu þá endilega að koma í ljós allar þessar fréttir af veirunni hérlandis og tilheyrandi tilskipunum um bann við samkvæmum og kossafleinsi. Þarna klikkaði Svarthöfði stórlega og hefði frekar átt að sitja heklendi undir huggulegum lampa með góða hljóðbók í gangi í stað þess að tapa sér of mikið í þessum Daðafögnum. Lagið hans hlýtur að hafa spilast í kringum fjórtán

sinnnum þetta kvöld. Þetta fékk mig til að hugsa um hina og þessa hluti.

Nú situr Svarthöfði í sóttkví, síhóstandi í þungu grímuna, með enga hljóðbók eða settið til að þrjóna með. Svarthöfði gengur alla daga í lokuðum galla, innilokaður í höll sinni, í baði fimm sinnum á dag og vanalega með hjálminn á kollinum, með nokkrum undantekningum. Það eru mannlegu mistökin sem oft verða okkur að tímabundnu falli. Við skulum í það minnsta reyna að forðast það að skapa ofsa ef einhver hnerrar framan í okkur. Sumir láta ekkert stoppa sig og gæla við mannlífið en aðrir taka enga áhættu.

Það er þó sama hvoru megin þú tjuðtar í kringum veirufaraldurinn og volæðið í kringum hann, þú endar í tímabundinni einangrun. Við stöndum þó öll vonandi saman í hvaða rússíbana sem við upplifum, skyldi svo verða. ■

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Ris og fall Heiðdísar

■ Umtalið eykst á veraldarvefnum um áhrifavaldinn frá Gardabæ ■ Sögð líkja pálmatrjúnum við fangelsisrimla ■ Ástarsamband endaði með sitthvorri kærinni

Heiðdís Rós Reynisdóttir, eða Heiðdís Rós Celebrity MUA eins og hún kallar sig, á fjölmarga aðdáendur hér á landi. Heiðdís er uppalin í Gardabænum og titlar sig sem áhrifavald, förðunarfræðing og hefur marga fjöruna sopið í sínum geira. Þúsundir Íslendinga hafa fylgst með lífi Heiðdísar á samfélagsmiðlum undanfarin ár en þar gefur hún fylgjendum sínum tækifæri til að fylgjast náið með lífi hennar.

Á eigin miðlum hefur Heiðdís lýst sér sem sterkri, sjálfstæðri og sjálfsöruggri konu en það hefur verið draumur hennar að búa í Los Angeles síðan hún var unglingur og horfði á þætti á borð við Melrose Place og Beverly Hills 90210.

Heiðdís var í ítarlegu viðtali við Morgunblaðið haustið 2018 og sagði að hún teldi sig vera viðskiptamanneskju sem færi reglulega á flotta viðburði því hún væri góð í því að kynna rétta fólkinu. Þvertók hún einnig fyrir að hún hygðist flytja aftur til Íslands því landið væri of lítið og hentaði ekki hennar framtíðaráformum. Hún stefnir á heimsfræð og langar til þess að halda fyrirlestra, kenna förðun og vera með förðunarlinu, halda sjálfsöryggisnámskeið og komast á Forbes-lista. Heiðdís stefnir líka á frama í kvikmyndaiðnaðinum auk velgengi í einkalífi. Í viðtali við Nútímann veturinn 2017 sagði Heiðdís eiga þann draum að verða næsta Kim Kardashian.

„Hún bað mig um að gefa sér 500 dollara“

Í gegnum árin hafa ýmsar sögur og alvarlegar ásakanir komist á kreik um Heiðdís, eitthvað sem óumdeilanlega fylgir lífi sérhvers áhrifavalds, en síðustu misseri hefur DV fengið ýmsar ábendingar um að förðunarfræðingurinn sé búsettur ólöglega erlendis og hafi verið það um árabil. Á Twitter, Reddit og ýmsum öðrum spjallveitum hafa komið upp spurningar um líferni áhrifavaldsins.

Þess ber þó að geta að á ýmsum erlendum síðum má finna fjölda ummæla þar sem Heiðdís er sögð vera fylgdarkona, að tekjumódel hennar og rándýr lífsstíll sé ekki tilkominn vegna förðunarhæfileika hennar, eins og hún gefur sjálf upp í myndskaiðum á samfélagsmiðlum sínum. Á bandaríska slúðurvefnum The Dirty er minnst á Heiðdís, en vefurinn sérhæfir sig í að birta sögur af áhrifavöldum og umtali – eða „skít“ – um þá. Þar er birt færsla frá desember árið 2014 í nafni Niks Richie, eiganda síðunnar, en í færslunni er Heiðdís sagð til syndanna. „Hún gefur Íslandi slæmt orð,“ segir í fyrirsögn greinarinnar.


Richie er þekktur á veraldarvefnum í sínum geira og að sama skapi umdeildur, en hann rekur í dag auglýsingastofuna Relic Agency í Kaliforníu. Í greininni um Heiðdís birtir Richie ummæli frá nafnlausum heimildarmanni, sem segir áhrifavaldinn hafa slæmt orðspor og er fullt þar að hún sé ólöglega búsett í Bandaríkjunum. Í greininni er rífuð upp reynslusaga af kynnum heimildarmannsins af Heiðdís.

„Ég átti spjall við funheita stúlku frá Þýskalandi og spurði hvort vinkonur hennar gætu komið að borðinu til okkar. Þá birtist þessi [Heiðdís] og lét eins og hún væri sú flottasta í húsinu. Hún krafðist þess að ég keypti handa henni kampavín og hótadi að fara ella. Við þessu sagði ég að hún mætti endilega láta sig hverfa, hún léti einfaldlega hinar stelpurnar líta illa út.“

Í athugasemdapræði við færsluna tekur nafnlaus notandi undir fullyrðinguna og



„Mig langaði að sjá hvað það er sem vekur athygli á samfélagsmiðlum,“ skrifadi Heiðdís við þessa myndbirtingu á Instagram, en markmið hennar var að sýna „hversu grunnhyggni flestir eru í samfélaginu.“



kvöld.



Ellen Hilda @ellensigurdar

Langar bara að vita tvennt.

1. Hvernig er Heiðdís rós celeb mua buin að vera með leyfi í USA í svona mörg ár
2. Hvernig á hun efni á þessu?

8 9:32 PM - May 15, 2017



Hún gefur Íslandi slæmt orð

sagði sína hlið að málinu.

„Ég var yfir mig ástfanginn af Heiðdís áður en ég sá hvernig hún var í raun og hvernig hún sá mig sem fylgihlut og peningavél, enda eyddi hún að meðaltali 1.500 dollurum á dag og oftar en ekki voru þetta mínir peningar. Þessi kona er svikahrappur, glæpamaður og ofbeldismanneskja og ég trúir ekki að ég hafi ekki komið auga á það fyrr. Eins og svo margir var ég ákveðinn fangi ástarinnar og ákvað að leyfa henni að njóta vafans, fullloft sennilega.“

Sepahifar kærði Heiðdís fyrir líkamsárás skömmu eftir sambandsslitin. Þá var hann kominn með tímabundið nálgunarbann. Hún mætti ekki fyrir dómara þegar leið að fyrirtöku. Málinu var frestað tveggis en í desember í fyrra sótti Heiðdís um nálgunarbann á fyrirverandi mann sinn. Þegar leið að fyrirtöku í málinu mætti hún ekki fyrir dómara og er ekki enn komin niðurstaða um sáttameðferð. Næsta fyrirtaka í málinu er 6. apríl næstkomandi.

DV hefur árangurslaust reynt að hafa samband við Heiðdís og lögfræðing hennar.

Líkir pálmatrjúnum við fangelsisrimla

Sepahifar sagði einnig í umræddu viðtali að hann hefði óttast um eigið líf á tímabili þegar þau Heiðdís áttu á ástarsambandi, að kornið sem fyllti mælinn og leiddi til bæði kæru og tímabundins nálgunarbanns hefði verið örlogaríkt og óhugnanlegt

„Hún réðst á mig, kýldi mig og reyndi að kyrkja mig. Einn af vinum mínum þurfti að hrifsa hana af mér. Ég hafði þrjú vitni að frátöldum öryggismyndavélunum,“ sagði hann og bætti síðar við: „Það þarf að tryggja það að þessi stúlka fari í fangelsi eða verði í það minnsta vísað úr landi. Hún býr hér ólöglega, en það spáir enginn í það vegna þess að hún er skvísu sem treður sér upp að valdamiklum mönnum og veitir þeim kynlíf. Hún kemst upp með allt.“

Hann fullyrti við blaðamann að Heiðdís væri ólöglega búsett í Bandaríkjunum og væri með landvistarleyfi sem væri löngu útrunnið og hafa fleiri heimildarmenn blaðsins tekið undir það. Þetta búsetumál hafi hvílt oft þungt á Sepahifar í sambandinu á sínum tíma að hans sögn og hann telur að hún hafi oft þrýst á að þau gengju í hjónaband.

„Hún má ekkert eiga, ekki símareikning, ökuskírteini, bankareikning, engar eigur og getur hvergi verið skráð í löglegri atvinnu. Hún má ekkert ferðast utanlands án þess að það sé komið upp um hana og þá fengi hún engan aðgang að Bandaríkjunum aftur,“ sagði Sepahifar í nýlegu samtali við blaðamann.

„Hún sagði stundum við mig að Bandaríkin væru hennar prísundur, að pálmatrén í Los Angeles væru hennar fangelsisrimlar. Hún sagði margoft við mig að hana langaði til að giftast svo hún gæti farið aftur til Íslands eða skoðað heiminn betur.“ ■



Luxaflex®



Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 9 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | SMÍÐJUVEGI 9 | 200 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Fræðslustjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Hann sagði – hún sagði – við biðum

Kjaradeila Eflingar og Reykjavíkurborgar er enn óleyst og hafa aðilar fundað skammléga sjaldan undanfarið og þess í stað snúið deilunni upp í sandkassaleik eða eins konar leikþátt sem fluttur er í gegnum fjölmiðla. Hvorugur aðili virðist ætla að gefa eftir svo mikið sem sentimetrá, og verða skotin sem ganga á milli ómálefnalegri með hverjum deginum. Nú hins vegar er verkfallið farið að ógna heilsu almennings með tilkomu kórónaveirunnar til landsins. Hvað er þá hægt að gera? Líklega verður niðurstaðan a) Aðilar setjast loks niður, ræða málin og komast að samkomulagi sem allir geta verið jafn ósáttir við b) Verkfallsaðgerðum verður frestað á grundvelli almannaheilla c) Stjórnvöld setja lög á verkfallið. Þriðji kosturinn verður líklegri með hverjum deginum.

Kóróna hálfvitanna

Kórónaveiran hefur sett íslenskt samfélag á hliðina. Á þriðja tug eru smitaðir, er sandkorn þetta er ritað, og hamfarahræðsla hefur gripið landann sem hamstrar spritt og matvöru eins og morgundagurinn muni aldrei koma. Svo eru reyndar þeir sem virðast ekkert óttast, Ingjaldsfið sem viljandi taka krókaleið heim til Íslands til að sleppa við sóttkví, og líka þeir sem eiga að vera í sóttkví en sleppa því viljandi og gorta sig svo af því á samfélagsmiðlum. Þarna er um lögbrot að ræða en í almennum hegningarlögum segir að valdi maður hættu á því að sjúkdómur berist út á meðal manna, sérstaklega ef um sjúkdóm sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta, þá sé hægt að dæma viðkomandi í allt að sex ára fangelsi.



Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Fréttaskýringaþátturinn Kveikur kafaði ofan í fátækt á Íslandi í þætti sem sýndur var í vikunni. Hann var allt í senn; upplýsandi, átakanlegur og svo sorglegur að hann nísti hjartað. Eins og bent var á í þættinum höfum við flest eflaust verið blönd einhvern tímann á ævinni. Fátækt er hins vegar eitthvað allt annað og meira. Niðurlægning, óöryggi og kvíði sem enginn á að þurfa að lifa við.

Viðmiðum fátæktar var varpað upp á skjáinn. Ef áhorfendur tengdu við einhverjar af fullyrðingunum hafa þeir búið við eða búa núna við fátækt. Þeir sem tengja við flest allt eða allt búa við sára fátækt.

Í kjölfarið hef ég tekið eftir að sífellt fleiri á mínum samfélagsmiðlum hafa opnað sig um þau tímabil í sínu lífi þegar þau bjuggu við fátækt. Sumir hreinlega áttuðu sig ekki á að um fátækt væri að ræða fyrir en viðmiðin birtust svört á hvítu á sjónvarpskjánum. Sem betur hafa flestallir minna kunningja og vina komist út úr vítahring fátæktarinnar. Það er meira en að segja það og margir ná aldrei að losa fátæktarsörur og hún erfist kynslóða á milli, eins og sást í þætti Kveiks.

Það er ekki ofsögum sagt að þáttur Kveiks lét afar fáa ósnortna. Fólkið sem steig fram og afhjúpaði sínar aðstæður, sinn ótta og brostna drauma eru hetjur. Það er samfélagslega samþykkt að tala um alls kyns hræðslu og sorg, en fátækt er ekki þar á meðal. Það er ólýsanlega erfitt að biðja um hjálp í fjárhagskröggum og stoltið situr eftir, sært og aumt og biður þess hugsanlega aldrei bætur. Fólki finnst það bregðast sem manneskja, bregðast börnunum sínum, sér oft enga leið út.



Lifir í óvissu hvern dag um hvort það fái að borða, hvort það eigi þak yfir höfuðið, hvort óvænt útgjöld muni sprengja allt heimilislífið upp – þurrka það út. Allt út af peningum.

Þó að fólkið sem kom fram í Kveik sé sumum fjarlæggt er það samt allt um kring. Það vinnur með þér. Börn þess ganga í skóla með þínum börnum. Þú keyrir fram hjá því er það biður eftir strætó. Þú rekest á innkaupakerruna þess í Bónus. Þetta eru

nefnilega miklu fleiri en þú eða ég gerum okkur grein fyrir.

Því ber að fagna að þáttur Kveiks hafi orðið til þess að æ fleiri opni sig um fátækt á samfélagsmiðlum. Það geta nefnilega allir lent í þessari stöðu, að allt hrynji. Og því miður er afskaplega lítið og dapurlegt sem grípur þá sem höllum fæti standa.

Þögn stjórnvalda eftir þennan vandaða og átakanlega þátt Kveiks er ærandi. Óþægileg. Hvorki meirihluti né minnihluti

lætur sig málið varða. Heldur áfram að hundska skítugu börnin hennar Evu. Heldur áfram að röfla um kaupmátt og jafnrétti, frábær lífsskilyrði og besta vatn í heimi. Gasprar um norræna velferðarsamfélagið og lífshjúðsamninga.

Á meðan misstígur sig einhver og fellur í fátæktargildruna sem gleypir menn og konur með húð og hári. Og maður spyr sig; hve lengi á þessi þögn yfirvalda að vara? ■

Spurning vikunnar

Hversu mikið óttast þú útbreiðslu COVID-19 á Íslandi?



„Ég ætla ekkert að óttast. Svo lengi sem almenníngur fer eftir tilmælum sóttvarnarlæknis og sérfræðinga varðandi sýkingarvarnir, hreinlæti og sóttkví.“

Berglind Veigarsdóttir



„Ég óttast útbreiðslu COVID-19 frekar mikið. Íslendingar eru svo harðir að þeir mæta bæði á samkomur og í vinnu þótt þeir séu hóstandi blóði. Ég hef þó ekki trú á að það verði mikið um dauðsföll hér á landi en reikna með að þetta fari eins um og eldur í sínu. Vonandi verður þetta þó til þess að fólk læri að taka tillit til annarra og hætti að mæta veikt á almenningsstaði.“

Hallur Karlsson



„Þetta er vissulega erfið staða en ef fólk sýnir ábyrgð þá ætti að vera hægt að sporna gegn verulegri útbreiðslu.“

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



„Ef ég segi alveg eins og er, þá óttast ég útbreiðslu COVID-veirunnar á Íslandi. Ég óttast ekki að fá veiruna, trú á ég lífi hana af, en ég óttast að bera ábyrgð á að smita einhvern sem síðan deyr af völdum hennar. Við þekkjum flest einhverja í áhættuhópnum.“

Tanja Sif Hansen

JBL
HEYRNARTÓL
MEÐ RADDSTÝRINGU

Bluetooth



26%



Best Product
2019-2020
CONSUMER NOISE-CANCELLING HEADPHONES
JBL LIVE 650BTNC

VERD ÁÐUR..... 22.995
TILBOD 16.995

REVLON SLÉTTUJÁRN

MEÐ TÖSKU
+ HÁRKLEMMU



50%

VERD ÁÐUR..... 8.995
TILBOD 4.495

MEDISANA
NUDDTÆKI

25%



FYRIR
HÁLS
OG
AXLIR

VERD ÁÐUR... 14.995
TILBOD 11.245

KRINGLUKAST

byggtog**búið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS

PHILIPS
HÁRKLIPPUR

20%

FYRIR
HLEÐSLU
OG
RAFMAGN



VERD ÁÐUR... 11.995
TILBOD 9.595


Fissler

VIENNA POTTASETT



30%

VERD ÁÐUR... 49.995
TILBOD 34.995



36%

LE CREUSET®

ELDFÖST MÓT
26+32cm
2stk

VERD ÁÐUR... 15.595
TILBOD 9.995



33%

KitchenAid
QUEEN OF HEARTS
HRÆRIVÉL

VERD ÁÐUR... 119.995
TILBOD 79.995

1919 11000 2019

MEDISANA
SNYRTISPEGILL



2 in 1

25%

VERD ÁÐUR..... 5.995
TILBOD 4.495

EMSA SAMBA
KAFFIKANNA

60%



3 litir 1L

VERD ÁÐUR... 4.995
TILBOD 1.995

Homeline

FLÖKTANDI LED LJÓS

Lampar með 60 LED perum sem líkja eftir eldi. Fullkomin fyrir heimilið, veröndina og sumarhúsið. Hægt að nota inni og úti. Innbyggð Lithium ion rafhlaða.

25%

39%

SVARTUR



VERD ÁÐUR... 32.995
TILBOD 19.995

VERD ÁÐUR... 32.995
TILBOD 19.995

RYKSUGUVÉLMENNI

iRobot

ROOMBA 605

25%

HREIN
SNILLD!



VERD ÁÐUR... 39.995
TILBOD 29.995



„Bara það að nota orðið pabbi reyndist mér erfitt“

Siggi Sigurjóns missti föður sinn ungur – Yndisleg móðir reyndist honum vel – Hugsar aldrei til Hollywood

Iris Hauksdóttir
iris@dv.is



L eikarinn ástsæli, Sigurður Sigurjónsson, hefur skapað einhverja eftirminnegustu karaktera íslenskrar leiklistarsögu. Hann byrjaði feril sinn kornungur og hefur aldrei litið um öxl þrátt fyrir að þjást af mikilli feimni.

Siggi, eins og við þekkjum hann flest, fæddist rigningarsumarið mikla 1955. Móðir hans var verslunarkona alla tíð og barðist fyrir bræðurna tvo, en faðir hans féll milli skips og bryggju þegar Siggi var einungis fimm ára gamall.

„Við ólumst upp þrjú og auðvitað var þetta fjárhagslegt basl, það var ekkert um tryggingakerfi eða aðra aðstoð að fá á þessum tíma eins og þekkest í dag. Í minningunni var þetta þó ofsalega skemmtilegt basl enda átti ég yndislega móður sem reyndist okkur vel. Hún var svo hvetjandi og hafði mikinn húmor. Við hlógum mikið og það var alltaf gaman, en þetta var á þeim tíma þegar ekki þótti til síðs að ræða mikið fráfall og það var gert af góðum hug. Hún vildi ekki yfa upp sárin og þar af leiðandi voru myndir og allt sem tengdist föður mínum fjarlægð af heimilinu. Það var ekki fyrir en löngu seinna sem við bræðurnir fengum í raun að kynnaströndum í gegnum bræður hans og önnur skyldmenn, sem og auðvitað mömmu. Það þótti okkur vænt um. Þetta var bara tíðarandinn, en við leituðum hann svo uppi og fengum þá sögurnar, sem gaf okkur mikið. Bara það að nota orðið pabbi reyndist mér erfitt. Á skólagöngunni heyrði ég auðvitað setningar á borð við „gerði pabbi þinn það“

og „segðu pabba þínum það“. Ég hugsaði skiljanlega oft, ekki get ég sagt neitt svona en það var þeim mun betra að geta svo loksins sagt sjálfur „komdu til pabba“ þegar ég varð sjálfur svo lánsamur að verða faðir. Satt best að segja brá mér að mega allt í einu segja þetta orð og enn notalegra að heyra svo frumburðinn kalla mig sjálfan svo pabba í fyrsta sinn.“

Lukkulegur með lífið

Siggi státar í dag af þremur börnum og sex barnabörnum en það sjöunda er væntanlegt í heiminn innan skamms. Hann segist ekki geta verið lukkulegri með lífið.

„Ég er nú búinn að vera giftur í rúma þrjú áratugi en starf mitt var vafalaust erfitt fyrir konuna mína og börnin. Hún áttaði sig þó mjög fljótt á því hvurs lags vinna þetta var og laugardagskvöldin okkar voru oft á mánudögum. Það er nú samt bara eins og með leigubílstjóra og sjómenn, þetta lærist og heimilið tekur mið af. Ég held að allir hafi verið sáttir og fengið eitthvað annað í staðinn. Börnin mín höfðu sem betur fer gaman af því að fara í leikhús og komu oft með mér í vinnuna. Það var eflaust einhver bónus. Ég var mikið í barnaleikritum sjálfur meðan þau voru að alast upp og þá var leikið alla laugardaga og sunnudaga. Það er auðvitað ekki hagstætt fyrir þriggja barna föður og fjarri því að vera fjölskylduvænt starf. Maður var ekkert alltaf í stuði til að fara að heiman, en það er ekkert sem heitir að vera ekki í stuði þegar þú mætir í leikhúsið. Þú ert kannski grjótfúll á bílastæðinu fyrir utan, en svo um leið og þú ert kominn inn í búningsherbergi ertu kom-

inn í gírinn. Þannig er það í öllum störfum, lækurinn getur verið í óstuði heima hjá sér en það þýðir ekkert þegar hann er kominn inn á skurðstofuna. Maður lærir fljótt að víra sig upp í sprellið. Krakkarnir mínir fundu alveg örugglega fyrir því að eiga þekktan pabba en sjálfur þekki ég satt best að segja ekkert annað. Ég er búin að vera svo lengi tiltölulega áberandi en það hefur aldrei háð mér eða stjórnað lífi mínu. Ég fer á pöbbinn og mæti þá alltaf vinsemd og liðlegheitum. Fólk er annaðhvort að skamma mig eða þakka mér fyrir og það er bara eðlilegt. Ég var nú inni í stofu hjá fólki í tuttugu ár svo það er ósköp skiljanlegt að fólk þekki nefið á mér, en ég lifi nú bara venjulegu lífi rétt eins og hver annar Íslendingur.“

Sperrtir Spaugstofumenn

Spaugstofustimpillinn er vafalaust einn sá langlífasti á ferli Sigga en árið 1985 spratt fyrsti vísir Spaugstofunnar. Siggi var þá að leikstýra áramótaskaupinu og komst í fyrsta sinn í kynni við Karl Ágúst Úlfsson.

„Ég fann strax hvað við áttum vel saman, en við vorum valdir saman félagarnir fimm fyrir hálfgerða tilviljun. Fyrsti þáttur Spaugstofunnar kom svo út 1989. Fram að þeim tíma hafði grín í íslensku sjónvarpi verið á öðru plani þar sem ekki þótti til síðs að gera grín að forseta eða biskupi en þarna færðum við mörkin aðeins. Grín er auðvitað breytingum háð og breytist daglega með Netinu og öllu því, þó í grunninn breytist það ekki. Auðvitað eldist maður og hefur ekki smekk fyrir sama gríni, en það er líka allt í lagi, við þurfum ekkert öll að fíla

það sama. Að mínu mati á allt grín rétt á sér svo framarlega sem það er á gráu svæði og ögrandi en það má ekki vera ósmekklegt – það þarf samt helst að vera fyndið svo það virki. Við í Spaugstofunni höfum unnið mjög náið í langan tíma og erum í dag algjörlega frábær fjölskylda. Það hefur aldrei slitnað slefið á milli okkar og ég fullyrði að það muni ekki gera það. Við vinnum alltaf annað slagið saman, tveir eða þrír, og hittumst alltaf í morgunkaffi einu sinni í viku eins og gamlir menn gera. Það gefur okkur mikið og við erum ansi sperrtir – það er aldrei að vita hverju við tökum upp á.“

Aðspurður hvort aðdáendur megi gera sér vonir um endurkomu gengisins segir Siggi að fæst orð beri minnsta ábyrgð og glottir í kampinn.

„Það er ýmislegt verið að hugsa og bralla, við nenum ekkert að hætta. Spaugstofan kemur held ég aldrei aftur, en það er engu að síður enn bensín á tankinum. Við höfum aldrei deilt okkar á milli sem er alveg einstakt í svona löngu samstarfi, þrátt fyrir að vera allir mjög ólíkir. Það er einhver kemistría á milli sem límir okkur saman og í dag eru fjölskyldur okkar jafnframt mjög nánar, svo þegar maður horfir í baksýnis-spegilinn sér maður að þetta er auðvitað svolítið sérstakt allt saman.“

Leikið ótrúlegustu manngerðir

Tæpum tveimur vikum áður en þetta viðtal er tekið frumsýndi Siggi leikverkið Útsendingu sem sýnt er um þessar mundir í Þjóðleikhúsinu. Hann undirbýr sömuleiðis endurkomu Einræðisherrans en sú sýning gekk fyrir fullu húsi fyrir tæpu ári. Textann

og muna, en það verður eins og hvert annað handverk að læra texta og maður kemst í þjálfun í því rétt eins og í öllu öðru. Það er engu að síður full vinna að læra texta, en ég þekki ekkert annað enda hef ég unnið við það í fjórutíu og fimm ár.“

Siggi segir ferilinn hafa byrjað rétt eins og hjá svo mörgum þrátt fyrir að feiminn hafi elt hann allar götur.

„Ég byrjaði að leika í gegnum skáta-hreyfinguna, hún skipti sköpum og var merkilegur félagsskapur. Þar þótti til síðs að vera með atriði, leika skrítlur og þarna fann ég fyrst mína köllun þótt sviðsljósið hafi aldrei verið neitt fyrir mig. Mér líður ekki vel á mannamótum, sem er ákveðin fötlun en ég lifi með henni. Áður en ég vissi af var ég svo kominn í leiklistarskóla og fjórum árum síðar, eftir útskrift var hringt í mig úr þessu húsi sem við erum stódd í í dag. Sveinn Einarsson, sá merki og ágæti maður, var þá þjóðleikhússtjóri og bauð mér vinnu hér. Hann var örlaga-valdur í mínu lífi því ég hef starfað hér meira og minna síðan í öll þessi ár. Hann réð því svolítið minni framtíð, sem betur fer, og reyndist mér vel. Fyrstu árin var ég mikið upp á grínhöndina en umræddur Sveinn hafði nú sem betur fer vit á að leiða mig út í drama samhliða því svo ég á honum mikið að þakka. Auðvitað fær maður stimpil í gegnum Spaugstofuna en ég hef líka leikið alls konar dramatísk hlutverk. Það má alveg vera að ég hafi það orð á mér að vera góði gæinn en þegar ég lít til baka hef ég leikið ótrúlegustu manngerðir, hvort sem það er djöfullinn eða Hitler, eitthvert ómenni í sjónvarpi eða kvikmyndum, nú eða Ragnar Reykás, Kristján Ólafsson eða Svamp Sveinsson, ég hef komið svo víða við.“

Siggi er skiljanlega alvanur spurningunni hvaðan karakterarnir komi en hann segir útilokað að svara til um það.

„Þeir koma auðvitað að stórum hluta úr mínum eigin ranni. Í Spaugstofunni verða þeir til í samstarfi við félagi mína og þá fer auðvitað allt eftir viðfangsefninu þótt handbragðið sé úr mínum haus. Lykillinn að Ragnari held ég sem dæmi að sé sá að þar hittir fjandinn ömmu sína en þar fyrir utan hefur þjóðin alltaf gaman af svona leiðindamönnum. Ég hef nú leikið hann á hnjónum í þrjátíu ár.“

Það má ekki allt lukkast vel

Spurður hvort hann geri greinarmun á gamanhlutverkum eða dramatískum segir Siggi það úrelta hugsun.

„Hér á árum áður var gerður greinarmunur og jafnvel litið niður á gamanleik. Það hefur breyst hratt með minni kynslóð frá því ég var að byrja. Í dag flokkum við leikara síður og sjálfur hef ég alltaf sagt að þetta sé bara spurning um góðan eða slæman leikara, þetta er ekki mikið flóknara en það. Auðvitað geta menn hæglega fest í einhverju boxi og ég hef klárlega

gert það á einhverjum tímupunkti, en leikari verður að vera meðvitaður og vakandi fyrir því. Maður þarf alltaf að fá ögrandi verkefni og þá er þetta ekki spurning um góða eða vandan karlinn, það getur hins vegar reynst ögrandi glíma fyrir leikara að setja sig í spor siðspills manns eða illmennis því það er auðvitað hlið sem maður þekkir ekki neitt. Það er auðveldara að setja sig inn í hugarheim venjulegs fólks, en í grunninn skiptir auðvitað öllu máli að efnið sé alvöru.“

Hvernig finnur þú hrottann í sjálfum þér?

„Ætli það sé ekki einhver hrottapúki í okkur öllum, einhvers staðar. En það er engin ein aðferð, maður hefur enga sérstaka holu að grafa í, maður fer bara í samstarf og þá er þetta allt spurning um handrit, leikstjóra og meðleikara. Þetta er samvinna og svo kemur maður bara með tillögur og tilboð. Ég hef leikið svo rosalega mörg skemmtileg hlutverk og verið heppinn að fá fjölbreytt verkefni. Þótt ég sé núna kominn í seinni hálfleik sé ég að ég á afskaplega litríkan feril að baki, það væri ósanngjarnt að segja annað. Sem betur fer finnst mér enn ofsalega gaman að starfa í leiklist, en svo er það þetta, að þótt sumar rullur takist ágætlega er ekki endilega alltaf skemmtilegast að leika þær. Það fer svo mikið eftir sýningunni sjálfri, hvernig að henni var staðið. Eðlilega hef ég líka fengið alls konar gagnrýni, stundum góða og stundum mjög vonda. Ég held að með tímanum læri leikari að vinsa úr það sem gagnast manni og hvað ekki. Sumt verður maður að hlusta á og ég tek margt inn á mig og hugsa með mér að kannski sé eitthvað til í þessu, en hins vegar finnst mér sumt beinlínis ósanngjarnt, það er þó sjaldnast þannig. Stundum er það líka bara þannig að maður gerir mistök, hittir ekki naglann á höfuðið og er jafnvel bara rangur maður á röngum stað. Það var vitleysa að kasta manni í þetta hlutverk eða jafnvel rangur leikstjóri, það er allt til í þessu. En það er alltaf þannig í listum, hvort sem það er í leiklist, myndlist eða ritlist, það lukkast ekkert allt og það má heldur ekki allt lukkast því manni verður að mistakast, því þannig fær maður viðspyrnu aftur. Maður ætlar sér samt aldrei að mistakast því maður er alltaf að reyna slá í gegn, en þá er eins gott að átta sig á því að það mun aldrei verða þannig.“

Leikhúsið lifir allt af

Siggi hefur samhliða leik starfað talsvert við leikstjórn og sett til að mynda upp fjöldann allan af barnasýningum. Hann segir leikstjórnina þó ekki vera ástríðu hans.

„Ég er fyrst og fremst leikari, þótt ég hafi mjög gaman af því að leikstýra því sem hentar mér og mér finnst að ég ráði við. Það er alveg frábært að leikstýra börnum en tekur auðvitað á þolinmæðina, það vill

til að ég hef hana. Ég er ekkert að leikstýra í augnablikinu en leik mikið þótt ég sé nú ekki tvítugur lengur. Að mínu mati er svo mikilvægt að hafa, ekkert endilega mig, en leikara sem eru í eldri flokki og eru í leikrænu ástandi. Ég held að hver þjóð þurfi að passa upp á það. Þú vilt eiga nokkrar gamlar kerlingar og karla á sviðinu sem enn eru í formi. Það sem hefur bjargað mér er hvað ég hef fengist við margar rullur sem láta mig fást við mikið líkamlegt „action“, það hefur svona verið mín líkamsrækt.“

Aðspurður hvort það sé ávanabindandi að láta klappa fyrir sér á hverju kvöldi segir Siggi svo ekki vera.

„Ég upplifi það ekki þannig en auðvitað nýtur maður þess að það hafi tekist vel til og þakkar fyrir það. Mér þykir afskaplega vænt um það hvað fólk elskar leikhús og er duglegt að sækja leikhúsið. Þess vegna eru ákveðin forréttindi að vinna við það sem manni finnst svona gaman. Leikhúsið breytist auðvitað og fer í gegnum hæðir og lægðir, ferðast í gegnum tísku-sveiflur og allt það. Þetta er háð svo mörgu en það sem er merkilegast, hvað sem má segja um gæði leikhússins, er það að leikhúsið hefur lifað allt af, hvort sem það er vídeó, sjónvarp, kvikmyndir eða internet. Alltaf stendur þjóðleikhúsið, og öll leikhús í heiminum, og við erum að gera nákvæmlega sömu hlutina uppi á sviði. Samt er þessi ógnartækniþyting fyrir utan – það er alveg merkilegt. Sjálfum finnst mér í grunninn bara gaman að segja góða sögu, hvort sem hún er á sviði eða hvíta tjaldinu. Auðvitað eru önnur vinnubrögð við kvikmyndagerð en í grunninn er þetta nákvæmlega það sama. Hvernig segjum við þessa sögu á sem áhrifaríkastan hátt. Í leikhúsinu hugsum við það aldrei sem svo að við séum að segja sömu söguna aftur og aftur því þótt þú vitir hvað þú eigir að segja eru alltaf nýir áhorfendur í salnum, þeir eru svo stórfartur af þessu. Við vitum aldrei hver viðbrögðin verða, svo kvöldið verður aldrei eins. Það er hlegið meira eða grátið minna og það þarf alltaf að spila með þetta, þannig að þótt sagan sé sú sama segjum við hana alltaf á ólíkan hátt.“

Hefur hugurinn aldrei reikað til Hollywood?

„Nei, ég hugsa aldrei þangað. Ég hef verið svo heppinn að fá að leika mikið hér á landi, bæði á sviði og í sjónvarpi að það fullnægir mér alveg. Tilhugsunin um að verða frægur í Hollywood hefur aldrei náð til mín. Eflaust eru meiri peningar þar, en ég fæ fullnægju í að leika hér heima. Lífið er þó ekki bara í leikhúsinu því það er líka suður í Hafnarfirði með barnabörnunum mínum. Mér finnst svo gott að vera með fólkinu mínu. Maður fer kannski hægar yfir, en ég er mikill útiverumaður, elska að ferðast um landið, er sprækur og spila gólf, bara þetta klassíska eins og allir hinir strákarnir og stelpurnar.“ ■



MYND: EYVÖR ÁRNASON

hafi hann því meðvitað geymt áfram í handraðanum.

„Þegar það er ákveðið að leikrit verði ekki sett upp aftur þá tæmist diskurinn ósjálfrátt. Ef það er hins vegar sagt að það eigi að setja sýninguna aftur upp þá geymist textinn, svona að mestu leyti. Auðvitað hef ég hundrað sinnum gleymt texta og það hafa allir leikarar gert, en það hefur aldrei komið alvarlega að sök. Eflaust þarf maður að hafa meira fyrir því með árunum að læra



Húseining getur nú boðið fjölbreytta modular framleiðslu Forta Pro á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Hagkvæmni - Fjölbreytni - Skjóttur byggingartími

FORTA PRO

W E B U I L D M O D U L A R



Húseining ehf. getur nú boðið framleiðslu Forta Pro sem eru (modular) á eftirtalda markaði: Ísland Færeyjar og Grænland.

Forta Pro er einn stærsti modula framleiðandi í Evrópu.

FORTA PRO notar modular byggingartækni sem gerir þeim kleift að byggja vistfræðilega hreinar og sjálfbærar byggingar, en sparar orku og tíma. FORTA PRO framleiðir hágæða modula sem henta byggingu margra hæða íbúðarhúsa, hótela, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og fjölda annarra útfærsla.

- FJÖLBÝLISHÚS
- HÓTEL OG GISTISTAÐIR
- STÚDENTAÍBÚÐIR
- DVALARHEIMILI
- BAÐHERBERGJA MODULAR
- GOLFERMA MODULAR

FORTA PRO
W E B U I L D M O D U L A R



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyf með ákominni láréttri álþáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fljótrest þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánsþæf fyrr.



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
103.000 kr.
pr/m² m. vsk



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fylgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
103.000 kr.
pr/m² m. vsk



Klassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með láréttri álþáru við verksmiðjudyf er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verksmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins
108.700 kr.
pr/m² m. vsk



Funk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudyf er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins
135.800 kr.
pr/m² m. vsk


Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

HANNAÐ OG BYGGT
FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR



„Ég er hvítur, þú segir mér ekki fyrir verkum“

Teddy varð fyrir hópárás íslenskra unglunga fyrir 19 árum
Segir kynþáttafordóma enn vera staðreynd á Íslandi

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Olufela Teddy Owolabi segist hafa orðið fyrir hópárás af hálfu íslenskra unglingspíla fyrir rúmlega 19 árum og í kjölfarið mátt þola kynþáttafordóma og ofbeldi af hálfu lögreglu. Hann segir ástandið nákvæmlega ekkert hafa batnað síðan þá: kynþáttafordómar séu staðreynd á Íslandi og það megi ekki stinga höfðinu í sandinn.

Olufela, eða Teddy eins og hann er kallaður, er íslenskur ríkisborgari og hefur verið búsettur hér á landi í 22 ár. Hann er í dag orðinn fimm barna faðir. „Ég kynntist þáverandi kærustunni minni í Nígeríu, en hún er íslensk. Hún bauð mér í heimsókn til Íslands og ég hef verið hér síðan.“

Hann hefur meðal annars unnið sem plötusnúður og tónlistarmaður og gefið út fimm plötur. Árið 2003 tók hann þátt í vinsælli sýningu á Broadway þar sem Motown-tónlist var í aðalhlutverki. Þá hefur hann unnið með mörgum af þekktustu tónlistarmönnum Íslands; Páli Óskari, Ragnheiði Gröndal, Friðriki Ómari og hljómsveitinni Jagúar. Hann rekur eigið útgáfufyrirtæki og vonast til að opna veitinga-

stað hér á landi í nánustu framtíð. Teddy segir að það sé ekkert annað í stöðunni en að skapa sér sín eigin tækifæri og koma sjálfum sér á framfæri: hér á landi bjóðast útflendingum nær eingöngu láglounastörf, svo sem uppvaskeið, þrif eða afgreiðslustörf.



Olufela Teddy Owolabi.

Sagt að „fara aftur til Afríku“

„Fyrir nokkrum árum var ég yfirmaður á veitingastað. Inn kom drukinn maður og ég reyndi að biðja hann um að yfirgefa staðinn. Það fyrsta sem hann sagði var: „Ég er hvítur, þú segir mér ekki fyrir verkum.““ segir Teddy þegar hann rifjar upp eitt af þeim fjölmörgu skiptum sem hann hefur orðið fyrir aðkasti vegna húðlitar síns. Honum er sérstaklega minnstætt eitt atvik frá því í ágúst 2001.

„Ég var að koma úr vinnunni, ég var plötusnúður á bar í miðbænum. Ég var staddur með sex vinkonum mínum fyrir utan Þjóðleikhúsið þegar hópur af ungum strákum á aldrinum 18–19 ára nálgadist. Einn þeirra byrjaði að áreita eina vinkonu mína og kallaði að henni alls kyns ókvæðisörðum. Þegar ég reyndi að koma henni til varnar þá kom einn úr hópnum upp að mér og kylði mig.“

Teddy segir strákahópin hafa ráðist á hann í kjölfarið og upphöfust mikil slagsmál. Teddy bætir við að hann sé alinn upp „á götunni“, og hann sé því ekki óvanur því að þurfa að verja sig. „Ég var svo heppin að nokkrir



vinir mínir frá Nígeríu voru ekki langt frá og þeir komu mér til hjálpar. Ein af vinkonum mínum hringdi á lögregluna.“

Teddy segir að þegar lögreglan mætti á staðinn hefðu hann og vinir hans verið handjárnaðir og síðan ekið með þá niður á lögreglustöð þar sem þeir þurftu að dása í fangageymslu í dagóðan tíma. Íslensku piltarnir hafi verið látnir algjörlega í friði. „Þeir sögðu okkur að fara aftur til Afríku, eða hvaðan sem við komum.“

Teddy ræddi við Fréttablaðið nokkrum dögum eftir árásina og sagði fordóma og ofbeldi hafa aukist á Íslandi.

„Ég fer ekki lengur einn í bæinn af ótta við hvað kunnir að gerast,“ sagði Teddy og bætti við á öðrum stað:

„Hlutirnir eru stöðugt að versna og slagsmál eru orðin mun tíðari en áður. En eins og lögreglan meðhöndlar hlutina gefur það fólki til kynna að það sé allt í lagi að stofna til slagsmála við fólk af öðrum kynþætti því afleiðingin sé sama og engin. Mér finnst sem lífi mínu sé ógnað og er kominn á það stig að vilja ekki hringja í lögregluna því það hefur hingað til ekki komið mér til hjálpar. Ég kys frekar að kalla vini mína til aðstoðar og þegar málin eru komin á það stig getur það leitt til óeirða milli hópa af mismunandi kynþáttum.“

Þá sagði Teddy að vandinn færi stigvaxandi, enda væri ekki haldið rétt á málunum og aðgerðum ekki stjórnað og ef ekkert yrði að gert ætti ofbeldið eftir að fara úr böndunum og að endingu mundi einhver láta lífið í átökunum. „Ég get ekki ímyndað mér að þetta sé það sem íslenska þjóðin vill og því verður að grípa í taumana strax. Ísland á að vera fyrirmynd annarra þjóða þar sem allir eiga að geta lifað saman í sátt og samlyndi. Ég græt innra með mér þegar ég hugsa til strákanna minna því ég vil ekki að þeir séu að lenda í því sama og ég.“

Íslendingar fljótir að fara í vörn

Teddy á þrjá syni, 21 árs, 19 ára og 4 ára, sem allir búa á Íslandi. Hann segir dapurlegt að þurfa að horfa upp á yngsta soninn alast upp í umhverfi þar sem hann á stöðugt á hættu að verða fyrir fordómum og aðkasti.

„Eins og bara á seinasta ári, þáverandi ég vitni að því þegar foreldrar íslenskrar stelpu bönnuðu henni að spila fótbolta við 10 ára son minn. „Ekki tala við svona fólk,“ sögðu þau, beint fyrir framan mig. Það er ofboðslega dapurlegt að þetta sé ennþá svona í dag. Þetta er veruleikinn sem fólk af mínum uppruna þarf að lifa við. Fólk þarf að hætta að vera í afneitun. Það þarf að horfast í augu við það, að það er rasismi á Íslandi. Það þarf að opna umræðuna. Íslendingar eru svo fljótir að fara í vörn og reyna að réttlæta fordóma. Það er ekki heldur hægt að fara fram á að þeir útflendingar sem flytja hingað af afneiti sínum uppruna, en að sjálfsgöðu á að fara fram á þeir virði lögin, virði menninguna og geri sitt besta til að aðlagast samfélaginu. Útflendingum er ekkert að fara að fækka á Íslandi, eftir 20 ár verða þeir orðnir jafnvel enn stærri hluti af íbúafjöldanum. Þess vegna er svo nauðsynlegt að taka á þessum málum núna.“

Teddy bætir því við að það sé heldur ekki sama hvaðan maður kemur. Svartur maður frá Nígeríu fái til að mynda óblíðari viðtökur en svartur maður frá Bandaríkjunum.

„Mér er umhugað um þá sem hafa ekkert bakland, engan stuðning. Hvernig ætlum við að vernda þá? Hvað með þá krakka sem eru blandaðir (biracial) og eru fæddir og aldir upp á Íslandi? Þetta er eini staðurinn, eina umhverfið sem þau þekkja og þau passa ekki inn í það og eru ekki samþykkt. Hver er þá tilgangurinn með því að lifa?“ ■

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAEBU**

gæludýr.is
www.gaeludyr.is

Fermingagjafir

Körfur



Poolborð m/borðtennisborði



Þythökkíborð



Píluspjöld



Frisbígolfdiskar



X-BALL Sunflex



Fótboltaborð



Ping Pong.is



Dagbjört var harðákveðin í elta ástina vestur um haf.

MYNDIR: ÚR EINKAÞAFNI

Giftist bandarískum leynipjónustuherrmanni tvítug að aldri

Blés á gagnrýnisraddirnar og elti ástina til Washington - Mikil leynd yfir störfum eiginmannsins - Vann sig upp í ábyrgðarstöðu hjá Target

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Örlögin réðu því að Dagbjört Barringer komst í kynni við bandarískan mann sem starfaði í leynipjónustu sjóhersins. Hún kastaði öllu frá sér og flutti vestur um haf til að ganga í hjónaband, rétt rúmlega tvítug að aldri. Í dag er hún hamingjusamlega gift og komin í háttsetta stöðu hjá einni stærstu verslunarkeðju í Bandaríkjunum. Dagbjört ræddi við DV um upphafið að þessu ævintýri, lífið sem eiginkona herrmanns og ameríska drauminn sem er brothættari en flestir gera sér grein fyrir.

Fann sig ekki á Íslandi

Dagbjört ólst upp í Breiðholti og á unglingsárunum bjó hún um tíma í Noregi. „Heima á Íslandi var ég alltaf að leita að sjálfri mér og var algjörlega stefnulaus. Mér fannst ég aldrei passa inn neins staðar.“

Stjúpfadir Dagbjartar og móðir hennar fluttu til Noregs þegar Dagbjört var 16 ára og fylgdi hún þeim út. Hún reyndi um tíma við menntaskólanám í Noregi en leiddist svo út á vinnumarkaðinn og flutti til Íslands.

„Ég var inn og út úr skóla og ég fékk reyndar finar einkunnir, en ég glímdi við mikinn kvíða og þunglyndi og var alltaf að taka dýfur. Ég vann á hinum og þessum stöðum, ég var mikið að þjóna og vann á lager.“

Dagbjört sætti einelti í grunn-

skóla og segir það hafa haft mótandi áhrif á hana. Það hafi jafnvel átt stóran þátt í því að hún átti erfitt með að fótta sig á Íslandi.

„Ég beit það í mig að ég gæti ekki verið neins staðar þar sem krakkar úr Seljaskóla voru. Mér fannst ég þess vegna hvergi örugg, Reykjavík er svo lítil. Þetta hamlaði mér rosalega mikið. Ég finn mikinn mun á þessu hérna í Bandaríkjunum. Hérna get ég leyft mér að vera ég, vera hávær og ég get leyft mér að taka pláss. Alltaf um leið og ég kem til Íslands þá „minnka“ ég, klæði mig í hettupeysu og læt fara minna fyrir mér.“

Stökk á tækifærið

Árið 2013 var Dagbjört 19 ára gömul og starfaði á kaffihúsinu Amokka í Borgartúni. Einn viðskiptavinur, bandarísk kona á sjötugsaldri, átti eftir að reynast mikill örlagavaldur í lífi hennar.

„Á öskudaginn 2013 kom inn kona frá Washington-fylki í Bandaríkjunum, Karen, sem var á ferðalagi á Íslandi. Við byrjuðum að spjalla og svo kom hún aftur daginn eftir og aftur næsta dag.“

Tveimur mánuðum seinna sendi Karen Dagbjörtu vinabeiðni og skilaboð á Facebook og í kjölfarið voru þær í reglulegum tölvupóstsamskiptum. Þess ber að geta að Karen var á sjötugsaldri en Dagbjört var rétt innan við tvítugt.

„Þetta var rosalega skrítíð og fyndið, 60 og eitthvað ára gömul kona kom þarna inn einn daginn

og svo bara vorum við orðnar svakalega góðar vinkonur. Einn daginn sendi hún mér skilaboð sem voru nokkurn veginn svona: „Ég veit að þetta hljómar mjög undarlega, en gætirðu hugsað þér að koma út og búa hjá mér í sumar?“ Hún var sem sagt með bús á hannyrðamarkaði í Seattle þar sem hún var selja steina. Hún spurði hvort ég vildi koma út og hjálpa henni. Þar sem að ég er afar hvatvís og með mikið ADHD þá stökk ég bara á þetta strax. Daginn eftir hætti ég í vinnunni og fór og keypti flugmiða til Bandaríkjanna.“

Dagbjört bjó á þessum tíma heima hjá móður sinni, sem var ekki beinlínis rótt þegar 19 dóttir hennar tilkynnti henni að hún ætlaði að flytja inn á ókunnuga konu í Ameríku.

„Viðbrögðin hjá mömmu? Hún heyrði auðvitað bara eitt orð: mansal. Og gerði ráð fyrir að hún myndi aldrei heyra frá mér aftur, að líkið af mér myndi enda einhvers staðar í ruslagámi. Ég fór svo út og var hjá Karen allt sumarið. Það var heima hjá henni sem ég sá fyrst ljósmynd af manninum mínum, en myndin var hengd á ísskáphurðina. Myndin hafði verið tekin þegar hann útskrifaðist úr „bootcamp“-þjálfun ári áður. Ég sá myndina og nefndi við hana að þetta væri sætur strákur, en svo ekkert meir.“

Ungi maðurinn á myndinni reyndist vera Ben Barringer, barnabarn systur Karenar, og starfaði hann í leynipjónustu

bandaríska sjóhersins.

„Það næsta sem gerðist var að Karen hringdi í systur sína, ömmu Bens, sem síðan hringdi í hann og reyndi að fá hann til að hitta mig. Hans viðbrögð voru að sjálfsegðu þau að hann ætlaði sko ekki að fara að hitta einhverja blá-ókunnuga stelpu frá Íslandi, sem hefði hætt sem kaffibarþjónni til að fara að búa hjá einhverri kerlingu í Ameríku!“

Amma Bens lét það hins vegar ekki stoppa sig og tók upp á því að þramma upp á herstöð, þar sem Ben var, þar sem henni tókst einhvern veginn að fá yfirmanninn í lið með sér. „Mér skilst að hún hafi hreinlega beitt hann andlegu ofbeldi og þvingunum, laug að honum að ég hefði verið í keppninni Ungfrú Ísland og ég veit ekki hvað og hvað. Ben lofaði honum að hann myndi hitta mig en um leið og „the chief“ var farinn þá hringdi hann í ömmu sína og sagði: „Ef þú minnst enn einu sinni á þessa konu þá kem ég ekki heim um jólin!““

Dagbjört vissi þó ekkert um þessar ráðgerðir ömmunnar og það var ekki fyrir en mörgum mánuðum síðar að hún fékk að vita að eiginmaðurinn hefði í raun hafnað henni í tvö skipti.

„Stuttu eftir þetta þá var haldin afmælisveisla og hann var þá skikkaður til að mæta. Þarna byrjuðum við að spjalla og næstu tvær vikur vorum við að hittast, alveg þangað til ég þurfti að fara aftur heim til Íslands, sumarið var á enda.“

Bónorð í sms-skilaboðum

Ben er ári eldri en Dagbjört. Dagbjört segir að eftir að hún sneri aftur heim til Íslands hafi enn nánari kynni tekist með þeim, þökk sé nútímataekni. Þau urðu fljótlega ástfangin upp fyrir haus.

„Við urðum vinir á Facebook og svo byrjuðum við að tala saman á Skype í marga klukkutíma á dag. Þetta gerðist allt rosalega hratt. Þetta var einfaldlega þannig að ég sá ekki sólina fyrir Ben og hann sá ekki sólina fyrir mér. Ég vildi helst ekki gera neitt nema vera í tölvunni og tala við Ben. Svoltíð óheppilegt að hann var í Washington og ég á Íslandi og átta klukkutíma mismunur, sem þýddi að ég var alltaf að tala við hann á næturnar og svaf á daginn.“

Eftir þetta gerðust hlutirnir hratt. Fljótlega fór parið að skoða möguleikann á því að Dagbjört flyttist búferlum vestur um haf. „Við stóðum í raun frammi fyrir tveimur valkostum, annaðhvort að hætta saman eða gifta okkur,“ segir Dagbjört og rúmum tveimur mánuðum eftir að hún kom aftur til Íslands ákváðu þau að ganga í hnapphelduna. Bónorðið myndi þó seint teljast rómantískt.

„Eitt kvöldið hafði hann verið á fylleri með félögum sínum úr hernum, maður sem drekkur nánast aldrei. Hann sendi mér sms, sem hann er enn í dag mjög vandræðalegur yfir. Þar skrifaði hann: „Fjandinn hafi það, ég skal giftast þér“ („To hell with the consequences, I'll marry you!“).

Ég ákvað nú bara að hunsna þessi skilaboð og leyfa honum að halda virðingu sinni. Daginn eftir sagði ég við hann: „Eigum við ekki að bara að gifta okkur?“ Og ákvörðunin var tekin. Auðvitað vissum við það bæði að þetta væri algjör bilun. Ég var eiginlega í hálfgerðri maníu, ég ætlaði mér að vera með Ben, punktur. Ég hef aldrei haft neinar efasemdir um það, ekki í eina sekúndu.“

Viðbrögð fjölskyldu og vina voru nákvæmlega eins og við var að búast.

„Fólk var að óska mér til hamingju með þetta allt saman, en ég efast nú ekki um að það hafi á sama tíma hugsað að ég hlyti að vera snarklikkuð. Ég skil það auðvitað, ég var að fara að flytja út til manns sem þau höfðu aldrei hitt, talað við eða séð í eigin persónu. Pabbi hélt að ég væri að ljúga. Mamma var ekkert að reyna að stoppa mig, en minnti mig á ég „gæti svo bara komið heim“ ef þetta myndi ekki ganga. Það vill reyndar þannig til að amma mín er bandarískur ríkisborgari, mamma hennar giftist bandarískum hermanni á sínum tíma. Ég og langamma, við skelltum okkur í Kanann!“

Giftu sig inni í eldhúsi

Dagbjört flutti til Washington í byrjun júní 2014, eftir að hafa farið í gegnum umsóknarferli hjá bandaríska sendiráðinu á Íslandi og fengið samþykkt svokallað „fiancé visa“.

„Við höfðum 90 daga til að gifta okkur eftir að ég var komin út. Það var þess vegna ekki mikill tími til þess að plana svakalega stórt brúðkaup. Það vildi þannig til að konan hennar Karenar, sem ég hafði kynnst á Íslandi, er „marriage officiant“ og hefur leyfi til að gefa fólk saman. Athöfnin var heima hjá þeim.“

„Brúðkaupið“ var ekki beinlínis hið dæmigerða ameríska bíomyndabrúðkaup.

„Þetta var nú bara inni í eldhúsinu hjá þeim og nágranninn var vottur. Ég var búin að næla mér í ógeðslega flensu og var á náttfötunum, með skítugt hár í hnút. Ég hef nú aldrei verið eitt-hvað rómantísk manneskja, sem betur fer. Ég fór svo aftur upp í rúm þegar við vorum búin að skrifa undir giftingarpappírana!“

Viðtal hjá FBI

Það flækti málin að Dagbjört er frá öðru landi. Erlendum mökum hermanna er tekið af varúð. Eitt af því sem Dagbjört þurfti að gangast undir sem erlendur maki hermanna var bakgrunnsathugun hjá alríkislögreglunni (FBI). Óneitanlega skondar aðstæður fyrir tvítuga, blásaklausa stelpu frá Íslandi. Hún þurfti að sverja eidd þess efnis að hún væri hvorki njósnari né hryðjuverka- maður.

„Ég þurfti til dæmis að gefa upp nöfnin á öllum fyrrverandi kærustunum mínum. Þeir höfðu mikinn áhuga á að vita af hverju ég hefði hætt með kærastanum mínum sem ég var með þegar við vorum unglingar. Ég sagði þeim nú bara að það hefði verið vegna þess að mér fannst hann svo ömurlegur! Ég var líka spurð spurninga eins og hvort ég hefði einhvern tímann tekið þátt í samsæri gagnvart bandarískri ríkisstjórn, hvort ég hefði verið hluti af alþjóðlegum hryðju-



Heimili hjónanna í Spanaway. Það er stórt og rúmgott, með fjórum svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum.



Heimilishundurinn Sif og kisan Sonja.

verkasamtökum eða hvort ég hefði aðhyllst nasima á árunum 1937 til 1947!“

Mikil leynd

Herinn skiptist í landgöngulið, sjóher, sérsveit innan sjóhersins (Navy) og flugher. Starf eiginmanns Dagbjartar fór fyrst og fremst fram á skrifstofunni, þó svo hann klæddist alltaf einkennisbúningi í vinnunni. „Titilinn hans var „intelligence specialist“, ég veit svo sem ekki hvað væri rétta íslenska þýðingin á því.“

Enn í dag veit Dagbjört ekki nákvæmlega hvað fólst í starfi eiginmanns hennar. „Hann má birta starfsheiti sitt opinberlega, eins og á Facebook, en það er allt sumt. Ég mátti aldrei vita hvað hann var að gera í vinnunni, með hverjum hann var eða hvar. Eitt skipti spurði ég hann hvað hann hefði borðað í hádegismat og þá gat hann ekki sagt mér það. Þegar hann var sendur eitthvert á vegum hersins þá fékk ég ekki vita af því fyrr en samdægurs, og ég fékk ekki að vita hversu lengi hann yrði í burtu, daga, vikur eða mánuði. Hann var reyndar aldrei lengi í burtu, lengsta skiptið var held ég tvær og hálf vika.“

Dagbjört segist í raun vera fegin að starf eiginmanns hennar hafi að mestu verið við skrifborð en ekki á átakasvæðum. Margir fyrrverandi hermenn í Bandaríkjunum sitja uppi með varanlegan, líkamlegan og andlegan skaða eftir að hafa starfað á þeim vettvangi.

„Einn besti vinur Bens starfði sem læknir á vegum hersins, var „navy medic“, og fór inn á virk stríðssvæði. Hann var að tjasla saman fjölmörgum slösuðum hermönnum. Í eitt skipti var hann týndur úti á sjó í þrjá daga. Hann hefur aldrei jafnað sig eftir þetta. Í dag má hann ekki heyra í rennandi vatni. Konan hans þarf að láta renna í bað fyrir hann.“

Eiginmaður Dagbjartar vinnur ekki lengur á vegum hersins og er orðinn almennur borgari. „Hann er „retired“ frá hernum, komin í góða stöðu og vinnur sem verkfræðingur (project engineer).“

10 mánaða bið

Eftir að Dagbjört kom fyrst út til Bandaríkjanna fékk hún svokallað K-1 Visa og þurfti síðan að bíða í 10 mánuði eftir því að fá atvinnuleyfi í landinu.

„Þetta er þannig, að þegar þú ert kominn inn í landið geturðu sótt um að verða „permanent resident“ og þegar það er komið í gegn máttu byrja að vinna. Í þessa 10 mánuði gat ég ekkert gert annað en sitja heima og horfa á sjónvarp, engin fjölskylda, engir vinir. Þá fyrst fór ég að hugsa hvort ég hefði verið að gera algjör mistök með því að æða svona út. Ég held



Dagbjört er alsæl með lífid í Bandaríkjunum og sér ekki fyrir sér að búa á Íslandi í framtíðinni.

Ég hef aldrei haft neinar efasemdir

að ég hafi aldrei verið jafn einmana og ég var á þessum tíma. Það var vont að vera ekki í vinnu og ég gat ekki hugsað mér að vera „bara“ eiginkona hans Bens. Það var síðan eftir að ég byrjaði að vinna að ég gat loksins farið að byggja upp mitt eigið tengslanet hérna úti.“

Tengdafjölskyldan hefur tekið Dagbjörtu vel en tengdaforeldrar hennar eru skildir og býr stór hluti föðurfjölskyldunnar í suðurríkjum Bandaríkjanna. „Ég held að það hafi hjálpað mikið að ég kynntist Ben í gegnum fjölskylduna, það var amma hans sem sá til þess að við kynntumst. Við erum miklar vinkonur.“

Vann sig upp

Fyrsta starf Dagbjartar í Bandaríkjunum var hjá Ikea.

„Ég var nefnilega með smá heimprá og Ikea var svona það sem næst komst Íslandi þarna úti. Ég var þar í eitt ár og eignaðist marga nána vini sem ég held enn sambandi við.“

Dagbjört söðlaði síðan um og gerðist förðunarfræðingur hjá snyrtivörurisanum Bobbi Brown. „Það gekk þannig fyrir sig að ég fór í prufu hjá þeim. Ég var síðan í kjölfarið send í þjálfun á þeirra vegum og varð „certified makeup artist.“ Mér finnst þetta mun betra fyrirkomulag en á Íslandi. Þar þarftu að greiða mörg hundruð þúsund til að fara í skóla og verða förðunarfræðingur. Hérna úti borga fyrirtækin fólk fyrir að fara í starfsþjálfun. Ég fór síðan að vinna á vegum Bobbi Brown í hinum og þessum verslunum. Það var þá sem ég áttaði mig á því að ég var miklu betri sölu-

kona en förðunarfræðingur. Ég var alltaf langsöluhæsti förðunarfræðingurinn.“

Í kjölfarið var Dagbjörtu boðið að gerast viðskiptastjóri eða „business manager“ hjá öðru þekktu, alþjóðlegu snyrtivörumerki, Laura Mercier. „Það var ótrúlega skemmtilegt og fjölbreytt starf, ég ferðaðist á hina og þessa staði og viðburði þar sem verið var að selja vörur frá Laura Mercier. Það gekk rosalega vel og eftir eitt ár fékk ég stöðuhækkun; mér var boðið að opna verslun á vegum snyrtivörumerkisins

Framhald á síðu 18

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Charlotte Tilbury í Seattle og gerast „launching business manager“. Ég sá meðal annars um að þjálfa sölufólkið, halda „masterclass“ og skipuleggja alls kyns viðburði. Þar kynntist ég fólki sem vinnur við stóra viðburði eins og Grammyverðlaunin, Óskarsverðlaunin og Met Gala. Ég hafði verið stór fiskur í lítilli tjörn fram að því. Þarna var ég orðinn lítill fiskur í stóru hafi, má segja.“

Í byrjun ársins tók Dagbjört síðan við starfi „Visual Manager“ hjá Target, einni stærstu verslunarkeðju Bandaríkjanna. Í starfinu ber hún ábyrgð á útliti verslana Target. „Mitt hlutverk snýst svolítið um að búa til þessa upplifun fyrir viðskiptavininn og skapa andrúmsloft, alveg frá því að hann kemur inn í búðina og þar til hann kemur að kassanum. Það þarf að halda þessari tengingu á milli allra deildanna.“

Starf Dagbjartar felst meðal annars í því að finna út hvernig best er að stilla upp vörum í versluninni þannig að það fangi athygli viðskiptavinnanna. „Þetta snýst í raun mikið um mannauðsstjórnun og að hafa yfirsýn yfir allar verslanir. Ég er ekki mikið að fara inn í verslanir og raða sjálf.“

Dagbjört bendir á að „retail“ eða smásöluverkaðurinn í Bandaríkjunum sé afar erfiður í dag, enda netverslanir farnar að taka yfir. „Amazon er eiginlega að kæfa allar verslanir hérna. Stórar keðjur eins og Nordstrom, Macy's og Toys'r'us eru allar að fara á hausinn. Target er ein af þeim fáu verslunum í Bandaríkjunum sem eru ennþá að vaxa og ná gróða, meðal annars af því að þar er lagt upp með að gera verslanirnar skemmtilegar, þannig að fólk gefi sér tíma til að koma og eyða tíma þar inni. Ég kann rosalega vel við mig hjá Target og ég er mjög ánægð með vinnukúltúrinn hérna. Starfsmenn fyrirtækisins fá fríðindi sem almennt þekkjast ekki í Bandaríkjunum, eins og heilbrigðisstryggingar og launaða frídaga og veikindadaga. Starfsaldurinn er almennt hár og margir hafa starfað í fyrirtækinu í áratugi. Ég sé alveg fyrir mér að vera í þessu starfi næstu árin. Ég veit að ég vil ekki vera í vinnu þar sem ég á ekki möguleika á að vinna mig upp.“

Hjónin útloka ekki barneignir í framtíðinni, en eins og Dagbjört bendir á þá er hægara sagt en gert að vera útívinandi móðir í Bandaríkjunum.

Dagbjört segist aldrei hafa fundið sig almennilega á Íslandi. Tækifærin eru mun fleiri í Bandaríkjunum.

„Heima á Íslandi var ég alltaf að leita að sjálfri mér“

„Það er ekki óalgennt að konur hverfi alveg af vinnumarkaðnum eftir að þær eignast börn, ekki af því að þær vilji það endilega heldur af því að þær hafa ekkert val. Gæsla fyrir barn í „day care“ er rándýr, og getur auðveldlega slagað upp í hundrað þúsund krónur á mánuði. Ég vil vera sjálfstæð, það skiptir mig miklu máli að ég geti staðið á eigin fótum hérna úti og þurfi ekki að reida mig algjörlega á manninn minn.“

Kölluð „kanamella“

Í júlí 2017 varð Dagbjört vitni að skotárás í Southcenter-verslunarmiðstöðinni, en á þeim tíma starfaði hún þar sem förðunarfræðingur. Karlmaður skaut úr byssu inni í matsal í verslunarmiðstöðinni rétt fyrir klukkan níu að kvöldi og varð mikið uppþot þó að engan skaðaði.

Íslenskir fréttamiðlar greindu einnig frá málinu og ræddu við Dagbjörtu. Í kjölfarið birtust nokkrar særandi athugasemdir á kommentakerfum og samfélagsmiðlum. Einhver kallaði hana „kanamellu“ en Dagbjört segist þó lítið kippa sér upp við þann titil. „Einn sendi mér skilaboð á Facebook sem voru eitthvað á þessa leið: „Hva, ertu komin með einhvern svartan í Ameríku, eru íslenskir gaurar ekki nógu góðir fyrir þig?““

Þetta er eins og í „ástandinu“ forðum daga.

„Já, þegar flóabítnir íslenskir sjómenn horfðu upp á ameríska data heilla íslensku stelpurnar með „twinkies“, og nælon-

sokkum og rokk og ról. Þær voru búnar að gefast upp á íslenskum fylliröftum.“

Komin til að vera

Dagbjört sér fyrir sér að búa áfram í Bandaríkjunum. Hún er komin til að vera.

„Á Íslandi voru engin tækifæri fyrir mig. Það var enginn staður þar sem mér leið vel, þar sem ég gat plumað mig og gengið vel. Ég sé það ekki fyrir mér ég búi á Íslandi. Ég elska Ísland og það er alltaf yndislegt að koma þangað. En það er ekkert fyrir mig að gera þar.“

Dagbjört segir að það sé engu að síður ýmislegt sem hún sakni frá Íslandi.

„Eins og að geta farið á Læknavaktina og borga bara 3.700 krónur fyrir læknaviðtal. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég heimsótti Ísland núna síðast var að fara til tannlæknis. Það eru fjölmörg tækifæri hérna í Bandaríkjunum, en ef maður vogar sér að fá bráðaofnæmi eða krabba-mein þá getur maður auðveldlega misst allt. Ég lenti til dæmis í því snemma á seinasta ári að það var eittrað fyrir mér og ég lá á gjörgæslu í viku. Reikningurinn sem við fengum frá spítalanum var upp á milljón dollara, rúmlega 100 milljónir íslenskra króna. Sem betur fer erum við bæði vel tryggð í gegnum vinnuveitendur þannig að tryggingarnar dekkjuð mestallan kostnaðinn, en ég endaði samt með skuld upp á rúmlega fjórar milljónir.“

Goðsögnin um ameríska drauminn

Hjónin bífa dag í Spanaway í Washington-fylki, í rúmlega 40 mínútna akstursfjarlægð frá Seattle. Þau hafa komið sér vel fyrir í fallegu einbýlishúsi og njóta þess að vera saman í frístundum.

Aðrir meðlimir fjölskyldunnar eru þrír kettir, hundur og lítill þvottabjörn sem hefur gert sig heimakominn fyrir aftan húsið. Hann heitir því skemmtilega nafni Tugboat. „Hann er feitur og þegar hann labbar þá vaggar rassinn og lærin, svo ég var alltaf að gera svona „tuggtuggtuggtugg“ hljóð. Þaðan kemur nafnið. Hann kemur oft og leggur sig í garðinum og bankar síðan á glerhurðina ef hann er svangur.“

Dagbjört segir þvottabirni vera hrikalega skemmtileg dýr.

„Tugboat heldur öðrum rándýrum frá húsinu og er líka góður við dýrin okkar. Hann leyfir mér mér að klappa sér þótt hann sé ekkert að sækja í það.“

Í ágúst á þessu ári munu þau hjónin fagna sex ára brúðkaupsafmæli. Dagbjört uppfyllti á dögnum gamlan draum þegar hún eignaðist blæjubíl, Volkswagen-bjölllu.

„Það var nefnilega þannig að Ben langaði alltaf að kaupa fyrir mig giftingarhring, demantshring, og hann var búinn að safna fyrir honum. Ég hef bara aldrei verið mikið fyrir skart. Hann sá síðan í fréttunum að það væri verið að hætta að framleiða þessa bílategund. Þannig að í staðinn fyrir hring þá splæsti

Þvottabjörnin Tugboat hefur sest að í garði fjölskyldunnar.



hann í blæjubjölllu. Það er vegur rétt hjá húsinu okkar sem liggur í gegnum skóg, og þar eru fleiri hundruð þvottabirnir. Við höfum stundum farið og gefið þeim að borða. Það er líka æðislegt að keyra með fram ströndinni. Við förum líka oft til Oregon, sem er næsta fylki við Washington.“

Þetta hljómar eins og ameríska draumurinn.

„Já, kannski, en þessi draumur er ofboðslega brothættur. Það er afskaplega þunn lína á milli þess að hafa það mjög gott og mjög slæmt.“

Dagbjört nefnir gott dæmi um myndbirtingu ameríska draumsins. „Húsið sem við búum í núna er 270 fermetra einbýlishús, stórt og flott að utan. En það er hins vegar byggt úr spýtum og frauðplasti eins og svo mörg önnur hús hér, það er engin steypa. Í sterkum vindhviðum hrynur húsið auðveldlega saman. Ef það brotnar tré við hliðina á húsinu þá fer það í gegnum þakið. Þú getur brotist inn með því að kýla gat á vegginn. Á yfirborðinu er allt rosalega grand og glæsilegt. En innviðirnir eru veikir.“

Mér finnst þetta endurspeglar svolítið þennan ameríska draum. Það skiptir sköpum að vera duglegur að vinna, eiga mikinn sparnað og gott bakland, af því að þú hefur ekkert bakland frá ríkinu. Ef Bandaríkjamönnum er sama þó að fyrrverandi stríðshetjur búi á götunni og frjósi í hel þá er þeim held ég alveg sama um einhverja 27 ára gellu frá Íslandi.“ ■

Þrif og ræstivörur Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Vaktsími allan sólarhringinn



Hafðu samband og fáðu tilboð í verkið

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef óvænt verkefni koma upp.

Vaktsíminn er 8652425

Frostagötu 4c, 603 Akureyri Símar: 461 5232 / 892 | Netfang: thrif@thrif.is | Veffang: www.thrif.is



Vinsælasta Fjölskyldusýningin

á Íslandi

MAMMA KLIKK!

Síðustu
sýningar
komnar í
sölu

Tryggið ykkur
miða á tix.is

Síðustu sýningar á Mömmu klick! komnar í sölu. Mamma klick! er vinsælasta fjölskyldusýning ársins en nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða á þessa fallegu og fyndnu fjölskylduskemmtun.

Sýningar

12 mars kl 19
15 mars kl 13 og 16
22 mars kl 13 og 16
29 mars kl 13 og 16
19 apríl kl 13 og 16
26 apríl kl 13 og 16


„Mamma klick! flytur mikilvægan boðskap um umburðarly samheldni, virðingu og vináttu. Það slær heitt hjarta í bókina og það slær hratt og taktfast í þessari stórskemmtilegu og brosmildu sýningu.“ –

Þorgeir Tryggvason, Morgunblaðið



tix : IS

Tímarvélín



Líkamsrækt er besta fjárfestingin
Líkamsrækt eykur þol og þrek.
Hún er nauðsynleg hverjum nútímamanni.

Gamla
auglýsingin

Vikan, 27.12.1984

Þegar Íslendingar kynntust líkamsrækt

■ Líkamsræktaræðið grípur um sig ■ Líkamsræktarstöðvar spruttu upp eins og gorkúlur

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Á síðustu árum hefur sprottið upp mikill fjöldi svonefndra líkamsræktarstöðva, og fyrir skömmu var haldin hér á landi sýning á því fólki sem náð hafði langt í að byggja upp mikil vöðvabúnt. En ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti þeirrar þjálfunar sem þarna fer fram þó flestir séu sammála um að aukin líkamsrækt sé bæði nauðsynleg og æskileg. Í fjölmiðlum undanfarna daga hefur komið fram gagnrýni á að ekki sé staðið að þjálfuninni í líkamsræktarstöðvunum eins og æskilegt væri og þá einkum að ekki sé þar sérþjálfað starfsfólk til leiðbeiningar. Þá hefur einnig verið bent á að fólk hafi ofreynt sig og slazast vegna rangrar þjálfunar.

Þannig hófst frétt sem birtist í DV í febrúar árið 1982. Á níunda áratugnum rann heilmikið líkamsræktaræði á Íslendinga. Fram að því voru það nær aðallega kraftlyftingamenn og keppendur í íþróttum sem stunduðu það að lyfta lóðum. Líkamsræktarstöðvar spruttu upp eins og gorkúlur víða um land á næstu árum og samhliða því jukust vinsældir vaxtaræktar og þolfimi.

„Hingað koma menn alls staðar að. Úr atvinnulífinu, rannsóknarlögreglumenn jafnt sem bifvélavirkjar. Við fengum meira að segja heilt sprautuverkstæði úr Kópavoginum,“ sagði athafnamaðurinn Sveinbjörn Guðjohnsen í samtali við blaðamann DV í september 1980. Nokkrum mánuðum áður hafði hann ásamt Viðari bróður sínum stofnað Orkubót, fyrstu íslensku líkamsræktarstöðina. Í frétt DV var að vísu talað um „líkamsræktarstofu“.

„Jú, við gerum það sem kallað er að pumpa járn,“ segir Sveinbjörn. „Þeir, sem koma til okkar, eru aðeins að halda líkamnum í formi. Aðrir til að fá á sig vöðva. Erlendis er það fyrirbæri nefnt bodybuilding og við höfum fengið flest þau tæki, sem menn þurfa til að gera sjálfa sig að vöðvaknippum.“

Sveinbjörn tjáði blaðamanni að „líkamsræktarstofur eins og þessi væru orðnar mjög algengar erlendis.“ Þá sagði hann að honum væri aðeins kunnugt um eina slíka stofu á Íslandi, Heilsuræktarstofu Eddu, en sú stofa hafði verið lögð niður nokkrum árum áður.

Árið 1980 var opnuð önnur líkamsræktarstöð í Reykjavík. Bar stöðin nafnið Heba og þótti það nokkur nýbreytni að þar var eingöngu boðið upp á kvennatíma. Í grein DV í september 1980 segir:

„Þar er boðið upp á alhliða leikfimi, gufubað, ljós. Þá er gigtarlampi á staðnum. Konunum er síðan boðið upp á kaffi á eftir tímum og þær fá sérstaka matarlista, að sögn Svövu Svavarsdóttur, annars af eigendum. Hún sagði, að



Eru líkamsræktarstöðvarnar til gagns eða ógagns?

„Jú, við gerum það sem kallað er að pumpa járn.“

með leikfiminna væri reynt að ná til allra vöðvanna.“

„Þeir Viðar og Sveinbjörn í Orkubót eru ekki einir um hituna því neðar í Brautarholtinu hefur heilsuræktin Apollo aðsetur. Hún er minni um sig en ágætlega búin nýjustu tækjum. Þar ráða þeir ríkjum Birgir Viðar og Heimir Jensson og sjá um handleiðslu allan þann tíma sem menn sækja heilsuræktina. Þar er meiri áhersla lögð á hæga en markvissa þjálfun hinna ýmsu líkamshluta en hjá Orkubót og þeir sem vilja pumpa mikinn og lyfta miklum þyngdum í ró og næði eru sennilega betur komnir hjá þeim Viðari og Sveinbirni.“ sagði í grein Vikunnar í desember 1981. Nokkrum mánuðum áður ræddi Birgir Viðar Halldórssón, annar eigenda Apollo við blaðamann DV og sagði að konur væru helmingi fleiri en karlmenn. Hann sagði að honum virtist sem þær hugsuðu betur um líkama sinn, en í fyrstu hafi þetta verið feimnis-mál, því þær héldu að þær fengu vöðva.

Þá sagði Viðar Guðjohnsen hjá Orkubót að hjá þeim væru konur heldur fleiri en karlar, og tók hann í sama streng og Birgir um fordóma kvenna gagnvart líkamsrækt. Hann sagði að konur hefðu hins vegar öðru vísi hormónastarfsemi, þannig að vöðvar þeirra ættu erfiðara með að stækka.

„Við höfum ekki haft undan við að svara fyrirspurnum undanfarna daga, það hafa jafnvel heilu saumaklúbbarnir sýnt áhuga á að koma,“ sagði Guðmundur Svansson í



samtali við DV árið 1982, en hann var þá einn af eigendum líkamsræktarstöðvarinnar Pallas á Akureyri. Meðal annars kom fram að æfingakerfi stöðvarinnar væri að amerískri fyrirmynd.

Sagði sum tækin vera stórhættuleg

Það voru þó ekki allir sáttir við þetta nýja æði og jafnvel komu upp hugmyndir um að taka upp eftirlit með líkamsræktarstöðvum. Menn gagnrýndu að ekki væri fagfólk við störf inni á stöðvunum.

„Ég hef ekki getað kynnt mér þessar stöðvar nema lítilllega, en ég veit að sum tækin sem þar eru notuð eru stórhættuleg,“ sagði Kristín E. Guðmundsdóttir, formaður Félags íslenskra sjúkrapjálfa, í samtali við DV á sínum tíma.

„Þessar stöðvar taka á sig mikla ábyrgð með því að hafa ekki fagfólk við störf. Við

svona tækjapjálfun þarf geysilegt eftirlit og flestir byrja á of þungum æfingum vegna vankunnáttu. Það er númer eitt að fagfólk sé til leiðbeiningar og starfsemi þessara stöðva er beint inn á verksviði íþróttakennara.“

Þá sagði Skúli Johnsen borgarlæknir að það væri út í hött að ætla að setja starfsemi líkamsræktarstöðvanna undir sérstakt eftirlit. Sagðist hann ekki hafa kannað starfsemi þessara stöðva nákvæmlega, en hann vissi þó til að þar væru gefnar einhverjar upplýsingar um mataræði, en það væri ekki í lækningaskyni.

„Ef svo væri myndi það; varða við lög sem skottulækningar. En þarna væri um að ræða upplýsingar sem væru jafnsjálfsagðar og að „segja íþróttamönnum að reykja ekki og að temja sér hollustu í mataræði.“ ■

Menning & viðburðir

06. mars 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Stórsveit Reykjavíkur

Í heimi rytmískrar tónlistar á Íslandi skipar Stórsveit Reykjavíkur svipaðan sess og Sinfóníuhljómsveit Íslands gerir í klassískri tónlist. Stórsveitin er fjölmennasti tónlistarhópur landsins á þessu sviði og samnefni þeirra sem leggja með alvarlegum hætti stund á aðra tónlist en klassíska. Stórsveit Reykjavíkur er með fast æfingaaðsetur í Hörpu að sögn Sigurðar Flosasonar, saxófónleikara og formanns stjórnar hljómsveitarinnar.

Stórsveitin telur alljafna 17 hljóðfæraleikara sem allir eru vel menntaðir atvinnutónlistarmenn, þar af eru nokkrir af fremstu djasstónlistarmönnum þjóðarinnar. „Við höldum að jafnaði 6–8 átta tónleika á hverju starfsári. Þetta er þéttur hópur og endurnýjun er hægt. Þá er þetta hæfileikaríkt og eftirsótt fólk sem tekur þátt í fjölda verkefna utan Stórsveitarinnar. Því er sjaldgæft að við komum öll fram á tónleikum. Þegar svo ber undir fáum við inn staðgengla til þess að hlaupa í skarðið. Því samanstendur hljómsveitin af mun stærri hóp en sautján manns.“

Hljómsveitin var stofnuð í febrúarmánuði 1992. Helsti hvatamaður að stofnun hennar var Sæbjörn Jónsson en hann var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar frá

upphafi og til ársins 1999. Þá urðu þáttaskil í rekstri sveitarinnar og síðan þá hefur einkum verið unnið með virtum erlendum gestastjórnendum eða leiðandi fólki í íslensku djasslífi.

„Lengi vel voru bara karlar í Stórsveitinni, en við hljómsveitina hefur bæst kona og erum við því um 16 karlar og ein kona. Við værum mjög til í að hafa þær fleiri. Ástæða fyrir þessu er líklega sú að það hefur verið þannig að fáar konur hafa farið út í þessi hefðbundnu stórsveitarhljóðfæri og þessa músík, en við sjáum að þetta er að breytast og erum spennt fyrir framhaldinu.“

Stórsveit Reykjavíkur hefur á undanförunum árum haldið á fjórða hundrað tónleika víða í Reykjavík sem og á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Þá hefur sveitin gefið út átta geisladiska. Stórsveitin leggur sig eftir breiðum stíl tónlistarlega séð; flytur nýja og framsækna íslenska og erlenda tónlist, en leikur einnig vinsæl eldri verk með vinsælustu söngvurum þjóðarinnar. „Við viljum flytja eins fjölbreytta tónlist og hægt er fyrir alla aldurshópa. Þá hafa jólatónleikarnir okkar t.a.m. verið sérstaklega fyrir unga áhorfendur. Það spanna fáir tónlistarhópar álíka breidd og Stórsveit Reykjavíkur, frá hinu nýjasta og sértækasta til hins alþýðlegasta.“

Stórsveitarmarapón

„Við eigum eftir að halda tvenna tónleika það sem af er þessu starfsári. Þann 22. mars næstkomandi verðum við með Stórsveitarmarapón í Hörpu. Þá bjóðum við stórsveitum landsins að koma og spila með okkur á marapöntónleikum. Þetta eru hátt í tíu bönd viðsvegar að af landinu, þá spila skólasveitir, áhugamannasveitir og ýmsir aðrir. Stórsveit Reykjavíkur byrjar að spila í hálf tíma og svo tekur næsta band við og spilar í jafnlangan tíma. Svona gengur það koll af kalli. Með þessu viljum við efla stórsveitarstarfið í landinu.“

Glæný íslensk tónlist

„Þann 24. maí munum við halda árlega tónleika okkar, Ný íslensk tónlist, þar sem Stórsveitin flytur glænýtt íslenskt efni. Hægt er að nálgast miða á miðasólufef Hörpu, harpa.is.“

Fjöl margir innlendir og erlendir gestir hafa komið fram með hljómsveitinni á liðnum árum sem einleikarar, einsöngvarar og gestastjórnendur. Þeirra á meðal má nefna Bandaríkjamennina Bob Mintzer, Frank Foster, Dick Oatts, Tim Hagans, Bill Homan, John Fedchock, Greg Hopkins, Andrew D'Angelo og Travis Sullivan. „Við unnum með Mariu Schneider fyrir ekki svo löngu og það

var alveg sérlega eftirminnlegt.“

Einnig má nefna lykilmenn í djassheimi Norðurlanda svo sem Ole Kock Hansen, Eero Koivistonon, Lars Jansson, Geir Lysne, Helge Sunde, Fredrik Norrén, Jesper Riis, Nikolaj Bentzon, Ulf Adåker, Lasse Lindgren, Daniel Nolgård og Pétur Östlund. Þá hefur Þjóðverjinn Ansgar Stripens einnig unnið með sveitinni. „Nú nýlega héldum við tónleika með Mariu Babbist þar sem hennar tónlist var leikin. Tókust þeir tónleikar með eindæmum vel.“

Innlendir stjórnendur hafa m.a. verið Sigurður Flosason, Samúel J. Samúelsson, Þórir Baldursson, Stefán S. Stefánsson, Hilmar Jenson, Össur Geirsson og Kjartan Valdemarsson. Fjöl margir íslenskir söngvarar hafa komið fram með sveitinni í gegnum árin. Þeirra á meðal eru meðal annars Ragnar Bjarnason, Andrea Gylfadóttir, Ellen Kristjánsdóttir, KK, Jón Jónsson, Elly Vilhjálm, Egill Ólafsson, Friðrik Dór, Kristjana Stefánsdóttir og Ragnheiður Gröndal. „Það hefur í það heila verið alveg frábært að vinna með öllu þessu hæfileikaríka fólki viðsvegar að úr heiminum. Það er ómetanlegt að verða fyrir svo fjölbreyttum straumum frá öllum þessum ólíku listamönnum frá öllum heimshornum.“



Mynd: Mummi Lú.



Mynd: Anna Stark.



Mynd: Anna Stark.

Út við Himinbláu Sundin

Lög gömlu góðu söngkvennanna



Svanhildur



Sigurlaug Vordis



Hugufrún Sif



Mjöll Hólm



Helena Eyjólf



Hreindís Ylva

ÚT VIÐ HIMINBLÁU SUNDIN:

Tímaferðalag í gegnum tónlist í Salnum 14. mars

Djúsi dægurlagaperlur eins og Hvítu mávar, Segðu ekki nei, Út við himinbláu sundin, Jón er kominn heim, Nótt í Atlavík, Við arineld, Tvö ein í tangó, Bjóssi á hól og margar fleiri munu hljóma á glæsilegum tónleikum í Salnum, Kópavogi, þann 14. mars. Hefjast tónleikarnir kl. 20.30.

Hulda Jónasar er sú sem hóf ferlið að ná saman því úrvalslíði sem prýða tónleikadagskrá Út við himinbláu sundin. „Tónleikarnir eru óður til söngkvennanna okkar sem greyptu þessi fallegu og skemmtilegu lög í minni þjóðarinnar á árunum árunum 1954–1974.“ Söngkonur eins og Svanhildur Jakobs, Erla Þorsteins (1933–), Erla Stefáns (1935–2015), Hallbjörg Bjarna (1915–1997), Adda Örnólfs (1935–), Soffía Karls, Helena Eyjólf og Mjöll Hólm.

„Aðalástæða þess að ég ákvað að fara af stað með þessa tónleika er einfaldlega sú að mér finnst þessi gömlu góð lög ekki heyrast nóg í dag. Svo eigum við þessar dásamlegu söngkonur sem margar hverjar er ennþá í fullu fjöri. Þrjár af þeim taka þátt í tónleikunum, þær Svanhildur,

Helena og Mjöll. Þær eru gífurlega hæfileikaríkar og það hefur heyrst allt of lítið í þeim undanfarin ár.“

Einnig munu koma fram þær Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm, Hugufrún Sif Hallgrímsdóttir og Sigurlaug Vordis sem allar eru bráðefnilegar og hafa vakið verðskuldaða athygli.

„Við erum með fimm manna eðalband undir stjórn Rögnvalds Valbergssonar sem er kirkjuorganisti á Sauðárkróki. Aðrir í hljómsveitinni eru Hugufrún Sif, sem spilar á flautur, Jonni, á bassa, Fúsi Ben, á gítar og Siggí, á trommur.“

Fer á kostum sem sögumaður

Að sjálfsögðu fylgja söngkonunum og lögum gríðarskemmtilegar sögur og því mun hin óviðjafnanlega Valgerður Erlingsdóttir rifja upp tíðarandann og fara gjörumlega á kostum sem sögumaður á tónleikunum. Við lofum eintómri gleði og dásamlegri tónlist og svo mörgum skemmtilegum sögum.

„Við vorum með tónleika í Sæluvíku Skagfirðinga og í Hofi á Akureyri. Á báðum stöðum var troðfullt hús og mikil stemning.

Einnig vorum við með tónleika í Salnum í Kópavogi í haust og þá komust færri að en vildu. Því var ákveðið að endurtaka leikinn núna og bjóða upp á aðra tónleika.“

Hér eru nokkrar umsagnir gesta um tónleikana:

„Komin heim úr Hofi 12 himinlifandi heldriborgarar eftir tónleikana ... Óslitin skemmtun og ekki skemmdi að fyrir utan Helenu og Mjöll Hólm voru þessir frábæru listamenn Skagfirðingar! Sannkallaður fagnaðarfundur og kom skemmtilega á óvart.“ – Þórdís Hjálmarsdóttir.

„Það sem þær syngja fallega, Sigurlaug Vordis og Hreindís Ylva.“ – Helga Þorsteinsdóttir.

„Frábært, þið eruð hver annarri betri, flottar.“ – Hallgerður Gunnarsdóttir

„Þið voruð yndisleg öll.“ – Lilja Bóthildur Alfreðsdóttir.

„Takk fyrir skemmtunina.“ – Sigríður Sigurðardóttir



Hér er sönghópurinn samankominn ásamt Þuríði Sigurðar söngkonu. Frá vinstri: Valgerður, Sigurlaug, Hreindís, Hugufrún, Mjöll, Þuríður, Helena og Svanhildur.

Tryggðu þér miða í síma 441-7500 eða í miðasölu Salarins í Kópavogi. Opnunartími er á milli 12–16 á þriðjudögum til föstudaga og 1 klukkustund fyrir tónleika. Tölvupóstur: salurinn@salurinn.is Fylgstu með viðburðinum á Facebook: Gná tónleikar.



Elfar í góðum félagsskap Dimmalimm og prinsins.

ÍÐUNN OG EPLIN OG ÆVINTÝRIÐ UM DIMMALIMM:

Stórskemmtilegar leiksýningar á vegum Kómedíuleikhússins

Kómedíuleikhúsið, fyrsta og eina atvinnuleikhús Vestfjarða, var stofnað á því herrans ári 1997. Leikhúsið hefur sett á svið fjölda leikverka sem eiga það flest sameiginlegt að tengjast sögu Vestfjarða á einn eða annan hátt. „Kómedíuleikhúsið er ferðaleikhús eða leikhús á hjólum, enda ferðumst við með sýningarnar um land allt, allan ársins hring. Á veturna sýnum við aðallega í skólum og á sumrin sýnum við á ýmsum hátíðum. Það eru forréttindi að fá að ferðast um landið og kynnst öllu þessu fallega og skemmtilega fólki sem kemur á sýningarnar okkar,“ segir Elfar Logi Hannesson.

Bíldudalsprinsinn sem samdi vinsælasta íslenska ævintýrið Ævintýrið Dimmalimm þekkja flestir bókelskir Íslendingar. „Sagan er sterklega tengd Vestfjörðum enda samdi listamaðurinn og Bílddælingurinn Guðmundur Thorsteinsson söguna og myndskreytti handa systurdóttur sinni Helgu Egilson. Guðmundur, betur þekktur sem Muggur, var oft kallaður Bíldudalsprinsinn. Faðir hans var kallaður kóngur enda var hann einn ríkasti maður Íslands á sínum tíma. Það er því engin furða að prinsinn leiddist út í samningu ævintýra með þessa konunglegu ættartölu.

Dimmalimm er 44. leiksýning

Kómedíuleikhússins. Þessi stórskemmtilega brúðsýning var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu 16. mars 2019 við frábærar undirtektir ungra sem aldinna áhorfenda. „Síðan höfum við ferðast um og sett hana upp hátt í fimmtíu sinnum í hinum ýmsum skólum, leikskólum, hátíðum og fleira. Þá höfum við jafnvel sýnt úti á túni sem á reyndar afar vel við, því það minnir skemmtilega á brúðleikhúsin í gamla daga. Sýningin virðist virka vel í hvaða umhverfi sem er.“ Að baki sýningarinnar stendur úrvalslíð leikhúsfólks og má þar nefna Elfar Loga sem stjórnar brúðunum af einskærri list og Þröst Leó Gunnarsson sem leikstýrir. Tónlistin er svo í höndum Björns Thoroddsen. „Þess má geta að allir erum við frá Bíldudal.“ Brúðurnar gerðu þær Alda Veiga Sigurðardóttir og Marsibil G. Kristjánsdóttir og Dimmalimm sjálfa leikur hún Vigdís Hrefna Pálsdóttir. Sögumaðurinn, Arnar Jónsson, segir síðan frá. Sýningin er um 40 mínútna löng.

Næstu sýningar:

- sýn. lau. 7. mars AKRANES. KALMAN LISTAFÉLAG
- sýn. lau. 14. mars AKUREYRI. GLERÁRTORG.
- sýn. sun. 15. mars SAUDÁRKRÓKUR. Mælifell
- sýn. lau. 18. apríl HÚSAVÍK

Íðunn og eplin brýtur reglur Kómedíuleikhússins

Íðunn og eplin er ný og spennandi sýning á vegum Kómedíuleikhússins. „Við viðurkennum það fúslega að með sýningunni seilumst við örlítið lengra en í vestfirskan sagnaarf. Hér erum við komin í goðheima en okkur hefur lengi langað til þess að fást við norrænu goðafræðina. Sögurnar eru svo leikrænar og heillandi og því fannst okkur tilvalið að setja á svið eina skemmtilegustu sögu þessa samnorræna sagnaarfs, söguna um Íðunni og eplin.

Þetta er brúðsýning af bestu gerð. Einnig notumst við töluvert við grímur. Þá kemur Óðinn t.d. til sögunnar sem grima með sitt og mikið skegg. Sögumaður í leikritinu er enginn annar en Heimdallur sjálfur, varðmaður goða og gyðja. Hann segir sögur á meðan það er rólegt á vaktinni við Bifröst.“

Íðunn og eplin var frumsýnt 12. febrúar 2020 í Grunnskóla Flateyrar. Sýningin er bráðfjörug og skemmtileg og rétt um 40 mínútna löng. Hún hentar öllum aldurshópum og hægt er að setja sýninguna upp nánast hvar sem er. Handrit og leikur er í höndum Elfars, leikmynd buningar og leikstjórn er í höndum Marsibil G. Kristjánsdóttur. „Það er svo aldrei að vita nema Heimdallur taki sér aftur vaktafri og fari að segja fleiri sögur úr goðheimum.“ Aðdáendur Kómedíuleikhússins

verða víst að biða og sjá, en þangað til er um að gera að skella sér á sýningu á Íðunni og eplunum eða aðrar sýningar á vegum leikhússins.

Bakkabræður

Þess má geta að Kómedíuleikhúsið hlaut nýverið styrk til þess að setja upp sýningu um þá einföldu, norðlensku Bakkabræður: Gísla, Eirík og Helga. Bræðurnir koma samkvæmt þjóðsögum úr Svarfaldardal og verður spennandi að sjá hvernig Kómedíuleikhúsið fer með þetta viðfræga þjóðsagnaefni. „Bakkabræður verður sýning haustsins hjá okkur í Kómedíuleikhúsinu og verður frumsýnd í október.“ Um er að ræða einleik þar sem Elfar leikur öll hlutverkin í sýningunni. Að sögn verður ekki búið að klóna Elfar. „Það er nú svo að maður segir að sjálfsögðu bara já við leikstjórnann. Hann er með þetta á hreinu. Við hlökkum virkilega til þess að fá að setja bílinn í gang og sýna Bakkabræður um land allt á komandi vetri.“

Fylgstu með næstu sýningum Kómedíuleikhússins á Facebook. Nánari upplýsingar á vefsíðunni kmedia.is

Hafirðu áhuga á að panta sýningu hjá Kómedíuleikhúsinu er hægt að senda póst á kmedia@kmedia.is eða hringja í síma 891-7025.



Finnska listamannasveitin **Vieno Motors**, sem stofnuð var af listamönnum Ilonä Valkonen, framkvæmdi anarkískan blómagjöfning við opnun sýningarinnar við mikinn fögnuð sýningargesta. Byggingardót úr framkvæmdunum á salnum ásamt lifandi blómum voru ernviður þessa listagaldurs.

Finnskíslenskir dagdraumar í Norræna húsinu

Norðurlandþjóðirnar Finnland og Ísland kallast á yfir hafið í glæsilegri myndlistarsýningu í Norræna húsinu. Land handan hafsins, eða Maa meren takana, eins og hún nefnist á finnsku. Sýningin var opnuð þann 24. janúar og lýkur 5. apríl næstkomandi.

Verkin á sýningunni eru eftir fimm ólíka finnska listamenn. Verkin eru í ólíkum miðlum, þar á meðal eru vídjöverk, málverk, skúlpútur og fleira. En í verkunum slá þessir ólíku listamenn saman í takt sem tengir ekki bara Finnana fimm, heldur líka Íslendinga og Finna yfir hafið kalda. Stofnunin Pro Artibus er framleiðandi sýningarinnar og sýningarstjóri er Juha-Heikki Tihinen. Sýningin var sett saman í framhaldi af samsýningu íslenskra samtímalistamanna, *By Water – Icelandic artists on the shores of Finland*, sem var sett upp í Helsinki og Tammsaari 2016.

Eriks Creutziger (f. 1982): Fantasían getur vissulega verið flótti frá veruleikanum, en hún er engu að síður hæfileikinn til að prófa eitthvað allt öðruvísi. Í málverkum sínum tjáir listamaðurinn fegurð og gildi margræðinnar.

Marjo Levlin (f. 1966): Fortíð og nútíð fléttast saman í ljóðrænu verki sem endurspeglar napran veruleika innflytjenda sem dreymir um betra líf. Sögumaður verksins er í fyrstu persónu og tekur okkur með sér í ferðalag þar sem frásögnin rennur inn í nútímann.

Carl Sebastian Lindberg (f. 1978): Langafi listamannsins barðist með þeim sem lutu í lægra haldi í finnsku borgarastyrjöldinni. Fangavist hans í herbúðum óvínarins risti djúp sár í Lindberg-fjölskylduna. Verkið kallar fram áleitnar spurningar um vald ríkisins gagnvart einstaklingnum og það hvernig saga þjóðar og einstaklinga fléttast saman.

Susanna Majuri (f. 1978): Susanna fléttar saman í ljósmyndum sínum ólíka heima og afhjúpar í þeim augnabliksnánd. Hinn sanni

viðmiðunarrámmi liggur handan þess sem blasir við okkur. Ljósmyndir Susönnu draga fram draumkenndan og dulúðugan heim og sýnir okkur inn í fjölmörg lög veruleikans.

Pauliina Turakka Purhonen (f. 1971): Vinnur þrívíð textilverk og sækir innblástur í bernskuminningar og miðaldaskúlpúta. Hún ögrar okkur um leið og hún kannar efnisáferð og listasöguna. Hún notar andlit sitt og ástvína sinna sem myndefni í stórkostlegum sviðsmyndum sem draga upp margbrotna tilveru milli himnaríkis og helvítis.

Sameiginlegir draumar hinum megin við hafið

Með samslætti listamannanna minnir sýningin Land handan hafsins á tangólag. Það vill líka svo til að Satumaa (Land draumanna) er nafn á vinsælum finnskum tangó þar sem sungið er um undursamlegan og óljósan stað sem alla dreymir um að komast til, sem er einmitt eitt af stefnum sýningarinnar. Í verkunum veita listamennirnir áhorfandanum innsýn í drauma sína og hugmyndir um betri heim. „Það tengja allir við þetta stef því okkur dagdreymir jú öll, hvort sem við erum íslensk, finnsk, barnung eða gömul. Finnarnir deila með okkur vetrarmyrkrinu, kuldanum og einangruninni sem fylgir því að vera eyja úti í miðju Atlantshafi. Þrátt fyrir að vera hluti af meginlandinu er Finnland þó eins og eyja í útjaðri Skandinavíu. Þeim þykir jafnskemmtilegt og okkur að segja sögur og fantasera í myrkrinu um sumarið og hlýja staði. Þráin eftir hinu hlýja, bjarta og exótiska er það sem sameinar okkur,“ segir Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Norræna hússins.

Land handan hafsins er sýnd í Hvelvingunni í Norræna húsinu. „Starf Norræna hússins snýst um að taka þátt í norrænni samfélagsorðræðu. Hvelvingin er nýþuppgerð sýningarrými á neðri hæðinni þar sem ætlinin er að kynna Íslendingum norrænar listir og menningu og Land handan hafsins er liður í þeirri starfsemi.“

Fyrir framan sýningarrýmið

hefur Norræna húsið sett upp fallega verslun með norrænum hönnunarvörum. „Litla hönnunarbúðin okkar er sífellt að breytast og vaxa. Margt af því sem fæst hjá okkur fæst ekki svo greiðlega annars staðar á Íslandi.

Þá erum við með töluvert af skemmtilegri finnskri hönnun sem eykur vægi þessarar áhugaverðu sýningar. Þar má nefna handgerða skartgrip og vefnaðarvörur að ógleymdum klassískum hönnunarvörum frá finnska hönnunarmerkinu Artek, sem Alvar Alto stofnaði á sínum tíma.“

Sýningin hentar afar breiðum aldurshóp, bæði börnum og fullorðnum. Opnið er á sýninguna á opnunartíma Norræna hússins, þriðjudaga–sunnudaga frá kl. 10–17. Frítt er inn á sýninguna. Leiðsögn og vinnusmiðjur fyrir börn fara fram um helgar.

Leiðsögn fyrir fullorðna

- Laugardaginn 7. mars kl. 14.00–14.30 (Á ensku)
- Laugardaginn 14. mars kl. 14.00–14.30 (Á íslensku)
- Laugardaginn 21. mars kl. 14.00–14.30 (Á ensku)
- Laugardaginn 28. mars kl. 14.00–14.30 (Á íslensku)
- Laugardaginn 4. apríl kl. 14.00–14.30 (Á ensku)

Vinnusmiðjur fyrir börn

- Sunnudaginn 8. mars kl. 14–15.30
- Sunnudaginn 22. mars kl. 14–15.30
- Sunnudaginn 29. mars kl. 14–15.30
- Sunnudaginn 5. apríl kl. 14–15.30

Matr í Norræna húsinu

Þriðjudaginn, 3. mars, opnaði MATR, huggulegt og fjölskylduvænt kaffihús í Norræna húsinu. Kaffihúsið er rekið af Árna Ólafi Jónssyni, kokki og sjónvarpsmanni, sem margir kannast við úr matarþáttunum *Hið blómlega bú*. Kaffihúsið er eins árs tilraunaverkefni þar sem Árni ætlar



að kanna hversu langt hann getur farið með hugtakið ruslfrítt. Áhersla er lögð á notalegheit, norræna matargerð, nýtni og virðingu við hráefni.

Í Norræna húsinu er að finna samnorrænt bókasafn með dásamlegri barnabókadeild. Þess má geta að gegn framvísun bókasafnsskirteinis Norræna hússins fæst 10% afsláttur bæði hjá MATR og í hönnunarbúðinni.

Nánari upplýsingar um sýninguna Land handan hafsins, sem og dagskrá fyrir komandi sýningar, má nálgast á vefsíðu Norræna hússins, nordichouse.is

Einnig bendum við fólki á að fylgjast með okkur á samfélagsmiðlum þar sem við auglýsum nýjar sýningar. Facebook: Nordic house Rvk og Instagram: Nordic house Iceland



Snjóbillinn frá Víkverja.



Áttaeringurinn Pétursey í Byggðasafninu.



Ný og glæsileg móttaka var tekin í gagnið fyrir stuttu.



Citroën Kégresse-snjóbill.



SKÓGARSAFN:

Munir frá landnámsöld og margt fleira í Skógasafni

Það er gaman að koma í Skógasafn sem er að finna í nágrenni við Skógafoss. Safnið er fjölbreytt, spannar mjög vítt svið og má teljast til einna af áhugaverðustu menningarperlum okkar Íslendinga. „Við erum með muni allt frá Landnámsöld til dagsins í dag. Þá erum við með muni frá gamla bændasamfélaginu sem og yngri muni frá tækniöld. Þróun tímans gengur í gegnum allt safnið og samhengið í sýningunni er mjög gott. Við uppfærum reglulega sýningarnar, lagfærum og setjum upp nýja og spennandi gripi, enda bætist sífellt við safnkostinn. Það er því alltaf eitthvað nýtt og spennandi að skoða í hvert sinn sem maður kikir við í Skógasafn,“ segir Andri Guðmundsson, forstöðumaður safnsins.

Skógasafn er eitt elsta safn landsins en safnið var fyrst gert aðgengilegt almenningi 1. desember árið 1949 í Skógaskóla. Einn af frumkvöðlum að stofnun safnsins var Þórður Tómasson, fyrrum safnstjóri, og hefur hann átt veg og vanda af velferð safnsins allt frá upphafi. Árið 1955 flutti safnið í eigið húsnæði og hefur æ síðan vaxið fiskur um hrygg. Skógasafn samanstendur nú af byggðasafni, húsasafni og samgöngusafni á sýningarsvæði sem telur um 2.500 fermetra.

Gripur vikunnar

Skógasafn heldur úti metnaðarfullri facebooksiðu: Skógarsafn þar sem í hverri viku er kynntur nýr gripur úr safnkostinum „Þessi liður hefur vakið mikla athygli fylgjenda okkar og það er um að gera fylgja okkur á facebook til þess að missa ekki af grip vikunnar.“

Samgöngusafnið

Samgöngusafnið var opnað árið 2002 og sýnir sögu samgangna og tækniþróunar á Íslandi frá lokum 19. aldar og allt til dagsins í dag. Á meðal safngripa má finna Citroën Kégresse snjóbil frá 1930 sem er heillegasta eintak sinnar tegundar í heiminum, „Skaftið“ hans Ómars Ragnarssonar sem hann flaug um á ótrúlegustu staði og Willis Jeppa þáverandi þjóðminjavarðar og síðar forseta Íslands.

„Í Samgöngusafninu erum við einnig með sýningu frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Sýningin var uppfærð í ársbyrjun 2019. Þar má líta ýmis ökutæki og snjóbila sem hafa verið notaðir við björgunarstörf. Við erum með Dodge Weapon Carrier sem notaður var sem stjórnstöð hjá Flugbjörgunarveitinni í Reykjavík og nýjasti sýningargripurinn er snjóbill frá Björgunarveitinni Víkverja sem var gefinn safninu 2018 og fór á sýningu í fyrra.

Allt frá stofnun Samgöngusafnsins höfum við verið í samstarfi við Vegagerðina og sýnum muni frá Vegagerðinni á 200 fermetra svæði. Svo erum við í samstafi við Þjóðminjasafnið og sýnum töluvert af ökutækjum frá þeim hér á safninu. Einnig erum við með tækni- og fjarskiptasýningu frá Sigurði Harðarsyni og litla sýningu frá Landhelgisgæslunni þar sem má meðal annars líta togviraklippur úr Þorskastríðinu.“

Styður við fornleifauppgröft

Þess má geta að Skógasafn hefur stutt við fornleifauppgröft við Arfabót á Mýrdalssandi í Álftaveri, Vestur-Skaftafellssýslu, en bærinn fór líklega í eyði á 15. öld í kjölfar Kötlugosa. Uppgröfturinn er undir

stjórn Bjarna F. Einarssonar hjá Fornleifafræðistofnunni og mun veita aukna innsýn í sögu síðmiðalda og auka vitneskju um miðaldabæinn og áhrif Kötlugosa á byggð svæðisins alls.

Endurbætur á húsasafninu „Undanfarið höfum við verið í viðhaldsframkvæmdum á torfbæjunum sem prýða húsasafnið okkar. Torfbæirnir okkar koma víða að úr Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og þurfa reglubundið viðhald líkt og önnur hús. Í fyrra var ráðist í endurbætur á fyrstu torfbyggingunni sem færð var á safnasvæðið, skemmu frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum frá árinu 1830. Stafverk var komið á skjön og mænisásinn brotinn á tveimur stöðum. Þurfti að rétta bygginguna af og laga mænisásinn. Viðhaldsframkvæmdirnar gengu eins og í sögu og erum við vongóð að skemman standi um ókomin ár áfram hjá okkur.“

70 ára safn

Þann 15. september síðastliðinn hélt Skógasafn upp á 70 ára afmælið með pompi og prakt í Skógaskóla. „Afmælishátíðin var sett af Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og mættu um 200 manns til þess að fagna með okkur. Í tilefni þess var opnuð ný ljósmyndasýning um 70 ára sögu safnsins og hún er ennþá til sýnis fyrir þá sem komust ekki til okkar á afmælishátíðina.“ Safnið rekur metnaðarfulla gjafavörubúð þar sem finna má bækur, íslenskt handverk og ullarvörur, póstkort og margt fleira. Inni á Samgöngusafninu er svo að finna veitingastaðinn Skógakaffi þar sem boðið er upp á úrval veitinga eins og súpu dagsins með nýbökðu brauði,

samlukur, kökur, sætabrauð, kaffi og fleira.

Það er vist að á Skógasafni kennir ýmissa grasa og flestir geta fundið sér eitthvað við hæfi til þess að fræðast um og skoða. „Skógasafn er vinsæll viðkomustaður ferðamanna bæði innlendra og erlendra og erum við stolt að geta boðið upp á faglegar og skemmtilegar leiðsagnir fyrir hópa um safnið á mörgum tungumálum. Þá tökum við reglulega á móti fólki í vinnustaðaferðum sem og fjölskyldum í dagsferðum.“

Skógasafn, Skógum, 861 Hvolsvelli. Safnið er opið allan ársins hring og út má verður opnunartíminn frá 10–17.00.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og annað má nálgast á vefsíðu Skógasafns, skogasafn.is
Sími: 487-8845
Tölvupóstur: booking@skogasafn.is
Instagram: @skogarmuseum
Facebook: Skógasafn



SKÓGASAFN
Skógar Museum



LISTASAFN AKUREYRAR:

Lagðar línur, litríkir skúlptúrar og nýtt kaffihús

Listasafnið á Akureyri er eitt af metnaðarfullstu listasöfnum á landinu og býður upp á fjölbreyttar listasýningar sem heilla jafnt unga sem aldna áhorfendur. „Við erum með afar ólíkar sýningar í gangi núna og fjöldann allan af ólíkum listamönnum sem taka þátt. Það verður opið hjá okkur alla páskana ef fólk er að leita sér að einhverju skemmtilegu til þess að gera í páskafríinu. Nýverið opnaði Auður B. Ólafsdóttir kaffihúsið **Kaffi & list** í anddyri safnsins þar sem fæst ýmislegt heimager góðgæti, pönnukökur og gæðakaffi frá Te & kaffi,” segir Hlynur Hallsson safnstjóri.

Sýningin **Línur** er stærsta sýningin á safninu um þessar mundir og stendur til 3. maí. „Þetta er fjölþjóðleg samsýning átta listamanna frá sex löndum og fjórum heimsálfum. Það er virkilega gaman að fá hingað svona alþjóðlega sýningu með listamönnum sem ekki margir á Íslandi þekkja. Listamennirnir eru þau Almuth Baumfalk (Þýskaland), Armando Gomez (Mexíkó), Hiro Egami (Japan), Rym Karoui (Túnis), Miyuki Kido (Japan), Kristine Schnappenburg (Þýskaland), Saulius Valius (Litháen) og Lap Yip (Hong Kong). Sýningarstjóri er Mireya Samper.

Sýningin er fjölbreytt, hrifandi og björt. Verkin eru unnin í ólíka miðla. Titillinn **Línur** vísar til tenginga milli landa, listforma, listamanna og við samfélagið. Línur eru dregnar bæði í huglægri og bókstaflegri merkingu. Efnistökin eru frumleg, s.s. skúlptúrverk eftir Saulius Valius sem er flugvélarvængur gerður úr rauðum þráðum sem teygir sig yfir sýningasalinn og í verki Hiro Egami svífa steinar um rýmið og skapa

dáleiddandi áhrif.

„Sjö af þeim átta listamönnum sem taka þátt komu hingað og dvöldu í gestavinnustofum Listasafnsins á Akureyri í hátt í tvær vikur, settu upp verkin sín og skoðuðu náttúru Norðurlands. Gestavinnustofurnar eru við með til umræða fyrir listamenn sem sýna hjá okkar, en við leigjum einnig út til listamanna sem vilja dvelja hér í lengri eða skemmri tíma.”

Sýning Hrafnhildar Arnardóttur – Shoplifter var opnuð í ágúst 2019 og stendur fram til 9. ágúst. „Við erum afar lukkuleg að hafa sýninguna hennar Hrafnhildar hjá okkur í heilt ár, en hún hefur heldur betur slegið í gegn. Sýningin nefnist **Faðmar** og samanstendur af litríkum loðnum verkum. Það er ekki oft sem gestir fá að snerta verk á söfnum, en hér eru gestir jafnvel hvattir til að knúsa verkin.”

Sjöunda sýningin undir heitinu **Sköpun bernskunnar** verður opnuð laugardaginn 7. mars og stendur til 5. maí. „Þetta er árleg sýning og í ár vinna fimm ára leikskólabörn listaverk undir leiðsögn tveggja starfandi myndlistarkvenna, þeirra Jonnu – Jónborgar Sigurðardóttur – og Gunnhildar Helgadóttur, sem á jafnframt verk á sýningunni. Aðrir þátttakendur eru Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður, Brekkuskóli, Lundarskóli og Naustaskóli og leikskólinn Hólmasól. Einnig verða til sýnis verk eftir kanadíska listamennina Natalie Lavoie og Steve Nicoll. Þema sýningarinnar að þessu sinni er *hús, heimili, skjól* með áherslu á hamfarahlýnun af mannavöldum og áhrif hennar á búsetuskilyrði.”

Eiríkur Arnar Magnússon er þekktur fyrir bókverk sín og hér

leitast hann við að upphefja gamalt handbragð og gefa því nýjan tilgang. „**Turnar**, eftir Eirík fær að standa á svölunum á Listasafninu á Akureyri fram til 9. ágúst. Um er að ræða tvo bókakturna sem eru klæddir timbri úr húsum sem átti að jafna við jörðu. Timbrið ver viðkvæma bókaskúlptúrana gegn veðri og vindum. Á kvöldin er verkið upplýst að innan með gulum nostalgískum ljósbjarmum sem sést m.a. frá Akureyrarkirkju.”

Elín Pjet Bjarnason er ein af huldukonum íslenskrar myndlistarsögu. „Þegar hún lést árið 2009 gáfu systursynir hennar Listasafni ASÍ 550 verk eftir hana. Við sýnum brot af þeim verkum hjá okkur á sýningunni **Handanbirta / Andansbirta** sem Aðalsteinn Ingólfsson setti saman. Verkin á sýningunni eru portrettmyndir og abstraktmyndir og er raðað þannig að andlitin, sem sum hver eru ógnvekjandi og annarsheims, eru á einum vegg, á meðan abstraktverkin eru á veggnum beint á móti og sýna e.t.v. eitthvað sem finna má í hugskotum þeirra sem á portrettmyndunum eru.” Sýningunni lýkur 17. maí 2020.

Sýningarnar Frá Kaupfélagsgili til Listagils, Úrval og Videovinda eru yfirstandandi fram eftir árinu eða lengur. Sú fyrstnefnda er unnin í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. „Ljósmyndir og textar kynna fyrir áhorfendum fortíð Gilsins áður en hér var Listagil, en Gilið á mikilvægan þátt í atvinnusögu Akureyrar. Fólk hefur gaman af því að sjá hvernig húsin litu út hér áður fyrr og fræðast um starfsemina sem þar var í gangi.”

Úrval er sýning á völdum verkum úr safneign Listasafnsins á Akureyri. „Listamennirnir eiga flestir rætur að

rekja til Akureyrar eða Eyjafjarðar. Listasafnið á yfir 700 verk en við val á verkunum á þessa sýningu var fjölbreytni og kynjajöfnun höfð að leiðarljósi.”

Videóvinda er vídeóverk úr smiðju Haraldar Karlssonar. Verkið er byggt á vídeóverkinu Warp eftir íslensku listakonuna og frumkvöðulinn Steinu Vasulku. „Verkið sýnir áhorfandann í spéspegli, líkt og í speglasal í tivolí. Börn jafnt og fullorðnir skemmta sér vel við að skoða þetta verk, sem breytist eftir hreyfingum áhorfenda og því hvaða sýning er í gangi hverju sinni. Verkin frá Hrafnhildi Arnardóttur / Shoplifter búa til litríkan bakgrunn fyrir gesti safnsins til að spegla sig í.

Að lokum vil ég segja að ég er virkilega spenntur fyrir sumarsýningunum okkar sem eru fjórar einkasýningar, þeirra Snorra Ásmundssonar, Brynju Baldursdóttur, Heimis Björgúlfssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur, auk norrænar textilsýningar sem Anna Gunnarsdóttir setur saman. Á Akureyrarvöku í lok ágúst verður svo opnuð yfirlitssýning á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar. Það verður opið hjá okkur yfir alla páskana og ég hvet fólk til að koma og kynna sér fjölbreytileikann í 12 sýningarýmum.”

Listasafnið á Akureyri Kaupvangsstræti 8-12, 600 Akureyri.

Sími: 461-2610.

Tölvupóstur: listak@listak.is www.listak.is

Opnunartími: Alla daga kl. 12-17 Opnunartími: Kaffi og list: Alla daga kl. 11.30-18. Frá 1. maí-30. september alla daga kl. 10-20



SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN:

Barnastund Sinfóníuhljóm- sveitarinnar á laugardaginn!

Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur notið mikilla vinsælda hjá yngstu hlustendum hljómsveitarinnar sem og tónelskum foreldrum enda er þar spiluð fjöru og skemmtileg tónlist úr öllum heimshornum. Ókeypís er inn á tónleikana fyrir alla gesti, unga sem alda.

Barnastund Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður haldin á morgun, laugardaginn 7. mars, í Norðurljósasal Hörpu, klukkan 11.30.

Ungir áheyrendur og sjötug hljómsveit
Þá verður leikin tápmikil tónlist sem kemur öllum í sannkallað

afmælissskap enda heldur hljómsveitin upp á 70 ára afmæli sitt í vikunni. Góðir gestir koma að vanda í heimsókn. Þá mun trúðurinn Aðalheiður halda uppi fjörinu, Maximús Músíkmús lætur sig ekki vanta og ungir listdansarar sýna listir sínar.

Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari leikur „Vorið“ úr Árstíðunum eftir Vivaldi og hljómsveitin flytur einnig „Kvæðið um fuglana“ og „Dans svananna“ ásamt öðrum skemmtilegum lögum. Kynnir er Vala Kristín Eiríksdóttir.

Barnastundin er um hálf tíma löng. Við minnum á að gott er að taka með sér púða til að sitja á. Ókeypís er á tónleikana og allir velkomnir.



Soffía Karlsdóttir
forstöðumaður
menningarmála í
Kópavogi



Metnaður í Menningarhúsunum í Kópavogi



Menningarhúsin standa að fimm stórum hátíðum árlega, þ.á.m. Safnanótt



Listunandi á sýningunni Afrit í Gerðarsafni

Menningarhúsin í Kópavogi eru Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Salurinn. Það má segja að Menningarhúsin í Kópavogi séu vagma menningar og lista í Kópavogi enda leggja húsin mikinn metnað í að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem höfðar til allra.

Tíðarandinn og samfélagsleg málefni í deiglu

„Það er mikilvægt að menningarstarf bæjarins endurspeglir tíðarandann og samfélagsleg málefni hverju sinni,“ segir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, „á þessu ári leggja Menningarhúsin í Kópavogi því sérstaka rækt við lista- og menningarviðburði sem tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálanum, sem Kópavogsbær hefur gert að forgangsverkefnum í stefnumótunarvinnu bæjarins.“

Sláum aldrei af gæðum

„Við heyrum að fólk er verulega ánægt með lista- og menningarstarfið okkar og leggjum áherslu á að mæta þörfum sem flestra án þess að slá af þeim gæðum og metnaði sem Menningarhúsin í Kópavogi standa fyrir. Á sama tíma vinnum við stöðugt að því að ná til þeirra sem ekki þekkja starfsemina eins mikið, þar á meðal fólk sem ekki er með íslensku sem fyrsta tungumál, með góðum árangri“ segir Soffía.

„Ég er mjög stolt af þeirri starfsemi sem fram fer í Menningarhúsunum og það er okkur dýrmætt að geta boðið upp á reglubundna viðburði eins og Menningu á miðvikudögum, Fjölskyldustundir á laugardögum og Foreldramorgna gjaldfrjálst. Einnig leggjum við mikla rækt við yngstu kynslóð bæjarbúa í Kópavogi og bjóðum þeim upp á ókeypis menningarviðburði allt árið um kring.“

Yfir 1000 viðburðir árlega

„Um sextíu starfsmenn starfa við Menningarhúsin í Kópavogi en auk hefðbundinnar starfsemi standa þeir fyrir meira en þúsund viðburðum á ári sem mikill metnaður er lagður í. Auk þess heyrast undir menningarmálaflökkin fimm hátíðir í Kópavogi; 17. júní, Ljóðstafur Jóns úr Vör, Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð og Aðventuhátíð,“ segir Soffía.

„Það má segja skipulagsyfirvöldum í Kópavogi til hróss að það var einkar

hugvitsamlegt að reisa Menningarhúsin í svona mikilli nálægð hvert við annað. Það býður upp á tækifæri sem fá ef nokkur bæjarfélög geta státað af og við vinnum vel með þennan munað. Útisvæðið fyrir framan húsin og hinn sívinsæli veitingastaður sem staðsettur er í Gerðarsafni bæta líka svo um munar á gæði svæðisins svo hér er stöðugur straumur fólks sem við tökum alltaf vel á móti.“



Fjölskyldustundir á laugardögum eru vikulega í Menningarhúsunum í Kópavogi og eru allir velkomnir að taka þátt gjaldfrjálst



Frá Múminálfasafninu í Tampere

Menningarhúsin í Kópavogi hafa haft forgöngu um nýtt samstarfsverkefni þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er fléttað saman við höfundaverk Norræna barnabókahöfunda á borð við Tove Jansson, H.C.Andersen og Astrid Lindgren. Verkefnið er til 3ja ára og hefur hlotið undirbúningsstyrki úr Norræna menningarsjóðnum og Norrænu menningargáttinni. Lögð er áhersla á þátttöku barna og mótun þeirra við gerð verkefnisins, en fyrsta afurð þess verður sýnileg á Barnamenningarhátíð í Kópavogi í apríl. Á næsta ári verður svo opnuð í Gerðarsafni sýningin Múminálfarnir og hafið, ný sýning, sem kemur beint frá Múminálfasafninu í Tampere.



LANDNÁMSSETRIÐ Í BORGARNESI SKEMMTILEGT AÐ HEIMSÆKJA

I Landnámssetrinu í Borgarnesi er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, einstaka aðstöðu til fundarhalds og góðan veitingastað, auk þess sem þar er starfrækt verslun með fallegri íslenskrí gjafavöru.

LANDNÁMSSÝNING EGILSSÖGUSÝNING

Hljóðleiðsögn á 15 tungumálum og barnaleiðsögn á íslensku.



VIÐBURÐIR Á SÖGULOFTINU
Miðabókanir: www.landnam.is

ÖXIN, AGNES OG FRIDRIK
Magnús Ólafsson



Magnús.

AUÐUR OG AUÐUR
Auður Jónsdóttir



Auður og Auður.

FYRIRHEITNA LANDIÐ
Einar Kárason



VINSÆLL VEITINGASTAÐUR með hollustu hádegishlaðborði alla daga og fjölbreyttum matseðli.

VOCES THULES – tónleikar
27. apríl kl. 20.00.

FUNDARAÐSTAÐA
í einstöku umhverfi.



Landnámssetur Íslands,
Brákarbraut 13-15, Borgarnesi,
Sími 437-1600 – www.landnam.is
landnam@landnam.is



**LANDNÁMS-
SETUR
ÍSLANDS**



RITSMÍÐJA, LISTASÝNING OG NOTALEG STEMNING Á BÓKASAFNI ÁRBORGAR:

„Við erum alltaf með heitt á könnunni“

Bókasafn Árborgar á Selfossi réðst í heilmiklar framkvæmdir í vetur til þess að bæta húsakost og auka enn frekar þægindi gesta sinna. „Hér hefur auðvitað alltaf verið þægilegt andrúmsloft, skemmtilegir gestir og notalegt að dvelja með góða bók, dagblað eða námsefni og sötra rjúkandi kaffi, en lengi má gott bæta. Við bættum við öðrum lesbekk í einn gluggann og erum því með tvö gluggasæti sem gott er að koma sér fyrir í, lesa góða bók og skoða mannlífið fyrir utan. Einnig erum við með notalega lesstofu þar sem gott er að setjast niður og lesa eða læra í ró og næði,“ segir Esther Erla Jónsdóttir bókaforstjóri.

Bókasafn Árborgar samanstendur af þremur bókasöfnum, þ.e. á Selfossi, í Blátúni á Eyrarbakka og svo í grunnskólanum á Stokkseyri. „Stærsta safnið er á Selfossi. Þar er jafnframt meiri starfsemi en á hinum söfnunum og opnunartími rýmri. Þess má geta að öllum útlánsbókum safnanna má skila á hvaða safn sem er af þessum þremur söfnum. Ásamt því að hýsa bókasöfn Árborgar höldum við fjölda menningarviðburða á ári. Við erum með tónlistarviðburði, listasýningar, upplestra og margt fleira. Það má alltaf bóka að eitthvað skemmtilegt sé að gerast á bókasöfnunum.“

Börnin elska að koma í bókasafnið

Barnabókahornið í bókasafninu er stórskemmtilegur viðkomustaður fyrir börn á öllum aldri. „Barnadeildin okkar er troðfull af skemmtilegum bókum fyrir yngstu kynslóðina. Þá starfrækjum við m.a. sumarlestaráttak í júní fyrir krakkana í Árborg. Þá skrá börnin sig í sumarlestur og fá lestrarhefti til að halda tölu yfir lesturinn. Svo er

haldinn viðburður í hverri viku í júní til þess að hvetja krakkana enn frekar til lestrar. Þá eru ratleikir, upplestrar, fyrirlestrar og fleira skemmtilegt.“

Bókasafn Árborgar var lengi vel eina bókasafnið á landinu sem leigði út kökuform. „Við erum með um 20 kökuform til leigu, allt frá prinsessupílsum og risaeðluformum upp í kransakökuform, sem er jafnframt nýjasta kökuformið okkar. Kökuformaleigan er mjög vinsæl hjá okkur enda er þetta stórsniðugt framtak.“

Bókasafn Árborgar á Selfossi rekur metnaðarfullt sýningastarf. „Í Listagjanni, sýningarsalnum okkar, er ávallt einhver áhugaverð listasýning í gangi. Í augnablikinu sýnir þar Davíð Art Sigurðsson abstrakt- og landslagsmálverk og ber sýningin yfirskriftina Ég vitja þín þegar vorar. Sýningin mun standa út marsmánuð en þá fer upp ný sýning með landslagsljósmyndum eftir Hallgrím P. Helgason, sem er ljósmyndari í Árborg.“

Hvað er á döfinni?

Framundan eru skemmtilegir og áhugaverðir viðburðir á vegum bókasafnsins. „Gunná Stella Pálmarsdóttir mun, þann 26. mars kl. 18, halda fyrirlestur um hvernig má einfalda lífið og minnka stress. Við bjóðum alla velkomna á þennan skemmtilega viðburð á meðan húsrúm leyfir.“

Hún Sunna Dís Másdóttir, sem meðal annars hefur birst á sjónvarpsskjáum landsmanna sem gagnrýnandi í Kiljunni, og er jafnframt ein af ljóðakollektívum Svíkaskáld, mun halda ritmiðju hjá okkur 7. apríl. Um er að ræða fræðandi smíðju þar sem fjallað er um ævisögur, sjálfsævisögur



og skáldævisögur sem og gráa svæðið á milli. Þá mun Sunna lesa upp brot úr ævisögum til þess að veita innblástur og svo gera þátttakendur stílæfingar út frá brotunum (Þau gera stílæfingar, en ekki endilega út frá brotunum). Hámarksfjöldi í smíðjuna er fimmtán en skráning er ekki hafin. Smíðjan og fleiri viðburðir verða auglýstir síðar á Facebook-síðu safnsins, Bókasafn Árborgar og við hvetjum lesendur til þess að fylgjast með okkur þar.“

Nánari upplýsingar má nálgast á bokasafn.arborg.is
Tölvupóstur: bokasafn@arborg.is

Austurvegur 2, Selfossi

Sími: 480-1980
Opnunartími yfir vetrartíma: 1. september–31. maí. Virkir dagar: 09.00–19.00 og laugardagar: 10.00–14.00

Eyrarbraut 2, Stokkseyri

Sími: 480-3223
Opnið er mánudaga og fimmtudaga kl. 16.00–18.00. Þriðjudaga kl. 19.00–21.00

Túngötu 40, Eyrarbakka

Sími 480-1991
Opnið er mánudaga og fimmtudaga kl. 16.00–18.00. Þriðjudaga kl. 19.00–21.00 (Þriðjudaga og fimmtudaga 16–18. Miðvikudaga 19–21)



„Guðjón Davíð Karlsson nær að láta þetta feikiflókna sjónarspil virka saman.“

Þ.T. Mbl.

Þarna leynist skýrt - en alls ekki einfeldningslegt - erindi við samtímann.

ÞT. Mbl.

„Og áður en upp var staðið var Pálmi kominn með heljartök á verkefninu, kröftugur og öruggur en um leið berskjaldaður.“

ÞT, Mbl.

Pálmi hélt manni gersamlega gagnteknum.

S.A. TMM

UTSENDING

PÁLMI GESTSSON • BIRGITA BIRGISDÓTTIR • ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR • HALLGRÍMUR ÓLAFSSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR • ATLI RAFN SIGURÐARSON • SIGURÐUR SIGURJÓNSSON • ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR • ÖRN ÁRNASON
SNÆFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR • ARNAR JÓNSSON • EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR • BALDUR TRAUSTI HREINSSON • HILDUR VALA BALDURSDÓTTIR
GUNNAR SMÁRI JÓHANNESSEN • LEIKSTJÓRN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON



KOMDU Í ÁSKRIFT HJÁ HYDRA FLOT SPA:

Nýtt í ár! Hljóðrituð hugleiðsla

Hydra Flot Spa býður upp á spennandi nýjungar á nýju ári. Frá og með 1. apríl mun heilsulindin bjóða upp á hugleiðslu með hljóði á íslensku og ensku sem verður hægt að hlusta á á meðan maður flýtur. „Við munum ekki rukka aukalega fyrir þessa þjónustu og hægt er að velja á milli mismunandi hljóðheima sem eru þá 15, 30, 45 og 60 mínútur að lengd. Náttúruhljóð, bakgrunnstónlist, hugleiðsla og hvatningarorð frá þekktum jógakennurum og heilsusérfræðingum til þess að örva sköpunargáfu, bæta einbeitingu eða svefn. Þetta er sérstaklega gott fyrir þá sem vilja ekki slökkva á öllum skynfærunum og fljóta í algeru myrkri og þögn,” segir Ryan Kevinson, annar eigenda Hydra Flot Spa.

Án hugleiðsluhljóðanna býður flottankurinn upp á fullkomna hugræna og líkamlega slökun. Hægt er að vera án nokkurs sjónræns eða hljóðræns áreitis, sem býður upp á enn dýpri slökun. Tankar af þessu tagi hafa meðal annars verið notaðir af NASA og bandaríska hernum til að rannsaka mannshugann. „Fólk líkir þessu oft við að öðlast góðan nætursvefn á eingöngu einni klukkustund.“

Jóga shaman á vinnustaðinn þinn
Fríða Rakel Kaaber, annar eigenda Hydra Flot Spa og jógakennari að mennt, mun að auki bjóða upp á sérstök vinnustaðanámskeið þar sem hún kennir hugleiðslu- og jógaáðferðir til þess að vinna á móti stressi í hversdeginum og ná betra jafnvægi og

grunnsamræmi. Kennsluáðferðir Fríðu eru byggðar á náttúru shamanisma sem hún stundaði í Perú og Amasonfrumskóginum árið 2019 og samtvinnar við þekktar jógameðferðarleiðir. „Fríða er jafnframt í hópi þeirra sem leiða hljóðritaða hugleiðslu í flottönkunum okkar.“ Hefur þú áhuga á að fá Fríðu inn á vinnustaðinn? Hafðu samband í tölvupósti frida@hydraspa.is eða info@hydraspa.is.

Flotið verður sívinsælla með hverjum degi hjá öllum aldurshópum, afreksfólki í íþróttum, kaupþýslumönnum og hinum venjulega meðaljöni. Óléttar konur hrósa einnig Hydra Flot í hástert. „Fólk er síþreytt og orkulaust, á erfitt með að einbeita sér og kann ekki að slaka á. Flotið veitir hámarks afslöppun í fullkomlega hönnuðu umhverfi.“ Það þarf ekki að koma með neitt með sér til þess að njóta sín í Hydra Flot Spa. Hver og einn er í sínu herbergi og allir fylgihlutir, eins og handklæði og fleira, eru til staðar inni í herberginu.

Draumkennt þyngdarleysi

Hjónin Ryan og Fríða Rakel Kaaber opnuðu heilsulindina 2018. „Flotið hefur góð og slakandi áhrif á bæði líkama og huga einstaklings. Magnesiumsöltin sem við notum eru þau sömu og eru notuð af íþróttameðferðaraðilum í vöðvabaðmeðferðum. Magnesium hefur þekkt jákvæð áhrif á líkamann og vinnur meðal annars gegn svefnleysi, kvíða, orkuleysi og einbeitingarskort, verkjum, þunglyndi og jafnvel fikn. Að auki eru 500–600 kíló af Epsom-salti

leyst upp í hverjum tanki fyrir sig og hitastig er það sama og húðarinnar svo að einstaklingurinn upplifir sig í draumkenndu þyngdarleysi líkt og í Dauðahafinu.“

Andlitsmeðferðir og lúxus nuddstóll

„Nýlega fjárfestum við í þýskum, hágæðanuddstól sem gestum er boðið að setjast í fyrir eða eftir flottíma. Teygjanlegur stóllinn er útbúinn loftpúðum og innbyggðum sætishitara, fjögurra vídda baknuddi og hallast þannig að manni finnst maður svífa um í þyngdarleysi. Í Cryo-air-andlitsmeðferðinni eru engin skaðleg efni notuð eins og nitur í vökvaformi, heldur eingöngu tanderhrein íslenskt loft. Meðferðin er áhrifarík fyrir húðina og taugakerfið og stuðlar að bættu og heilbrigðu útliti. Í öllum okkar meðferðum notum við eingöngu náttúrulegar og skaðlausar áðferðir sem við mögnum upp nútímamanninum í hag og áhrifin eru augljós.“

Komdu í flot í hverri viku

Hydra Flot Spa hefur nýlega bætt þjónustu sína til þess að koma til móts við innlenda viðskiptavinum. Nú er hægt að komast í áskrift að floti mánaðarlega. Hægt er að velja um eitt, tvö eða fjögur skipti á mánuði. „Vinsælasti áskriftarmöguleikinn er að fara tvisvar í flot á mánuði fyrir 9.900 kr. Hverjum flottíma fylgir svo frí afnot af nuddstólum okkar. Fyrir áskriftarhafa kostar hver auka tími í flot einungis 5.900 kr. Einnig fá áskriftarhafar góðan afslátt í cryo-andlitsmeðferðir.“ Skoðuðu

áskriftarmöguleika undir „Aðild“ á vefsíðunni hydraspa.is.

Viltu gjafabréf í Hydra Flot?

Hydra Flot býður lesendum DV upp á sérstaka aðildargjöf. „Þeir lesendur DV sem skrá sig í áskrift að floti hjá Hydra Flot hljóta að gjöf gjafabréf fyrir einn í flot, sem þeir geta notað sjálfir eða gefið öðrum. Gjafabréfið gildir í eitt ár frá aðildarskráningu. Hægt er að skrá sig á netinu eða hjá okkur að Rauðarárstíg 1.“ Áskriftin er endurnýjuð sjálfkrafa mánaðarlega. Hvern flotáskriftartíma er hægt að nota innan 45 daga svo að þú missir ekki af flottíma í annasömum mánuðum. Þá er hægt að deila flottíma með maka. Svo er hægt að segja upp skráningu hvenær sem er eftir fyrstu tvo mánuðina.

„Fór út fyrir þægindarammann í dag og skellti mér í flot, var bæði mjög spennt að prófa e-ð nýtt en líka kvíðin og stressuð þar sem ég fæ stundum innilokunarkennd. En þetta var „out of this world“ upplifun! ... Þetta var algjör unaður, bæði náði ég betri slökun en ég hef áður upplifað og saltið í vatninu gerði húð og hár silkimjúkt. Ég mun að öllum líkindum verða fastakúnni hér og get 100% mælt með þessu. Takk fyrir mig.“ Sýlvía Rut.

Sjá nánar á vefsíðunni hydraspa.is og Facebook-síðunni: [hydraspa](https://www.facebook.com/hydraspa). Fyrir nánari upplýsingar má senda póst á cryo@hydraspa.is Hydra Flot Spa er staðsett að Rauðarárstíg 1, á Hlemmtorgi.

Syndir vonbiðlanna

Fjölmarginir hafa farið leynt með fortíð sína í frægustu raunveruleikabáttum heims

Pað hefur mikið gengið á í nýjustu þáttaröð The Bachelor, eða Piparsveinsins, þar sem Peter Weber leitar að hinni einu réttu. Konurnar sem keppa um hylli hans virðast nefnilega ekki allar þar sem þær eru séðar, en það hefur margoft gerst að keppendur í The Bachelor og The Bachelorette ljúgi um fortíð sína til að ná árangri í þáttunum. Hér eru nokkur svæsin dæmi.



Á milli tveggja karla Piparsveinninn Ben Flajnik sendi Casey Shteamer heim í sextánda þáttaröð The Bachelor þegar hann komst að því að hún væri ástfangin af ördum manni. Fyrrverandi kærasti hennar, Michael, hafði haft samband við framleiðendur þáttanna og sagði sig og Casey enn vera í sambandi. Casey viðurkenni fyrir Ben að hún hefði ekki verið hreinskilin við hann. „Ég var ástfangin upp fyrir haus af honum og hann sagði mér strax að hann vildi aldrei ganga í hjónaband,“ sagði Casey í þáttunum. „Ég hætti með honum fyrir ári en byrjaði aftur með honum því ég elska hann enn. Það væri auðvitað fullkomið ef ég væri frekar ástfangin af Ben.“



„Ferli mínum er lokið“ Jillian Harris var skotin í Wes Hayden í fimmtu þáttaröð af The Bachelorette en rak hann heim þegar í ljós kom að hann tók bara þátt til að koma sér á framfæri sem tónlistarmaður. Wes ljóstraði síðar upp að hann hefði átt kærustu á meðan hann tók þátt í þáttunum. „Fyrsti gaurinn í The Bachelorette sem komst í topp fjóra og átti kærustu,“ sagði Wes í þáttunum. „Ferli mínum er lokið. Ég hefði gengið það langt að byrja með Jillian. Ég gerði allt sem ég þurfti, en þetta er hindrun sem ég verð að komast yfir. Ég ætla að fara heim. Hundurinn minn bíður eftir mér, sem og hljómsveitin. Við erum að kynna nýtt lag núna.“

Kærasta í Kanada Umdeildasti keppandinn í sjöttu þáttaröð af The Bachelorette var án efa Justin „Rated R“ Rego. Kærasta hans í Kanada hafði samband við piparjónkuna Ali Fedotowsky meðan á tókum stóð og Ali rak hann að sjálf-sögðu heim.



Allt fyrir frægðina Einn af síðustu fjórum keppendum í tólftu þáttaröð af The Bachelorette, Robby Hayes, var sakaður um að hætta með kærustu sinni til að taka þátt í þáttunum og verða frægur. Hann sagðist hins vegar vera yfir sig ástfanginn af piparjónkunni JoJo Fletcher. JoJo fann til með Robby og endaði hann í öðru sæti.



Nokkurra daga trúlofun Hannah Brown tók þátt í seríu 23 af The Bachelor og var síðan valin í hlutverk piparjónkunnar í fimmtánda þáttaröð af The Bachelorette. Hún valdi Jed Wyatt sem sinn maka en það fór ekki betur en svo að hann sveik hana illilega. Nokkrum dögum eftir að Hannah bað Jed um að kvænast henni sleit hún trúlofuninni því hún komst að því að Jed átti kærustu. Þá var hann einnig sakaður um að draga Hönnuh á asnaeyrunum til að „meika það“ í tónlistarbransanum.

Fórnarlambið Sydney Hightower er ein af þeim sem keppa um hylli fyrrnefnds Peters í nýjustu seríu The Bachelor. Hún gerði sig auma í einum þættinum og sagðist hafa verið lögð í einelti sem unglingur. Á samfélagsmiðlum var það hins vegar opinberað að hún var vinsæl í grunnskóla, rómuð fyrir fegurð sína. Sydney svaraði fyrir sig á samfélagsmiðlum og sagðist vissulega hafa unnið fegurðarsamkeppni í grunnskóla en að það þýddi ekki að hún hefði verið vinsæl meðal jafningja sinna. „Að vinna fegurðarsamkeppni núllar ekki út kynþáttafordóma og einangrun sem ég hef þurft að þola. Ég var líka klappstýra og í mörgum klúbbum. Maður gerir hvað sem er til að passa í hópinn og ég reyndi.“



Hjónadjöfullinn Svo er það Victoria Fuller, einnig keppandi í nýjustu þáttaröð The Bachelor. Fyrrverandi kærasta Peters, Merissa Pence, mætti í þáttinn til að vara hann við Victoriu. Sakaði hún Victoriu um að vera hjónadjöful. Victoria var send heim og birti dularfull skilaboð á Instagram í kjölfarið þar sem hún sagðist ætla að taka til varna seinna, einelti væri ekki í lagi.



Rekstrarumsjón

LÁTID OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!

Uppgangur öfgahægri- manna í Evrópu

■ Ein stærsta ógnin ■ Víla ekki fyrir sér að fremja hryðjuverk til að ná markmiðum sínum



Philip Manshaus Ætlaði að fremja hryðjuverk í mosku en var yfirbugaður.

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Víða í Evrópu er leyniþjónusta og löggæslustofnanir á tánnum vegna uppgangs öfgahægrianna en þeir hafa sótt mjög í sig veðrið víða í álfunni að undanförunu. Mikil ógn er talin stafa af þeim

þar sem margir í þessum hópi eru reiðubúnir til að beita ofbeldi til að ná fram markmiðum sínum. Oft beinast ofbeldisverkin gegn múslimum, gyðingum, innflytjendum og öðrum hópum sem falla öfgahægriönnum ekki í geð. Skemmst er að minnst hryðjuverksins í Hanau í Þýska-

landi fyrir 2 vikum þar sem hinn 43 ára Tobias Rathjen skaut nú til bana á tveimur vatnspúkukaffihúsum. Að því loknu fór hann heim til sín og skaut móður sína til bana og svipti sig síðan lífi. Hann skildi eftir sig langa stefnuyfirlýsingu og myndband þar sem hann víðraði sjónarmið sín.

Þýsk yfirvöld segja hann hafa verið öfgahægri mann og virðist sem andúð á múslimum og innflytjendum hafi knúið hann til voðaverksins.

En hryðjuverkið í Hanau er ekkert einsdæmi í Evrópu. Leyniþjónusta evrópskra ríkja sér greinileg merki þess að mjög fjölgi í hreyfingum öfgahægrianna og eru margir félaganna reiðubúnir til að beita ofbeldi og sumir víla ekki fyrir sér að fremja hryðjuverk til að ná markmiðum sínum og skoðanabræðra sinna. Ekki er langt síðan þýska lögreglan handtók tólf manns sem tilheyrta samtökum öfgahægrianna. Að minnsta kosti fjórir þeirra eru grunaðir um að hafa verið að undirbúa árástir á stjórnmálamenn, múslíma og hælisleitendur. Hinir átta eru grunaðir um að hafa stutt hópinn og að hafa heitið honum fjárhagslegum stuðningi.

Á Bretlandseyjum segir lögreglan að ofbeldis- og hryðjuverkaógnin sem stafar af öfgahægriönnum sé mest vaxandi ógnin þar í landi nú um stundir. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að Bretar hafa upplifað mörg hryðjuverk íslamskra öfgamanna og kalla því ekki allt ömmu sína í þeim efnum. Enn sem komið er eru fleiri öfgasinnaðir múslímar í kastljósi lögreglunnar en ógnin frá hægri vængnum hefur aukist mikið en frá 2015 hefur þeim öfgahægriönnum, sem eru undir eftirliti lögreglunnar, fjölgað þrefalt. Um 80 hryðjuverkaárásam hefur verið afstýrt síðan 2017. Svo mikil hætta er talin á hryðjuverkum öfgahægrianna að leyniþjónustan MI5 hefur tekið yfir eftirlit og aðgerðir sem beinast gegn þeim.

Áhrif Breivik

Magnus Ranstorp, sem er einn fremsti sérfræðingur Norðurlanda í málefnum hryðjuverkamanna, telur að margar ástæður liggi að baki uppgangi öfgahægrianna. Í samtali við Jótlands-póstinn sagði hann að árum saman hafi nasistar látið að sér kveða en nú sé uppgangur hjá hægriöngum populísum og öfgasinnum. Í kjölfar hryðjuverks Anders Behrings Breivik í Noregi hafi menntahluti hægri vængsins fengið byr undir báða vængi. Til dæmis hafi sú kenning náð mikilli hylli að elítan væri að eyðileggja samfélagið, meðal annars af því að hún leyfði innflytjendum að koma til Evrópu.

Breivik sprengdi öflugan sprengju í stjórnmálshverfinu í Ósló í júlí 2011 og fór síðan til Útøyjar þar sem ungmennahreyfing Verkamannaflokksins stóð fyrir sumarbúðum. Þar myrti hann 69 ungmenni. Áður en hann lét til skara skrifa hafði hann birt stefnuyfirlýsingu á netinu. Þetta sama ár vöknudu Þjóðverjar upp við vandan draum þegar þeir áttuðu sig á að árum saman hafði þriggja manna hóp öfgahægrianna, sem hélt sig í austurþýska bænum Jena, myrt nítíu útlendinga og eina lögreglukonu. Í kjölfarið fóru löggæslustofnanir að beina sjónum sínum enn frekar að öfgahægriönnum.

Þýska leyniþjónustan, Verfassungsschutz, sem sér um innlend málefni, telur að breytingar eigi sér stað hjá öfgahægriönnum. Þar sé til staðar fólk sem hefur lengi laðast að öfgasinnuðum skoðunum og ofbeldisfullum hugmyndum en nú sé nýtt fólk að koma til liðs við það sem fyrir er.

„Öfgahægriökodanir í Þýska-

SKILTAGERÐ

Ljósakassar
Ljósaskilti
3D stafir



Hönnun
Ráðgjöf
Uppsetning



Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is



Hafði áhrif Hryðjuverk Breivik í Noregi árið 2011 eru enn í fersku minni.

Sú hættta er fyrir hendi á Íslandi sem annars staðar að áróðursmenn hryðjuverkasmataka reyni að fá fólk til liðs við þau og hvetji til óhæfuverka



Öfgahægri- maður Tobias banaði níu manns, skaut móður sína og loks sig sjálfan.



Hættustig í meðallagi Íslendingar þurfa ekki að óttast hópa öfgahægrianna.

landi er ekki hægt að skilgreina á einn hátt en birtingarmyndir þeirra eru margvíslegar. Það er þjóðerni, kynþáttur eða uppruni sem sker úr um hvers virði fólk er," segir í nýlegri skýrslu Verfassungsschutz sem telur að um 12.700 Þjóðverjar séu reiðubúnir til að grípa til ofbeldis í nafni öfgahægriástanda en 60.000 eru taldir taka þátt í uppákomum öfgahægriástanda, til dæmis tónleikum eða mótmælum. Fyrir áramót ákvað Horst Seehofer innanríkisráðherra að ein deild leyniþjónustunnar eigi að einbeita sér að öfgahægriástandum. Christine Lambrecht dómsmálaráðherra sagði í kjölfar hryðjuverksins í Hanau að raunveruleg hættta sé á hryðjuverkaárásum öfgahægrianna.

En það er víðar sem yfirvöld óttast öfgahægriástand. Í nóvember á síðasta ári lét ítalska lögreglan til skarar skríða gegn hópi sem lengi hafði verið fylgst með. Hann skilgreindi sjálfan sig sem þjóðernissinnaðan verkamannaflokk og var í nánnum tengslum við hægrihreyfingar víða í Evrópu, þar á meðal Nova Ordem Social í

Portúgal. Margir þeirra sem voru handteknir í aðgerðinni höfðu skotvopn og sprengjuefni í fórum sínum. Meðlimir hópsins notuðu hið leynilega samskiptaforrit Militia til að eiga samskipti.

Norðurlöndin

Í hættumati frá sænsku öryggis- lögreglunni Säpo frá því á síðasta ári kemur fram að hún óttast að hryðjuverk öfgahægrianna víða um heiminn auk aukins áróðurs á þeim væng stjórnmalanna geti orðið sænskum öfgahægri- mönnum hvatning til að fremja hryðjuverk í Svíþjóð. Säpo segir að líklegt megi teljast að fólk, sem tengist þeim hópi sem trúir á yfirburði hvíttra, muni fremja hryðjuverk. Í heildina telur Säpo þó að aðsteðjandi hættta sé „lítil“. Hvað varðar öfgavinstrimenn telur Säpo að engin hryðjuverkaógn stafi þaðan en hins vegar sé fólk á þeim væng reiðubúið til að beita ofbeldi.

Í Danmörku fylgisti leyniþjónustan vel með öfgahægriástandum og íslamistum. Hættta er talin stafa af báðum hópunum en þó meiri af íslamistum enn sem

komið er. Þar, eins og í Noregi og Svíþjóð, virðist starfsemi öfgahægrianna hafa farið vaxandi á undanförunum misserum og hafa samtök öfgahægrianna verið meira áberandi en oft áður. Ekki hefur þó enn sem komið er komið til þess að öfgahægriástand fremji hryðjuverk.

Norska leyniþjónustan birti nýlega áhættumat sitt fyrir 2020. Þar kemur meðal annars fram að hættan á hryðjuverkaárás- um, byggðum á grunni öfgahægriástanda, sé meðal mestu ógnanna. Margir Norðmenn eru sagðir styðja hryðjuverk öfgahægrianna. Leyniþjónustan telur að jafn miklar líkur séu á að öfgahægriástand og öfgasinnarir íslamistar fremji hryðjuverk í Noregi. Telur leyniþjónustan að líklegt sé að öfgahægriástand reyni að fremja hryðjuverk á þessu ári, annaðhvort með skotvopnum, sprengiefni eða bíl. Auknum sjón- um var beint að öfgahægriástandum í kjölfar hryðjuverks Breivik 2011 en þrátt fyrir það slapp hinn 21 árs Philip Manshaus fram- hjá eftirlitinu. Hann réðst inn í mosku í útjaðri Ósló í ágúst á síð-

asta ári og hugðist fremja hryðju- verk þar. Hann var þó yfirbugaður af gestum moskunnar áður en hann náði að valda þeim skaða. Áður en hann lagði upp í þessa för hafði hann myrt 17 ára, ætt- leidda systur sína á heimili þeirra. Hann skaut hana þar sem hún lá í rúmi sínu. Hún var ættleidd og var gul á hörund. Talið er að upp- runi hennar og hörundslitur hafi verið ástæða þess að Manshaus skaut hana. Þegar hann kom fyrir dómara heilsaði hann að nasista- sið. Manshaus er talinn hafa verið undir áhrifum af árás Brentons Tarrant á mosku í Nýja-Sjálandi á síðasta ári en þar varð hann 52 að bana. Tarrant var undir áhrif- um frá Breivik. Því er ljóst að öfgahægriástandanir eiga sér engin landamæri.

Hér á landi er það greiningar- deild Ríkislögreglustjóra sem annast mat á hættunni á hryðju- verkum. Nýjasta beina mat deildarinnar á hættunni er frá 2017. Þar kemur fram að hættu- stigið sé í meðallagi en það þýð- ir að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heims-

málum. Einnig segir að Vestur- löndum stafi mikil og viðvarandi ógn af hryðjuverkasmátökum og einstaklingum og hópum sem þeim tengjast. Í skýrslunni er að- allaga rætt um þá ógn sem kunn- i að stafa frá íslömskum öfga- mönnum og stöðunni á Norður- löndum en öfgahægriástand eru ekki nefndir.

„Lögreglu er ekki kunnugt um að á Íslandi hafi myndast hópar eða samfélög sem aðhyllast her- skáan íslamisma eða annars kon- ar ofbeldisfulla öfgahyggu. Sú hættta er fyrir hendi á Íslandi sem annars staðar að áróðursmenn hryðjuverkasmataka reyni að fá fólk til liðs við þau og hvetji til óhæfuverka. Í því samhengi skal bent á að greiningardeild hef- ur í fyrri skýrslum um mögulega hryðjuverkaógn hér á landi frem- ur horft til einstaklinga sem sækja innblástur til öfgasamtaka en til skipulagðra hópa.“

Ekki er skilgreint nánar hvaða öfgasamtök geti átt í hlut en væntanlega er ekki hægt að útiloka að um öfgahægriástand geti verið að ræða til jafns við herskía íslamista. ■

SAKAMÁL



VARMENNNSKA STJ

■ Martha Rendell tók saman við fjögurra barna föður ■ Innan skamms fór börn

Astralska konan Martha Rendell fæddist 10. ágúst, árið 1871. Af bernsku hennar fer fáum sögum og var hún komin á fertugsaldur þegar þessi saga hefst.

Martha hóf sambúð með Thomas Nicholls Morris sem hafði þá skilið við eiginkonu sína. Eiginkonan fyrrverandi flutti af heimilinu og kom sér fyrir annars staðar.

Herra Morris hafði, ótrúlegt en satt, fengið forræði yfir fimm börnum þeirra hjóna. Martha Rendell þekkti Morris frá fyrri tíð og hafði reyndar elt hann frá Adelaide til Perth, þar sem þessi saga á sér stað.

Martha flutti sem sagt inn til Thomas í Perth sem eiginkona hans væri og börnin fimm fengu þau fyrirhælt að kalla hana „mömmu“.

Börnunum slæm móðir

En Martha var börnunum lítil móðir. Hún náddist á þeim og eitt sinn fékk Annie, ein dætra Thomas, svo miklar barsmíðar að hún gat vart gengið í kjölfarið.

Annie, þá sjö ára, varð síðan fyrsta fórnarlamb Mörthu. Talið var að það hefði Martha gert með því að setja eitthvert efni í mat Annie, sem síðar olli kláða eða sviða í hálsinum.

Undir því yfirskini að um lyf væri að ræða bar Martha síðan saltsýru á aftanvert kok Annie. Sýran olli að lokum slíkri bólgu að Annie gat ekki lengur kyngt með góðu móti og svalt í hel.

Annie dó 28. júlí, 1907, og lækni að nafni Cuthbert skráði á dánarvottorðið að barnaveiki hefði dregið Annie til bana.

Iðin við kolann

Eftir að hafa fyrirkomið Annie beindi Martha athygli sinni að fimm ára systur hennar, Olive. Þann 6. október þetta sama ár andaðist Olive og aftur skellti Cuthbert lækni skuldinni á barnaveiki.

Martha var iðin við kolann og veturinn 1908 var röðin komin að 14 ára syni Thomas, Arthur. Arthur reyndist Mörthu erfiður viðureignar, kannski hafði hann sökum aldurs til að bera meiri þrautseigju og viðnám gegn þeirri ólyfjan sem Martha gaf honum.

Hvað sem því líður þá tókst henni að reka smíðshöggjöld á ódæði sitt og Arthur andaðist loksins 6. október, 1908. Einnhverra hluta vegna fór Cuthbert fram á að líkið yrði krufið í þetta sinn og krafðist Martha þess að fá að vera viðstödd. Það gekk eftir en ekkert fannst sem varpað gat sök á hana eða nokkurn annan.

George flýr í ofboði

Þá var eftir eitt barn, George, elsta barn Thomas. Eftir að hafa drukkið te einn góðan veðurdag í apríl 1909 kvartaði hann yfir eymslum í hálsi. Sem fyrr var Martha boðin og búin að huga að eymslunum og bar á hálskirtlana saltsýruna góðu.

George leist ekki á blikuna, hafði enda upplifað að þessi meðferð hafði ekki gert



systkinum hans nokkuð gott. George lagði á flótta og hljóp sem fætur toguðu heim til móður sinnar sem bjó nokkrum götum fjær.

Nágrannar Thomas tóku eftir því að lítið sást til Georges eftir þetta en aðspurður hverju sætti svaraði Thomas að hann

hreinlega vissi ekki hvar drengurinn væri niðurkominn.

Óhugnanlegar frásagnir

Sumir nágrannanna létu gott heita. Aðrir gerðu það ekki og höfðu samband við lögregluna. Það kom í hlut Harrys Mann,

Hún hefði haft unun af því að sjá fórnarlömb sín engjast af sársauka og fengið af því kynferðislega fullnægingu

rannsóknarlögreglumanns að kanna málið.

Við eftirgrenslna sína heyrði Mann ítrekað frásagnir af lækningaraðferðum Mörthu og einnig hvernig hún hafði látið sig sársauka og kvalir barnanna litlu skipta.

Einn nágranni sagði Mann að hann hefði eitt sinn litið út um gluggann og séð Mörthu þar sem hún stóð fyrir framan eitt barnanna og vaggði í lendunum eins og í vímu á meðan barnið hljóðaði af kvölum.



ÚPUNNNAR VONDU

Þunnum fækkandi ■ Loks var eftir eitt



„Vonda stjúpán“ Martha reyndist börnunum vægast sagt illa.



Grafreitir númer 409
Hálfri öld eftir aftökuna fékk Martha félagsskap.

Lík barnanna grafin upp

Það olli þónokkrum vandræðum við rannsókn málsins hve langur tími hafði liðið frá dauða Annie og systkina hennar. Að auki gátu læknar ekki með fullri vissu sagt til um áhrif þess að bera saltsýru á hálskirtla.

En það vakti aftur á móti athygli Mann að Martha hafði keypt mikið magn af saltsýru á þeim tíma er börnin voru veik, en ekkert síðan síðasta barnið dó.

Þessi staðreynd þótti gefa tilefni til að grafa upp lík barnanna þriggja og var það gert 3. júlí, 1909. Viti menn, enn, eftir allan þennan tíma, var að finna leyfar saltsýru í vefjarsýnum sem tekin voru úr hálsi barnanna þriggja.

Thomas sýknaður

Martha Rendell var ákærð fyrir morð og reyndar Thomas líka. Martha hélt stöðugt fram sakleysi sínu; sagðist eingöngu hafa reynt að lækna börnin af barnaveiki.

Harry Mann sagði að: „hún hefði haft unun af því að sjá fórnarlömb sín engjast af sársauka og fengið af því kynferðislega fullnægingu“.

Thomas var síðar sýknaður, þrátt fyrir að hann hefði einnig komið að kaupunum á saltsýrunni. Talið var að hann hefði ekki vitað um glæpi Mörthu fyrir en síðar.

Kviðdómur var þó allur af vilja gerður til að sakfella Thomas, þó ekki væri nema

„Sem fyrr var Martha boðin og búin að huga að eymslunum og bar á hálskirtlana saltsýruna góðu“

fyrir að hafa verið í vitorði með Mörthu, en hafði sitt ekki í gegn.

Bersyndug, vond stjúpá

Martha Rendell var dæmd til dauða og almenningi blöskraði glæpir hennar. Í fjölmiðlum var hún kölluð „bersyndug“ kona og fékk einnig hið sígilda viðurnefni „vonda stjúpán“.

Þann 6. október, 1909, fór Martha Rendell til fundar við skapara sinn þegar hún var hengd í Freemantle-fangelsinu. Hún var grafin í Freemantle-kirkjugarði og yfir hálfri öld síðar var raðmordingja að nafni Eric Edgar Cooke holað niður í sömu gröf.

Martha var síðasta konan sem tekin var af lífi í Vestur-Ástralíu. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

Í Chiffon-kjól með hnútt í hári

Landsþekktar konur hófu ferilinn í fegurðarsamkeppni

Kependur í fegurðarsamkeppninni Miss Universe Iceland voru opinberaðir fyrir stuttu og því fannst DV ekki úr vegi að minnast þeirra fegurðardrottninga sem hafa söðlað um og hlotið landsfrægð fyrir annað en bara fegurðina.



Stjörnukeppni

Fjölmar gar þekktar konur spreyttu sig í fegurð í Fegurðarsamkeppni Reykjavíkur árið 1995. Meðal keppenda voru **Berglind Isey Ólafsdóttir** fyrirsæta sem hefur gert garðinn frægan í Bandaríkjunum, **Alexía Björg Jóhannesdóttir** leikkona, **Bryndís Ásmundsdóttir**, leik- og söngkona, og **Hrafnhildur Hafsteinsdóttir**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnurekstri. Það var Berglind sem var krýnd ungrú Reykjavík, Bryndís var vinsælasta stúlkan og Hrafnhildur var kosin besta ljósmyndafyrirsætan. Svo fór að Hrafnhildur bar sigur úr þýtum í Fegurðarsamkeppni Íslands það árið.



Fallegustu leggirnir

Árið 1993 vantaði ekki keppnisskapið í konurnar sem kepptu um titilinn í Fegurðarsamkeppni Íslands. Meðal keppenda voru **Andrea Róbertsdóttir** athafnakona og **Brynja X Vífilsdóttir**, sem var um tíma ein farsælasta fyrirsæta landsins. Andrea hlaut tvenn verðlaun í keppninni, fyrir fallegustu leggina og var vinsælasta stúlkan, en Brynja endaði í þriðja sæti.



Tvöfaldur sigurvegari

Sjónvarpsstjórnuna **Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur** þarf vart að kynna en hún varð landsmönnum kunn þegar hún varð fegurðardrottning Íslands árið 2003 eftir að hún bar sigur úr þýtum í Fegurðarsamkeppni Suðurnesja. Ragnhildur hefur unnið við sjónvarp nánast frá krýningu og er nú aðstoðardagskrárstjóri RÚV. **Tinna Alavis** keppti einnig í Ungfrú Ísland þetta árið og komst á pall, en hún er einn vinsælasti bloggari landsins.



Leikandi létt

Ragnhildur Steinunn krýndi arftaka sinn í Ungfrú Ísland árið 2004, fegurðardísina **Hugrúnu Harðardóttur** frá Selfossi. Í öðru sæti varð **Sigrún Bender** flugmaður og þriðja sætið vermdi leikkonan **Haldóra Rut Bjarnadóttir**, sem hefur vakið mikla athygli með leikhópnum RaTaTam.



Spreytti sig í fegurð

Fjölmiðlakonan **Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir** er mikilsvirt í sínum bransa og er ritstjóri Stundarinnar. Ingibjörg tók þátt í Fegurðarsamkeppni Austurlands árið 1997 en hafði ekki erindi sem erfíði.



Kjöllinn frægi

Ómögulegt er að sleppa **Manuelu Ósk Harðardóttur** úr þessari upptalningu, en hún er eigandi Miss Universe Iceland-keppninnar. Manuela var krýnd ungrú Ísland árið 2002 í frægum, rauðum kjól sem hnefaleikakappinn **Mike Tyson** keypti handa henni. Í dag er Manuela einn vinsælasti áhrifa-valdur landsins og stórtækur fyrir-tækjaeigandi.



Kornung í keppni

Bryndís Schram var aðeins níttján ára þegar hún var krýnd ungrú Ísland árið 1957. Í framhaldinu lærði hún leiklist í Þjóðleikhússkólanum og sló í gegn sem umsjónarkona Stundarinnar okkar. Þá hefur hún verið iðin í leikhúsgagnrýni í gegnum tíðina og sinnt ýmsum öðrum störfum.

FRAMTÍÐARBÓKHULD UNICONTA:

Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta um bókhaldskerfi!

Uniconta mætast nýjasta tækni og áratuga reynsla. Útkoman er eitt hraðasta, einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi veraldar," segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. Uniconta er sjötta bókhaldskerfið úr smiðju Eriks Damgaard sem hefur oft verið nefndur konungur bókhaldskerfanna. Uniconta kom fyrst á markað 2016 og hefur farið sigurför um heiminn síðan þá.

„Erik hefur unnið í 35 ár við að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við Concorde XAL og Axapta en það síðarnefnda er flaggskip hugbúnaðarrisans Microsoft," útskýrir Ingvaldur. „Eftir að hann lét af störfum hjá Microsoft sá Erik að með nýrra tækni myndi skapast sóknarfæri á bókhaldsmarkaði og hóf þróun á Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum hugbúnað eða smáforrit á tölvu eða snjalltæki," upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem er einstaklega notendavænt og getur sparað notendum hundruð vinnustunda á ári.

Kerfi sem þú lagar að þínum þörfum

Uniconta inniheldur fjölmargar kerfiseiningar og uppfyllir þannig kröfur fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í grunninn er Uniconta fjárhagsbókhaldskerfi en við það bætast viðskipta- og lánardrottakerfi, eignakerfi, birgða-, framleiðslu- og vörustjórnunarkerfi, verkþókhalds- og tímaskráningarkerfi, innheimtukerfi og CRM. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, birgða-, lánardrottana- og viðskiptavinakerfi með sölureikningum og svo er kerfiseiningum bætt við eftir þörfum. Einfalt er svo að tengja önnur kerfi við Uniconta. „Uniconta er frábær valkostur fyrir íslensk fyrirtæki, eykur skilvirkni í rekstri og bætir yfirsýn. Auðvelt er að flytja bókhaldsgögn úr eldri kerfum yfir í Uniconta sem gerir innleiðingu einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkt. Kerfið hentar breiðum hópi viðskiptavina en á meðal fyrirtækja sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sínum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, framleiðslufyrirtæki, ferðapjónustufyrirtæki, fasteignafélög, félagasamtök, bókhaldsstofur og verktakafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Þarfr fyrirtækja eru afar ólíkar en Uniconta

mætir þeim með skilvirkum hætti," segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókunarkerfa hins vegar. „Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka tengingu t.d. í Excel sem keyrir á raungögnum úr Uniconta og í dag eru á annað hundruð lausnir sem bjóða upp á fullkomna samþáttun við Uniconta," upplýsir Ingvaldur.

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.995 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda hefur það til þessa reynst mörgum flókið, seinlegt og kostnaðarsamt. „Það þarf þó engum að vaxa í augum að innleiða Uniconta. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki upp í fáeinir vikur fyrir stórfyrirtæki þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og kerfið lagað að ferlunum, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það." Uniconta er hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.995 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einrykjum og aðilum í einföldum rekstri. Fyrir stærri félög með um 100 notendur er áskriftargjaldið 7.995 á notanda en þá eru allar kerfiseiningar innifaldar.

„Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósentu sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis og að auki ná fyrirtækin fram gríðarlegri hagræðingu með breyttu verklagi og aukinni sjálfvirkni. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði, en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjöllum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það sparar innsláttarvillur og fækkar mistökum," segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun.

Í dag styður kerfið alla gjaldmiðla og les sjálfkrafa gengi á mörkuðum



og gengismunafærslur færast sjálfkrafa sem sparar mikla yfirlegu.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Uniconta kom á markað á Íslandi í byrjun árs 2017 og var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál og alla gjaldmiðla. Fjöldi notenda hér á landi er kominn vel á annað þúsund og íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál, rekstur, birgðir, framleiðslu og verk," upplýsir Ingvaldur. Uniconta er staðfært að íslenskum aðstæðum með tengingum við vefþjónustur RSK og banka, sendingu og móttöku rafrænna reikninga auk EDI samskipta fyrir smásölu- og heildsöluverslun. Ingvaldur segir mörg íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Mörg bókhaldskerfanna voru smiðuð á síðustu öld þegar tækniumhverfið var allt annað og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásætlanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi," útskýrir Ingvaldur.

„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics AX, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flóknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærast sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei framfarir að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur."

Ljóslestur fylgiskjala

Með ljóslestri fylgiskjala (OCR) veður innsláttarvinna að mestu sjálfvirk. Taka má mynd af fylgiskjali eða áframsenda fylgiskjöl á t.d. .pdf- eða .jpg-formi inn í kerfið. Gervigreind sér svo um að lesa inn upplýsingar af fylgiskjalinu, stofna lánardrottna, færa inn reikningsnúmer, dagsetningar, fjárhæðir og greiðsluskilmála. Þannig hverfur handavinnan og hætta á innsláttarmistökum. Fylgiskjalið vistast í kerfinu og tengist öllum færslum og hægt er að kalla það fram með skjótum og öruggum hætti án þess að þurfa að blaða í gegnum bréfabindi.

Uniconta Ísland er í Hlíðarsmára 2.
uniconta@uniconta.is.
 Sjá nánar á uniconta.is



Bilun í beinni

Leikverkinu Útsending er ábótavant en er skrautlegt ■ Pálmi brillerar sem skopmynd

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Leikritið Útsending, sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu, byggir á kvikmyndinni Network frá árinu 1976 í leikstjórn meistarans Sidneys Lumet. Nánar til tekið er um að ræða íslenska aðlögun á Broadway-leikriti sem byggt er á hinni þrusugóðu ádeilu eftir Paddy Chayefsky, en þar segir frá fréttapúl sem hægt og rólega missir vitið og þá yfirleitt í beinni útsendingu.

Umræddum fréttalesara, Howard Beale (leiknum af Pálma Gestssyni), er sagt upp eftir 25 ára starf vegna dvínandi áhorfs. Þá tilkynnir hann áhorfendum sínum að hann hyggist svipta sig lífi og rjúka þá áhorfstölur upp. Í kjölfarið er staða hans endurskoðuð og breytist Howard í eins konar reiðan spámann, sem öðlast gífurlega frægð fyrir að tjá sig um alls konar þjóðfélagsmál og ekki síður hræsni og blekkingarvefi yfirvalda.

Það verður að segjast að eitt sem gerir kvikmyndina Network að dúndurflottu og skemmtilegu verki er hvernig Chayefsky hugsaði hana á sínum tíma sem ýkta ádeilu, en í gegnum þau fimmtíu ár sem hafa liðið frá tilurð upprunalega handritsins er með miklum ólíkindum hvernig höfundurinn varð sjálfur að þeim sannspárausara sem sagan fjallar um.

Gamla og uppfærða handritið snertir á umræddum um hjarðhegðun almúgans, samkeppni miðla, siðferði eða jafnvel hlutleysi fréttamanna og taumlausa leit að áhorfstólum. Á þeim nótum er það athyglisverð skoðun á hegðun Howards hvernig geðheilsa hans fer smám saman suður, sem yfirmenn hans velja sér að sjálfsögðu lítið upp úr, svo framarlega sem fólkið skiptir ekki um stöð.

Burt með kamerumennina

Þegar svo litlu hefur verið breytt frá strúktúr eða kjarna upprunalega verksins erfast ákveðnir gallar líka. Eins og Útsending flæðir í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Guðjóns Davíðs Karlssonar (Góa) verður Beale fljótt að skopmynd þegar



hann hefur fundið sitt hlutverk í lífinu og atburðarásinni. Þetta endurspeglar vissulega viðhorf þeirra sem yfir honum ráða, en þetta rífur bítandi persónuþróun í burtu frá athyglisverðustu persónu sögunnar.

Um leið og Howard er settur í hlutverk „reiða spámannsins“ firmist allur vottur af persónusköpun hjá Howard og kemur hann einfaldlega og fer þegar kemur að útsendingu. Þýðir þetta þá að sagan fer í staðinn að einblína á leynilegt ástarsamband annarra persóna, stjórnanna og fundarhald þeirra, sem nær aldrei fullu flugi.

Sýningin er þó lifandi og fangar kaos ljósvakamiðilsins með glæsibrag, og gaman að sjá innskot gamalla auglýsinga og fleiri bragða sem undirstrika tímabilið. Að þessu sögðu hefði leikverkið getað grætt ýmislegt á því að stíl- og staðfæra söguna yfir í íslenskt umhverfi. Þarna hefði líka gefist gullið tækifæri til að skjóta inn gömlum, íslenskum auglýsingum til að lifga upp á heildarsvipinn. Slík nálgun hefði þó krafist meiri metnaðar en liggur í augum uppi með tilþrifum leikaranna og þýðingarvinnu upprunalega efnisins. Þetta skrifast líka eflaust á minniháttar fælni hjá undirrituðum þegar íslenskir leikarar kalla hver annan háamerískum nöfnum. Erfitt



er að sjá því nokkuð til fyrirstöðu að aðlaga umfjöllunarefnið, þannig að það gæti átt við fantasíukenndan, íslenskan raunveruleika.

Talandi um brot á töfrum, þá verður það fljótt truflandi og bersýnilega óþarft þegar sést hvernig leikverkið styðst oft við stóran skjá og minnst tvo kamerumenn á sviði til að koma ákveðnum „sjónvarps- eða bíóblæ“ á sýninguna sjálfa. Í miðjum samtalsenum koma tæknimenn eins og kallaðir og stilla upp vélum sínum og standa oft á miðju gólfinu til að kvikmynda þá leikara sem ræða sín á milli. Þetta undirstrikar nálgun sem býr yfir léttum ferskleika,

en verður einungis brella í stærra samhenginu.

Hasar og innlokunarkennd

Útsending er annars vegar stjörnum prýdd og kemur í raun á óvart hve margt fagfólk er þarna einungis til skrauts. Örn Arnason, Síggi Sigurjóns og Steinunn Ólína gera ýmislegt gott úr því litla sem þau fá og tekst m.a.s. Arndísi Hrönn Egilsdóttur að vera algjör töffari þótt hún geri ekkert annað en að standa innan um fjölmennan hóp. Ólafía Hrönn á jafnframt hressandi spretti með það að markmiði að gera áhorfendur í stóra sal Þjóðleikhússins að þátttakendum í sýningunni. Að vísu rís þetta og fellur með því hversu góð stemning (og mæting) er í salnum.

Pálmi Gestsson á þessa sýningu skuldaust enda fær hann langskemmtilegasta og bitastæðasta hlutverkið. Eins og kom þó fram að framan verður persóna hans þynnri eftir því sem verkinu vindur fram og verður fljótt að bakgrunnskarakter í eigin sögu.

Próstur Leó er frábær sem fréttastjórinn Max Schumacher og á skotheldan sameik með Pálma og enn fremur Birgittu Birgisdóttur, sem upprennandi framakona af „sjónvarpskynslóðinni“, sem handritið talar gjarnan niður til. Birgitta er bæði heillandi og myndin og skrifast nokkrar af betri senum verksins á hana. Það vantar heldur ekki að innkoma Arnars Jónssonar er ómetanleg og bragðbætir hann seinni helming verksins umtalsvert þegar endurtekningar í sögunni fara að sýna sig.

Leikmynd Egils Eðvarðssonar er annars vegar stílhrein, dýnamísk og einföld. Þótt sagan gerist á vissri períóðu er uppsetningin nútímaleg og fangar hasar fréttastöðvarinnar vel, á milli þess að sýna innlokunina og tótleikann utan hennar. Hefði mannlegi þáttur verksins skilað sér með sambærilegum árangri hefðu Guðjón og félagar náð að sigla þessu beint í höfn. En „næstum því“ er ásættanlegt varaval þegar leikararnir fá að vera í svona finum gír. ■

HOF AKUREYRI · LAUGARDAGINN 18.APRÍL
SILFURBERG HÖRPU · FÖSTUDAGINN 24.APRÍL



STÓRA ROCK 2020

ALLAR SLEGGJURNAR!

MAGNI · STEFANÍA SVAVARSSON · STEBBI JAK · BIGGI GILDRA · SIGGA GUÐNA
ÁSAMT HLJÓMSVEITINNI TYRKJA GUÐU

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í ROKKVEISLU ÁRSINS!

MIÐASALA HAFIN Á TIX.IS



tix.is

Kringlótt kruðurí

Örlítið hollara að baka en að steikja ■ Gúmmelaði sem erfitt er að standast

Djúpsteiktir kringlur verða seint taldir hollir en leikur einn er að baka kringlur til að losna við óþarfa olíu og fitu. Til þess þarf maður að fjárfesta

í kringlurformi sem fæst í mörgum búshaldavarslunum og í vefverslunum um heim allan. Hér eru þrjár skotheldar uppskriftir að kringlurjum.

Haltu partí með hlynsírópi!

- 2 bollar hveiti
- 1 msk. kanill
- 1 tsk. múskat
- 2 msk. lyftiduft
- 3/4 bolli súrmjólk
- 2 egg
- 115 g mjúkt smjör
- 1 tsk. vanilludropar
- 1/4 bolli hlynsíróp

Hitið ofninn í 180°C og spreyið kringlurform með bökunarspreyi. Blandið hveiti, kanil, múskati og

lyftidufti saman í stórra skál. Blandið súrmjólk, eggjum, smjöri, vanilludropum og sírópi saman í annarri skál. Blandið helmingsnum af blautefnunum saman við þurr-efnin og hrærið saman. Blandið síðan restinni af blautefnunum saman við og hrærið vel. Setjið deigið í sprautupoka og sprautið í kringlurformið. Bakið í 15 mínútur og leyfið hringjunum að kólna á meðan þið bíði til glassúr.

Glassúr

- 1/2 bolli hlynsíróp
- 1 bolli flórsykur
- 2 tsk. kanill
- 1 msk. brætt smjör

Blandið öllu vel saman í skál og skreytið kringlurina með þessum unaði.

Klikka ekki Kringlur með hlynsírópsivafi. Mynd: Sunna Gautadóttir

Sturlaðir Þeir sem elska Mars elska þessa kringlur.

Sturlaðir kringlur

- 3/4 bolli sykur
- 1 1/4 bolli hveiti
- 1/4 bolli kakó
- 3/4 tsk. matarsódi
- 1/2 tsk. salt
- 1 stórt egg
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 msk. olía
- 1/2 bolli sýrður rjómi
- 1/3 bolli mjólk
- 90 g Mars

Hitið ofninn í 180°C og smyrjið kringlurform vel. Blandið þurr-efnum saman í skál og setjið til hliðar. Blandið egg, vanilludropum, olíu og sýrðum rjóma saman í annarri skál. Hitið mjólkina og hellið yfir Mars-ið sem þið eruð búin að brytja niður. Leyfið blöndunni að bíða í 1 til 2 mínútur og hrærið svo þar til allt er vel blandað saman og bráðið. Blandið þurr-efnum, eggjablöndunni og Mars-blöndunni vel saman og sprautið deiginu í kringlurformið. Bakið í 12 til 15 mínútur og leyfið hringjunum að kólna áður en þið setjið glassúrinn á.

Glassúr

- 3/4 bolli flórsykur
- 2 msk. kakó
- 3 msk. mjólk
- 45 g Mars

Hitið mjólkina og hellið yfir Mars-ið sem þið eruð búin að brytja niður.

Leyfið blöndunni að bíða í 1 til 2 mínútur og hrærið svo þar til allt er vel blandað saman og bráðið. Blandið Mars-blöndunni saman við restina af hráefnunum og skreytið kringlurina. Ég skar svo að sjálfsögðu smá meira Mars niður og skreytti með því.

Bláber + sítrónur

- 60 g brætt smjör
- 1/4 bolli olía
- 3/4 bolli sykur
- 2 stór egg
- 2 tsk. vanilludropar
- 1-2 tsk. sítrónubörkur
- 1 bolli AB mjólk
- 2 2/3 bolli hveiti
- 1 1/2 tsk. lyftiduft
- 1/4 tsk. matarsódi
- 1/2 tsk. sjávarsalt
- 1 bolli fersk eða frosin bláber

Hitið ofninn í 220°C og takið til kringlurform. Spreyið formið vel með bökunarspreyi. Blandið smjöri, olíu og sykri saman í skál og þeytið í um tvær mínútur. Bætið eggjum, vanilludropum, sítrónuberki og AB mjólk saman við og hrærið vel. Bætið því næst hveiti, lyftidufti, matarsóda og salti saman við og blandið vel saman. Hrærið bláberjunum saman við með sleif eða sleikju. Deigið á að vera frekar þykkt. Skellið deiginu í sprautupoka og sprautið því í formið. Ef þið eigið ekki sprautupoka getið þið notað lítinn plastpoka og klippt eitt hornið af honum. Mér finnst langbest að sprauta deiginu í formið til að minnka subbuskapinn. Bakið í 7-8 mínútur og leyfið hringjunum að kólna alveg áður en glassúrinn er settur á.

Glassúr

- 2 bollar flórsykur
- 1-2 tsk. sítrónubörkur
- 7-8 msk. nýkrestur sítrónusafi

Gott hjónaband Bláber og sítróna passa vel saman. Mynd: Sunna Gautadóttir

Takið ykkur grunna skál í hönd og blandið flórsykri, berki og 6 matskeiðum af safi saman. Ef blandan er of þykk, bætið þið aðeins meiri sítrónusafa saman við. Dýfið hringjunum í glassúrinn og leyfið honum að harðna, eða gúffið hringjunum bara í ykkur strax!



20  11

SJÁVARGRILLIÐ

— SEAFOOD GRILL —

14



„Þeir sem eru veikir fyrir eiga samt rétt á að lifa“



Vorum hársbreidd frá því að missa hann – Ófrísk með enga eggjaleiðara og ónýtt sæði – Þössum að börnin skorti ekki neitt – Halda fast í húmorinn

Iris Hauksdóttir
iris@dv.is



Guðný Ósk Þórsdóttir segir mikilvægt að fólk sýni aðgát og leiti allra leiða til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu COVID-19 kórónaveirunnar. Sjálf glímur Guðný við alvarlegt brjós-klos en eiginmaður hennar, Jón Þór Guðbjörnsson, er með svokallað sofandi krabbameinsæxli og því illa í stakk búinn að takast á við hugsanlegt smit veirunnar.

Hjónin hafa ekki hist nema í örfáar klukkustundir síðan 4. febrúar en Guðný hefur síðan þá dvalið á sjúkrahúsi vegna aðgerðar sem hún gekkst undir. „Ég hef þjáðst af bakverkjum í fjöldamörg ár, mislæmum þó. Í desember á síðasta ári rann ég til í hálfu, ég datt ekki en fékk tak í bakið. Þetta var nístandi sársauki sem náði niður í fót. Í kjölfarið leitaði ég mér læknaaðstoðar og þannig fóru hlutirnir að rúlla.“

Lyfjameðferðirnar gengu nánast frá honum

Vegna veikinda eiginmannsins hefur Guðný lítið séð af honum á meðan sjúkrahúsdvölinni stendur, en hún hélt þó örlitla veislu þann 23. febrúar þegar hún fagn-

aði 36 ára afmælisdegi sínum. „Fjölskyldan kom og færði mér snarl þennan dag. Ég ligg á stofu með frekar gömlu fólk hér á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, en vegna hávaða gátu börnin ekki stoppað lengi. Ég er þó alls ekki að setja út á starfsfólkið hér, enda hafa allir reynst mér rosalega vel. Enginn á deildinni virtist þó vita af afmælinu mínu svo ekki var mikið um afmæliskeiður nema þær sem ég fékk sendar á Facebook. Maðurinn minn veiktist svo mjög mikið daginn eftir og liggur enn veikur heima svo lítið hefur verið um heimsóknir til mín. Mamma kom að vísu til mín í síðustu viku, en hún er búsett fyrir vestan.“

Hjónin eru bæði ættuð frá Ísafirði en fluttust suður árið 2012 þegar Jón Þór hugðist sækja nám á Keili, stuttu síðar greindist hann með krabbamein. „Þetta byrjaði hjá honum sem almennur slapp-leiki ásamt verk í baki. Hann ræddi við lækni á Ísafirði sem hvatti hann til að fara oftar út að ganga þrátt fyrir að röntgenmynd sýndi stórt æxli hjá vinstra lungu. Fljótlega fór svo að draga vel af honum og á endanum dró ég hann aftur til lækna. Þá vorum við flutt til Keflavíkur og í ljós

kom 10 sinnum 17 sentimetra stórt æxli við lunga. Þarna hófst skiljanlega mikill rússíbani og þá fyrst og fremst við það að halda uppi fimm manna fjölskyldu á floti í glænýju bæjarfélagi þar sem við þekktum ekki sálu. Jón var mikið á sjúkrahúsi og ég reyndi að skipta mér á milli þess að sinna honum og vera til staðar fyrir börnin. Skiljanlega komst ég ekki sjálf í vinnu á þessum tíma enda 300% álag að halda öllu á réttum stað. Það er þó eins og Jón hafi ekki gert sér fullkomlega grein fyrir alvarleika veikinda sinna því hann sinnti náminu allan tímann af mikilli hörku. Honum fannst hann aldrei geta hætt því þá hefðum við enga framfarirslu. Hann fór í fjórar lyfjameðferðir sem gengu nánast frá honum og í þeirri síðustu vorum við hársbreidd frá því að missa hann. Hann varð mjög veikur og endaði á gjörgæslu.“

Barnshafandi eftir steindauðan krabbameinssjúkling

Eftir að hafa lokið námi frá Keili í tækni-fræði hóf Jón Þór störf hjá tækniþjónustu SÁ í Keflavík hann hefur þó verið mikið frá vinnu síðan Guðný fékk brjós-klosið og segir hún undanfarna mánuði hafa verið

erfiða. „Ég ætlaði að byrja að vinna í september á síðasta ári, en vegna álags hefur sá tími alltaf lengst sem ég er heima. Auðvitað hefur þetta tekið á fjárhagslega séð, en við höfum passað að börnin skorti ekki neitt. Vissulega fá þau ekki allt heldur en þau eiga góðar ömmur og afa sem bjarga stórum þörfum eins og gleraugum og öðru slíku. Það erum við sem erum oftast mest til hliðar og þá aðallega ég sem fer helst ekki til lækna, og bara það að fara til tannlækna er á algjörum munaðarlista hjá mér.“

Eins og fram hefur komið er fjölskyldan stór, en fyrir átti Guðný tvö börn sem Jón Þór tók frá fyrstu kynnum sem sínum eigin. Fljótlega bættust svo þrjú fleiri í hópinn. „Við kynntumst í lok janúar 2009 á þorablóti á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Það gekk strax rosalega vel hjá okkur en það er ekki sjálfgefið að kynnast konu og tveimur fjörkálfum í leiðinni þótt það hafi í okkar tilfelli gengið upp. Tveimur árum síðar fæddist svo fyrsta barnið okkar, en árið eftir greindist Jón með krabbameinið. Í kjölfarið fórum við í sæðisbankann til að halda öllum möguleikum opnum. Í skoðun, eftir að lyfjameðferðum lauk, kom í ljós að allar



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.




OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





„Drengurinn okkar fæddist svo í ágúst 2015 og var tekinn með keisara. Í kjölfarið lét ég taka mig úr sambandi. Haustið, ári síðar fann ég aftur fyrir slappleika sem endaði með jákvæðu þungunarprófi. Þá var ég ófrísk að fimmta barninu sem var auðvitað gjörsamlega galin tilhugsun í ljósi þess að við áttum alls ekki að geta eignast barn. Hann með dauðar sáðfrumur og ég búin að láta fjarlægja báða eggjaleiðara.“

sæðisfrumurnar hans voru dauðar og þar með misstum við trúna á að frekari barn eignir væru hugsanlegur draumur. Sumarið 2014 varð ég svo mjög veik en grun- aði ekki neitt. Eftir að hafa þrjúskast við í töliverðan tíma endaði ég uppi á bráð- mótöku þar sem í ljós kom að ég var með sprunginn eggjaleiðara og þjáðist af miklum blóðmissi. Ég var drifin í aðgerð og þá kom í ljós að ég var barnshafandi, sem átti alls ekki að vera hægt. Í öllum hamagangin- um hélt ég þó fast í húmorinn sem í raun lýsir okkar sambandi svo vel. Ég tilkynnti hjúkrunarfræðingum og læknum það há- tíðlega að ég gæti alls ekki verið ófrísk enda væri karlinn steindauður krabbameins- sjúklingur og hló mikið. Stuttu síðar fékk ég að hringja í Jón og sagði honum að ég væri ófrísk, án þess að hika spurði hann í kjölfarið: „Og hver er þá pabbinn?“ Aftur myndaðist þrjúgandi þögn í sjúkrah- berginu, en sem betur fer var þarna hjúkka sem þekkti til okkar og tilkynnti restinni af starfsfólkinu að við værum að grínast og þetta væri einfaldlega okkar húmor. Auð- vitað vorum við himinlifandi að við ættum von á barni og mikil gæfa að eitthvað væri enn á lífi í sæðisbúri míns manns.“

Annar keisarasonur kemur í heiminn

Á jóladag, sama ár, varð Guðný fyrir því óláni að þríökklabrjóta sig ásamt því að slíta liðband og taka ökklaun úr lið. Hún hafði þá verið á leið að sækja hrút og setja hjá nokkrum rollum sem hún átti. „Daginn eftir fór ég í aðgerð, mig verkjaði mjög og ældi stöðugt. Nokkrum dögum síðar fannst mér þessi uppköst heldur langdreg- in en þarna kom í ljós að ég var aftur orðin ófrísk. Drengurinn okkar fæddist svo í

ágúst 2015 og var tekinn með keisara. Í kjölfarið lét ég taka mig úr sambandi. Haustið, ári síðar, fann ég aftur fyrir slapp- leika sem endaði með jákvæðu þungunar- prófi. Þá var ég ófrísk að fimmta barninu sem var auðvitað gjörsamlega galin til- hugsun í ljósi þess að við áttum alls ekki að geta eignast barn. Hann með dauðar sáð- frumur og ég búin að láta fjarlægja báða eggjaleiðara. Í júní 2017 kom svo annar keisarasonur í heiminn en hann reyndist vera með hjartagalla og vökva í lungum. Við dvöldum því á vökudeild í fimm sólar- hringa, en honum vegnar vel í dag.“

Elsti drengur þeirra hjóna greindist með dæmigerða einhverfu og segir Guðný ferlið hafa gengið erfiðlega. „Við fundum fljótt að hann fylgdi engu „normi“ ef svo má segja. Við fluttum hann til á leikskóla enda sótt- um við stíft að hann fengi betri þjálfun sem ekki var til staðar á þeim fyrri. Það tók allt saman langan tíma, en þetta tók sömuleið- is mikið á taugarnar. Allt svona fellur líka undir að vera mín deild enda er nóg fyrir manninn minn að komast í gegnum sinn dag og sína vinnu, orka hans nær ekki lengra en það. Drengurinn okkar greindist að lokum með dæmigerða einhverfu með miklu þroskamisræmi ásamt því að vera með ADHD. Okkur fór svo að gruna að eitthvað væri að þeim yngsta þegar hann var rétt nokkurra mánaða og því hafði ég undirbúið allt mjög vel þegar hann hóf

sína leikskólagöngu síðasta haust. Hann er nú þegar kominn í ferli og skorar mjög hátt um að eitthvað sé að en hann þarf mikla þjálfun og er þegar farinn að fá hana.“

Kveiki á kerti fyrir hana

Fimmtán mánuðir eru nú síðan systir Guð- nýjar laut í lægra haldi fyrir krabbameins- púkanum en hún greindist með sortu- æxli ári fyrir dauða sinn. „Við vorum miklu meira en bara systur. Við vissum allt um hvor aðra. Við töludum til að mynda alltaf saman meðan við sinntum húsverkunum og í dag kveiki ég alltaf á kertinu henn- ar meðan ég brýt saman þvottinn. Hún var einungis 39 ára þegar hún féll frá og var móðir þrjúggja barna. Það þekkti mig enginn eins vel og hún, enda var hún alltaf til staðar og sú manneskja sem hvatti mig í gegnum erfiðustu unglingsárin. Hún var ein af fáum sem hrósuðu mér og leit mik- ið upp til mín þótt ég væri litla systir henn- ar. Ég hef aldrei kunnað að taka hrósi. Við erum þrjár systurnar, en hin er sjö árum yngri en ég. Við eigum auðvitað gott sam- band, en við tölum ekki eins mikið saman. Hún er mun nánari mömmu meðan við eldri höfðum hvor aðra.“

Hestarnir passa upp á heilsuna

Framundan er tími endurhæfingar og segist Guðný taka honum fagnandi. „Mig langar auðvitað bara að komast á ról og

Hann fór í fjórar lyfjameðferðir sem gengu nánast frá honum og í þeirri síðustu vorum við hárs- breidd frá því að missa hann

vonandi heim sem fyrst, enda verið fjarri heimilinu í rúman mánuð. Endurhæfingin á svo eftir að taka nokkra mánuði en von- andi geng ég óstudd og fín inn í sumarið. Jóni fer líka vonandi að batna og geta mætt í vinnu, þá réttist kúturinn af. Sjálf stefni ég á vinnumarkaðinn með haustinu. Það sem heldur mér réttum megin við geðheilsu- örkin eru auðvitað hestarnir mínir sem ég reyni að lækka kostnaðinn við með því að leigja bása og moka fyrir aðra. Það er það sem hefur haldið mér og minni geðheilsu í lagi undanfarin ár. Einn daginn mun ég svo geta safnað mér fyrir tannlæknakost- aði líka.“

Áhyggjum sínum af COVID-19 lýsti Guðný nýverið á netmiðli sínum en skilj- anlega eru þau hjónin í áhættuhópi vegna veirunnar. „Jón var ekki smitaður af inflú- ensu á sínum tíma en allt svona hefur verið á mínum herðum. Sorgin eftir dauða systur minnar var því yfirsterkeri en að huga að svona málum en Jóni hefur sjálfum aldrei fundist hann nógu veikur til að panta sér tíma. Eftir að lækarnir tilkynntu honum að æxlið væri sofandi hefur hann ekki þurft að vita meira, hann veit bara að hann sé ekki að deyta úr krabbameini og það nægir honum. Hann skilur samt ekki alvarleika þess að vera með þindarlómum og aðeins eitt starfandi lunga. Mér er mikið í mun að fólk geri sér grein fyrir þeirri hættu sem steðjar að veikburða fólki í þessu sambengi og virði það að leggjast í sóttkví. Þeir sem eru veikir fyrir eiga líka rétt á að lifa. Börn- in mín eiga rétt á því að mamma þeirra og pabbi séu á lífi. Mér finnst líka mikil- vægt að fólk sýni aðgát, sérstaklega þeir sem koma frá stöðum þar sem mikið hef- ur verið um smit því ef við hægjum ekki á útbreiðslu springur kerfið okkar, og það er nú þegar við það að springa. Miðað við alla tölfræði munu þrjú þúsund manns deyja hér á landi og þetta er allt fólkid okkar sem er veikt fyrir. Aldraðir, sjúklingar og börn með undirliggjandi sjúkdóma ásamt auð- vitað nýfæddu börnunum sem eru alveg varnarlaus gagnvart þessu. Því bið ég fólk einlæglega að sýna aðgát.“ ■

Spáð í stjörnuunnar

Afmælisbörn vikunnar

- 8. mars Siggí Hlö útvarpsmaður, 52 ára
- 10. mars Ágúst Ólafur Ágústsson stjórnmálamaður, 43 ára
- 11. mars Helena Sverrisdóttir körfuknattleikskona, 32 ára
- 12. mars Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Miðflokksins, 45 ára
- 13. mars Jón Þór Ólafsson stjórnmálamaður, 43 ára
- 14. mars Guðbjörg Matthíasdóttir útgerðarkona, 68 ára
- 14. mars Helga Vala Helgadóttir stjórnmálakona, 48 ára

Lesið í tarot Rannveigar Rist

Ekki hlaupa af stað

Rannveig Rist, forstjóri ISAL í Straumsvík, tilkynnti fyrir stuttu að hún væri farin í veikindaleyfi fram á haust að ráði hjartalæknis. DV ákvað því að lesa í tarotspil Rannveigar, en lesendum er bent á að þeir geta dregið sín eigin tarotspil á vef DV.

Mikil sköpun

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Rannveigu er Sólin. Það er bjart yfir Rannveigu eftir að hún tók þá stóru ákvörðun að hvíla sig í nokkra mánuði. Í einkalífi hennar ríkir mikil gleði vegna þessa. Það góða við Rannveigu er að hún kann að hlusta á sjálfnið og hefur ávallt hugað vel að jafnvægi sínu. Hún er mjög meðvituð um að heimilislífið hrynur, sem og samband við vini, ef hún hugsar ekki vel um sig. Í fríinu nær hún að endurheimta orkuna og einkennir mikil sköpun þetta veikindaleyfi. Hún endurnýjar kynni við áhugamál sín og lætur drauma verða að veruleika.


Kraftmikil manneskja

Næst er það Sverðkonungur. Hann táknar manneskju í lífi Rannveigar sem er vel gefin og nýtur þess að stjórna. Þessi manneskja er líka sjálfstæð, uppfinningasöm og nýjungagjörn. Hún er afar metnaðarfull og vegnar vel í því

starfi sem hún er í. Þessi manneskja er náin Rannveigu og mun reynast henni vel í veikindaleyfinu og býr yfir miklum krafti og hjálpar Rannveigu í nýju viðskiptatækifæri.

Njóttu kyrrðarinnar

Loks er það Myntriddarinn. Hér eru á ferð skilaboð til Rannveigar. Mjög mikilvæg skilaboð. Þótt henni finnist hún ekkert hafa að gera í leyfinu þá hefur hún samt í nægu að snúast við að slaka á og virkja sína innri líðan. Njóta kyrrðarinnar. Þótt hugurinn leiti í ný verkefni með Sverðkonunginum þá verður hún að staldra við og bíða með allar stórar ákvarðanir. Árangurinn sem hún sækist eftir næst á endanum. Fyrst þarf henni að líða vel og temja sér þolinmæði. ■



Listabarn væntanlegt - Svona eiga foreldrarnir saman

Leik- og söngkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir og trommuleikarinn Hallgrímur Jón Hallgrímsson eiga von á sínu fyrsta barni saman, en fyrir á Hallgrímur einn uppkominn son. DV ákvað því að lesa í stjórnumerkin og athuga hvernig þau Katrín og Hallgrímur eiga saman.

Katrín Halldóra er krabbi en Hallgrímur er tvíbur. Samband þessara tveggja merkja getur orðið afar áhugavert. Krabbinn er mjög viðkvæmur og tilfinninganæmur og á stundum erfitt með að eiga samskipti á skýran máta. Það er hins vegar ekki vandamál hjá tvíburum sem segja nákvæmlega það sem þeir hugsa. Það hvetur krabbann til að koma út úr skelinni og getur hann haft róandi áhrif á æstan tvíburann.

Krabbinn og tvíburinn horfa á heiminn á gerólíkan hátt. Ef virðing þeirra er gagnkvæm ná þau að skilja hvort annað á mjög djúpan og einstakan hátt.

Heimkæri krabbinn dekrar við tvíburann. Þá er krabbinn með mikið og gott innsæi en þarf mikla ást og umhyggju frá maka sínum. Ef tvíburinn veitir krabbanum ekki þá hlýju geta vandamál skapast í sambandinu. Mestu skiptir þó að krabbinn ná að tjá tilfinningar sínar, því tvíburinn á það til að verða afbrýðisamur og lesa of mikið í aðstæður.



Katrín Halldóra
Fædd: 4. júlí 1989
Krabbi
■ uppátækjasöm
■ hlý
■ traust
■ tilfinninganæm
■ skapstór
■ óörugg

Hallgrímur
Fæddur: 20. júní 1976
Tvíbur
■ forvitinn
■ með mikla aðlögunarhæfni
■ fljótur að læra
■ skipulagður
■ taugaóstyrkur
■ ákvarðanafællinn

Stjörnuþspá vikunnar Gildir 8. – 14. mars



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Það er einhver valdabarátta á vinnustað þínum á milli þín og annarrar manneskju og þú ætlar sko ekki að láta undan, sama hvað það kostar. Mundu samt að sýna skynsemi því oft vægir sá er vitið hefur meira. Það er auðvelt að binda enda á þessa baráttu ef þið hættið að metast og vinnid frekar saman.



Vog - 23. sept.–22. október

Það er auðvelt að kenna öðrum um þína eigin óhamingju en erfiðara er að horfast í augu við að þú eigir hlut að máli. Þú hefur loksins fundið beintengingu í þínum eigin tilfinningar og gerir upp ýmislegt í fortíðinni sem er nauðsynlegt að gera upp. Dökkt ský hefur umlukið þig, en nú hverfur það á braut, smátt og smátt.



Naut - 20. apríl–20. maí

Þú þarft að vera sérstaklega vel vakandi fyrir smáatriðum þessa vikuna, kæra naut. Einfaldlega vegna þess að ef þú missir sjónar á mikilvægu máli þá getur það blásið upp og sprungið í andlitið á þér. Þá er líkaminn einnig að reyna að segja þér eitthvað og þú skalt hlusta vel á alls kyns verki og eymsli.



Sporðreki - 23. október–21. nóvember

Þú þarft að forgangsráða því þú getur ekki verið allt í öllu. Þetta gífurlega álag mun einungis koma illa niður á þér fyrr en síðar og það er mikilvægt að þú takir nokkur skref aftur á bak og ákveðir hvað skiptir mestu máli. Þú þarft í raun bara að svara einni spurningu: Hvað veitir þér mesta lífshamingju?



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Það er mikill losti innra með þér og þú þarft að fá útrás fyrir hann. Þú skalt samt fara varlega í að treysta hverjum sem er til að losa um spennu með ef þú ert einhleyp/ur. Það sama á við ef þú ert að spá í fjárfestingar. Ekki treysta hverjum sem er og kafaðu vel ofan í málin áður en þú lætur slag standa.



Bogmaður - 22. nóvember–21. desember

Þú þarft hugsanlega að taka stóra ákvörðun fyrir hluta vikunnar sem tengist miklum peningum. Þú skalt því fara vel yfir fjármál þín og virkilega íhuga hvort þú getir séð af svo miklu fé og hvort það muni borga sig. Þetta er ákvörðun sem þú ein/n getur tekið, en gott er að leita ráða hjá fjármálalæsum vinum.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú ætlar að demba þér út úr þægindarmannum og kannu villtu hliðina þína. Eitt skaltu þó hafa hugfast, þótt það sé alltaf gaman að öggra sjálfum sér – hugsaðu aðeins út í afleiðingar gjörða þinna og hvernig þær koma við þína nánustu. Auðvitað ert þú í fyrsta sæti, en það er ekki gott að særa aðra með framhlypni.



Steingeit - 22. desember–19. janúar

Þú þarft að setja ákveðnum ættingja skýr mörk og ekki láta vaða yfir þig eða segja eitthvað sem þú meinar ekki eða vilt ekki. Þessi ættingi hefur gengið á þig og látið þig heyra um öll heimsins vandamál. Nú þarft þú að grípa í taumana og koma þessum ættingja til þartilgerðra ráðgjafa.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú ert órlát/ur að edlisfari og þar verður engin breyting á þessa vikuna. Órlæti er ekki alltaf fólgið í peningum og þú gefur svo mikið af þér tilfinningalega að það kemur niður á tilfinningalífi þínu. Þú hefur verið óviss um ákveðna manneskju sem stendur þér nærri um nokkurn tíma og færð grunsemdir þínar staðfestar í vikunni.



Vatnsberi - 20. janúar–18. febrúar

Þú átt í einhverjum samskiptaörðugleikum við nágranna, vini eða samstarfsfélaga. Þú þarft að passa þig á að vera ekki dregin/n inn í aðstæður sem varða þig ekki. Það getur reynst þér dýrkeypt að skipta þér af þessum máli sem geta auðveldlega breyst í hatramma deilu.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Þú færð nýjan kraft í vikunni og það var fyrir löngu kominn tími til. Þú hefur verið að vanmeta sjálfa/n þig og tala niður til þín um nokkra hríð. Nú einsetur þú þér hins vegar að fá aftur trú á þér sjálfri/sjálfum og einbeita þér að því að gera það sem veitir þér gleði. Ut með stress og leiðindi – inn með hamingjuna!



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Þú ákveður að brjóta odd af oflæti þínu og grafa stríðsöxina í máli sem hefur reynt mikið á þig. Þannig endurheimtir þú kærán vin sem þú hefur saknað, ó, svo mikið. Þetta mál situr samt sem áður í þér og þú gleymir ekki alveg strax en kemst að því að vináttan var dýrmætari en þetta þvaður.


HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Helgarkrossgátan

																						
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bannað	↓	sansa	krossgátugerð: Bjarní sími: 8452510	líkamshluti	skáld verktæri	7		áhalð	náð brall í bauk													
aðkastið			2																			
	↓		fugl eyða					áraun lúka														
eldsneyti				4 eins stía					sprell													útlím
	3	mjakaði stuldi			kusk			þoka átakið														
þjóð					sakka	fum 2 eins																þel
mann			ákafir hristi						varðandi													
til				ym ágóði			2 eins		hæmir	4												spendýrið
tjargað						hlutverk til		5														
		keyrði lagður			tæmda ættlinginn																	1
happið						vinnusama geta																
2 eins			fiskana blossi																			agi
slæmri						horfin ratar																
	kvendýr	pen		þrjónn maður			9	flutti	brask													kátína
pysjuna						fyrirhöfn líkams- vefur																
beð					vikur kvendýr																	keyri
2 eins				líkamshluti																		gróp
egndir						saumur																

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		3	5	6		4	7	
			3	4	2			1
	2		1	9	7			
4	3				6	8	1	
2		6	8				9	
9					3		6	
			6		5	1	2	3
	5	8			9	7		
		2		3	4	5		

Erfið

5	3		2			9		
				3		2		5
	2		9			6	3	
	1		6		3	7		
4				5				
9						3		7
	8			6			9	
		4	8					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurfinna Kristjánsdóttir

Lausnarorðið var **ÆDISLEGT**

Sigurfinna hlýtur að launum bókina Hvað er í matinn?



Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn Peysubókin

Í Peysubókinni eru 40 fjölbreyttar uppskriftir að peysum fyrir konur, karla og börn sem henta bæði þeim sem eru vanir að þrjóna og hinum sem hafa minni reynslu af þrjónaskap. Peysurnar eru byggðar á norskum munstrum og uppskriftum frá ýmsum tímum. Sumar eru trúar uppruna sínum en aðrar hafa verið hannaðar upp á nýtt fyrir nýja kynslóð.

Höfundar bókanna eru þekktir í heimalöndum sínum. Lene Holme Samsøe er þrjónahönnuður og hefur gefið út fjölmargar vinsælar þrjónabækur í Danmörku. Liv Sandvik Jakobsen er blaðamaður og ljósmyndari í Noregi.

HÖFUNDAR: LENE HOLME SAMSOE, LIV SANDVIK JAKOBSEN

FERMINGARGJÖFIN Í ÁR?

ARC-TIC ICELAND ÚR



ARC-TIC ICELAND RETRO ÚRIN FRÁ GILBERT ÚRSMÍÐ ERU GLÆSILEG GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI FYRIR BÆÐI DÖMUR OG HERRA.

RETRO ÚR MEÐ LEDURÓL
29.900,-

HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA OG HEFUR ÚRVALIÐ ALDREI VERIÐ MEIRA EN NÚ.



RETRO ÚR MEÐ STÁLÓL
34.900,-



RETRO ÚR MEÐ LEDURÓL
29.900,-



IMT 200 METRA VATNSHELT
ÚR MEÐ GÚMMÍÓL
39.900,-



ARC-TIC
ICELAND
www.arc-tic.is

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551 4100
www.gilbert.is

Barnastund símfóníuhljómsveitarinnar

S P A J L H X Y I P V Ú T H N
 A I O W A M Q F O T L F S V A
 C F P R T N F O W F W F I S T
 J W P Y G W E X U C U P L J U
 R A G U E E K R Y S K P N K A
 H P O B W K I F Ú W Z X Ó E L
 Z V Z H V N Ó M X C D Z T P F
 X I Z F N F I A S N A D V D A
 N D X W D X M Ú S Í K Ú S A R
 R O R O A L O V Y U D G T P F
 D P R M M G A D J I E R G Z Ö
 I É P D U E Y G N F F C R H T
 M T X K U Q N T B Z H D J U B
 M U O I Q R A N U T M M E K S
 A R L Y Q V L K I H G R R J F
 L G Z W A W G J F N M D Z N M
 I V G N F J O A Ó C G G K H B
 M G A I B A R N A S T U N D F
 M V P D F E D K X R B L R B I

BARNASTUND

DANSA

DIMMALIMM

HARPA

MAXIMÚS

MENNING

MÚSÍKÚS

NORDURLJÓS

PÉTUR

SKEMMTUN

SVANAVATNID

TÓNLIST

TÖFRAFLAUTAN

ÓKEYPIS

ÚLFURINN

Barnastund Sinfóníunnar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



LED húsnúmer geta bjargað lífum!

Hefur þú einhverntíma keyrt tvisvar sinnum framhjá húsi sem þú varst að leita að af því að það var svo illa merkt, jafnvel alveg ómerkt? Það er enginn vafi á að hús eru mun verr merkt í dag en þau voru hér áður fyrr.

Hagur allra að húsið sé vel merkt
Það er líkt og einhver tíska hafi komist

í landann að eyða ekki tíma eða fjármunum í merkingar, tíska sem hefur ekki náð að vinna nægilega vel gegn. Því það geta flestir verið sammála um að vel merkt hús eru grundvöllur þess að það sé auðvelt að rata. Ekki síst þegar kemur að því að panta leigubíl eða biðja um sjúkrahil. Það segir sig sjálfst að það er í hag sérhvers manns að húsið hans sé vel merkt.

Sérsmíðuð LED-húsnúmer
LED-húsnúmer er fyrirtaks lausn á þessu vandamáli. „Skiltin eru upplýst þannig að húsnúmerið sést úr töluvert meiri fjarlægð en á hefðbundnum skiltum. Svo skemmir alls ekki fyrir hvað skiltin eru flott. Ég sérsmíða LED-ljósaskilti út frá óskum viðskiptavinarins. Ég geri bæði lítil skilti og stór skilti sem henta t.d. íbúðarhúsum og blokkum.

Einnig er hægt að hafa nafnið á götunni með og húsnúmerið í tölum eða stafsett,” segir Böðvar Sigurðsson.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni LED Húsnúmer
Sími: 775-6080
Netpóstur: ledhusnumer1@gmail.com

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

FRÆGIR ÍSLENDINGAR MEÐ FRÆGARI STORSTJÖRNUM

■ Litlir fiskar í stórrí tjörn ■ Þekktir Íslendingar með stjörnuhlampa í augum

Ofit kemur það fyrir að íslenskar stjórnur fái stjörnuhlampa í augum. Þetta kallast á góðri ensku að vera „starstruck“, en hér má sjá prýðisdæmi um myndir sem hefur verið dreift um veraldarvefinn, þar sem okkar frægustu Íslendingar sjást í hópi heimsfrægra listamanna.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



BÓNORÐ TIL BILL

Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** birti mynd af sér á Facebook sumarið 2018 þar sem hún sagðist hafa fundið nýjan kærasta. Á myndinni sást hún með engum öðrum en gamanleikaranum **Bill Murray**. Hann var hér á vegum Listahátíðar Reykjavíkur og kom fram á New Worlds-tónleikum í Hörpu, þar sem Edda var einnig stódd. Að sögn leikkonunnar gekk hún að Murray og sagði við hann þessi fleygu orð: „Hi, I love you, will you marry me, or should I say Murray me?“



BODINN Í MAT HJÁ HASARKÓNGINUM

Hafþór Júlíus Björnsson, eða Fjallið eins og hann er kallaður, vann eitt sterkasta aflraunamót heims árið 2018 þegar að hann bar sigur úr býtum á Arnold Strongman Classic í Bandaríkjunum. Í kjölfar sigursins var Hafþór beðinn um að fljúga til Kaliforníu til að safna fé fyrir slökkviliðsmenn. **Arnold Schwarzenegger** stóð fyrir fjáröfluninni og bauð Fjallinu í mat og UFC-áhorf á heimili sínu. Það hljómar ekki eins og amaleg saga.



Áhrifavaldurinn **Sunneva Einarsdóttir** hefur notið mikilla vinsælda á Instagram og ætti að vera mörgum kunn sem hafa fylgst með Vikunni á Instagram í hverri viku á DV.is. Í apríl 2018 var Sunneva stódd á veitingastaðnum Planet Hollywood í Las Vegas á vegum snyrtivöru merkisins Inglot. Stórstjarnan **Jennifer Lopez** hannaði snyrtivöru línu í samstarfi við fyrirtækið sem er væntanleg á markað. Sunneva nýtti tækifærið og birti mynd af sér með Lopez og sagði í meðfylgjandi færslu að hún kæmist ekki yfir það hve fullkomin stjarnan væri.



Í FULLU FJÖRI

Sölvi Fannar Vidarsson, heilsuráðgjafi, framleiðandi og einkaþjálfari, er öllu vanur en hann stóðst ekki mátið og lét smella af einni góðri ljósmynd af sér og gamanleikaranum **Chris Tucker**. Þeir félagar voru staddir í partíu á kvikmyndahátíðinni í Cannes á síðasta ári. Sölvi fullyrti í samtali við DV á sínum tíma að Tucker væri hinn viðkunnanlegasti maður og kvöldið hefði verið skrautlegt og meira til.



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

Kvikmyndagerðarmaðurinn og leikarinn **Baltasar Kormákur** hefur komið víða við þeim bransa. Árið 2015, á svipuðum tíma og hann vann að stórmyndinni Everest, náðist mynd af honum þar sem hann var heldur betur í flottum félags-

skap. Eins og sjá má prýðir hann rammann ásamt viðfrægu leikstjórnunum **Guillermo Del Toro**, **M. Night Shyamalan** og ofurframleiðandanum **Jason Blum**. Þetta hefur verið gott teiti.



Í FAÐMI OFURHETJU

Elísabet Ronaldsdóttir, sem víða er talin einn besti kvikmyndaklippari landsins, datt í lúkkupottinn þegar hún fékk tækifæri til að klippa framhaldsmyndina um **Deadpool**, ofurhetjuna sívinsælu með sorakjafinn. Elísabet myndaði góð tengsl við aðalleikarann, sjálfan **Ryan Reynolds**, og gaf það ýmis tækifæri til góðra ljósmynda. Sú hressilegasta er án efa myndin af Elísabetu þar sem Reynolds stillir sér upp með henni í búningnum góða.



TÓK LAGIÐ MEÐ TOM JONES

Söngkonan **Anna Mjöll** hefur oft komið fram á skemmtistaðnum **Vibrato's** í **Bel Air** í **Los Angeles** en heimildir herma að staðurinn sé í gríðarlegu uppáhaldi hjá henni. Í janúar árið 2010 var mikið tilefni til fögnuðar þar sem hún deildi sviðinu með söngstjórnunni **Tom Jones**. Anna var að skemmta og tók eftir Jones, sem þá hélt upp á sjötugsafmæli sitt, og stóðst ekki þá freistingu að bjóða honum upp á sviðið. Hann var ekki lengi að slá til og tóku þau saman lagið **When I Fall in Love**.

zonníc®

Virkar á
1 mínútu



Zonníc pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

YFIRHEYRSLAN

Upphífgakeppni við Skúla Mogensen

Ingi Hrafn Hilmarsson, leikari, leikstjóri og náttúrusinni, lauk nýverið tökum á amerískri bíómynd sem er norræn útgáfa af Beauty and the Beast þar sem Ingi Hrafn fór með hlutverk Dýrsins. Hann hefur starfað við allar hliðar leiklistar, allt frá því að framleiða barnaefni, leikstýra menntskælingum og leika sjálfur í kvikmyndum og auglýsingum. Ingi Hrafn er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Í faðmi fjölskyldunnar.

Hvað óttastu mest?

Hvað lífið líður hratt.

Hvert er þitt mesta afrek?

Að eignast börnin mín þótt ég hafi ekki þurft að gera mikið meðan á fæðingunni stóð.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Leiklistin býður upp á mörg furðuleg störf. Ég var einu sinni ráðinn til þess að leika klaufalegan þjón á jólahlaðborði WOW air. Til að gera langa sögu stutta endaði ég í keppni í upphífgum við Skúla Mogensen. Í kjölfarið var ég ráðinn sem flugþjónn hjá félaginu og vann þar næstu fjögur árin. Í þeirri vinnu lenti ég svo í ýmsu skemmtilegu og á sama tíma furðulegu.

Hvernig væri bjórinn Ingi Hrafn?

Hann lítur vel út í glasi, er léttur, samt bragðgóður og á vel við öll tilefni.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

EKKI vera hræddur við að gera mistök. Þau gera allir. Þess vegna er strokleður á öllum blýöntum.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Það er klárlega að brjóta saman þvott.

Besta bíómynd allra tíma?

Það eru svo margar bíómyndir sem koma til greina. Ég hef alltaf haft gaman af ævintýra myndum eins og Lord of the Rings. Svo finnst mér líka franskir kvikmyndir oft frábærar eins og Intouchables, Le Petit Nicolas og Amélie.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Mig hefur alltaf langað til að vera góður í fimleikum. Hversu magnað er að geta gert þrefalt heljarstökk með skrúfu. Gengið svo pollrólegur í burtu eins og það hafi ekkert gerst. Plús það að þú ert alltaf í geggjúðu líkamlegu formi og það er bara eitthvað ofurhetjulegt við fimleika.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Mér finnst ég alltaf vera að taka skemmtilega áhættu þegar ég bý til og set upp leiksýningar. Margt sem þarf að hugsa um og hvort verkefnið gangi upp. Sem það gerir nú samt oftast.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Hann Einar, frændi minn.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Að borða skyndibita. Ég er alltaf á leiðinni í ræktina og að taka mataræðið í gegn, en það gengur hægt.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég er að leikstýra söngleiknum Grease sem Leikfélag Borgarholtsskóla er að sýna um þessar mundir, en þetta er búið að vera mjög skemmtilegt ferli og frábærir krakkar. Þess á milli nýt ég þess að vera heima með tíu mánaða snáðann minn.

Ingi Hrafn
Hilmarsson

Ekki kvefast í vetur

PreCold® munnúði dregur úr særindum í hálsi og stytir kveftímann



PreCold dregur úr notkun lyfja sem slá á einkennum kvefs. PreCold myndar verndarhjúp í munnholi og koki sem samanstendur af þorskensími (trypsíni) og glýseróli.

PreCold munnúðinn er auðveldur í notkun og hefur skjóta verkun. **Hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.**

Notkun og skammtar:

2 úðar í munnhol á 2ja tíma fresti.

Byrjaðu að nota PreCold munnúðann um leið og þú finnur fyrir fyrstu einkennum kvefs. Haltu áfram notkun uns einkennum eru horfin.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og í Saga Shop - www.precold.is



Nýjar
umbúðir


ZYMETECH





Falinn kraftur

Það ríkir mikil spennu meðal íslenskra Eurovision-áðdáenda fyrir keppninni í ár, enda er Daða Frey og Gagnamagninu spáð sigri í flestum veðbönkum með lagið Think About Things. Á internetinu má sjá Daða ausinn lofi af ýmsum Eurovision-sérfræðingum. Á vefsíðunni Eurovision Lemurs er hins vegar bent á lykil að velgengni lagsins, sem kannski einhverjir hafa ekki kveikt á. „Falinn kraftur Think About Things liggur í hæfileikum bakraddasöngkvennanna Huldu Kristínar Kolbrúnardóttur og systur Daða, Sigrúnar Birnu Pétursdóttur,“ skrifar Eurovision-spekúlantinn. „Þær bæta fagmannlegum blæ á lagið og taka miðskóla-hæfileikakeppna atriðið upp á hærra plan.“



Ástin innsigliuð

Selma Ragnarsdóttir, klæðskeri og kjóla-meistari, og Jón Björn Ríkharðsson, tónlistarmaður og bakari, opinberuðu ástarsamband sitt seint á síðasta ári. Ástin hefur svo sannarlega blómstrað því í byrjun þessa mánaðar tilkynntu þau á Facebook að þau væru búin að trúlofa sig. Hringarnir einstakir eins og parið sem hamingjuóskum rignir nú yfir.



Heiðrar móður sína með heimildamynd

Clara Lemaire Anspach, dóttir kvikmyndagerðarkonunnar Sólveigar Anspach, á ekki í langt að sækja hæfileika sína en um þessar mundir vinnur hún hörðum höndum að heimildamynd um móður sína.

Heimildamyndin heitir Sólveig mín og segir í henni frá ferli og ævi Sólveigar. Leikstýran sáluga sérhæfði sig í heimildamyndagerð framan af ferlinum en sneri sér svo í auknum mæli að leiknum myndum. Meðal mynda

hennar eru „Haut les cœurs“, Nakin Lulu og Stormviðri sem var valin til þátttöku á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2003.

Reiknað er með frumsýningu heimildamyndarinnar síðar á þessu ári en Clara vinnur að myndinni ásamt Körnu Sigurðardóttur. Þau Ingvar E. Sigurðsson, Didda Jónsdóttir og Óttarr Proppé eru á meðal þeirra sem skjóta upp kollinum í myndinni, en verkið er klippt af Elísabetu Ronaldsdóttur, sem hefur gert garðinn frægan í Hollywood síðastliðin ár.



PENZIM®

GEL & LOTION

Fer sprittið illa með hendurnar?

PENZÍM húðáburður er græðandi og rakagefandi og dregur úr kláða og óþægindum vegna þurrks



Notist 2-3 sinnum á dag eða eftir þörfum.
PENZIM er fyrir alla fjölskylduna.
Hrein íslensk húðvara sem þú getur treyst.

PENZIM í 20 ár

Inniheldur náttúruleg sjávarensím, trypsín (Penzyme®), engin rotvarnar- eða ilmefni, olíu eða fitu.
PENZIM® er einkaleyfisvarin íslensk uppfinning sem byggir á áratuga rannsóknarstarfi.



Fæst í apótekum, Hagkaup og víðar
Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

ZYMETECH